

24

Sinnir
draumastarfi
í sveitinni og
hugsar um börn
og kindur



28

Framtíð
skógræktar



32

Bygg, bjór
og viski



Bændablaðið

1. tölublað 2016 • Fimmtudagur 14. janúar • Blað nr. 458 • 22. árg. • Upplag 32.000

Gleðilegt nýtt ár



Hækkandi sól gægist yfir fjallsbrúnir við Breiðafjörð. Myndin var tekin 8. janúar á leiðinni af Þröskuldum niður á Þjóðveg í átt að Gilsfirði.

Mynd / HKr.

Innheimta búnaðargjalds samkvæmt lögum talin andstæð ákvæðum stjórnarskrár samkvæmt dómi héraðsdóms:

Ríkið endurgreiði Stjörnugrís 39 milljónir með vöxtum vegna álagningar búnaðargjalds

Héraðsdómur Reykjavíkur féllst í síðustu viku að mestu leyti á kröfu Stjörnugrís í máli fyrirtækisins gegn íslenska ríkinu vegna álagningar búnaðargjalds.

Samkvæmt dómnum er ráðstöfun búnaðargjalds til Bændasamtakanna, búnaðarsambanda og búgreinafélaga í tilviki Stjörnugrís ekki talin standast lög en ráðstöfun þess hluta sem rennur til Bjargráðasjóðs er hins vegar talin standast. Málið var dómtekið í Héraðsdómi Reykjavíkur 1. desember síðastliðinn.

Stefnandi gerði þá kröfu í málinu að stefndi endurgreiði honum það búnaðargjald sem á hann var lagt og innheimt af honum á árunum 2010 til 2014, samtals 51.965.882 krónur. Byggði hann kröfuna á því að álagning gjaldsins væri ólögmat auk þess sem hún bryti í bága við ákvæði stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu og ákvæði stjórnsýslulaga.

Í dómnum segir að stjórnarskrá landsins banni að maður eða lögpersóna sé skylduð til aðildar að félagi. Ákvæði stjórnarskrárinnar stendur því vörð um réttinn til að standa utan félaga. Stefnandi hefur ekki verið skyldaður til að gerast formlegur aðili að Bændasamtökum Íslands, búnaðarsambands eða búgreinafélags. Honum er hins vegar gert skylt í formi skattálagningar að greiða búnaðargjald sem að lögum er ráðstafað til þessara félaga óháð vilja



Búnaðargjald hefur verið innheimt af Stjörnugrís samkvæmt lögum sem sett voru á Alþingi árið 1997.

stefnanda til aðildar að þeim og án tillits til afstöðu hans til markmiða og áherslna í starfsemi þeirra.

Endurgreiða 39 milljónir með vöxtum

Samkvæmt dómsorði er íslenska ríkinu gert að greiða Stjörnugrís hf.



Aðalbyggingar Stjörnugrís á Kjalarnesi.

38.974.412 krónur með vöxtum. Stefnda ber að greiða stefnanda 1.500.000 krónur í málskostnað.

Kannast ekki við að vera aðili að BÍ

Í stefnunni segir að stefnandi sé hlutafélag sem var stofnað árið 1967. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess búrekstur og landbúnaður auk þess sem kaup og sala fasteigna og verðbréfa, fasteignarekstur og önnur skyld starfsemi fellur undir tilgang félagsins. Stefnandi kveðst starfrækja svínabú á nokkrum stöðum á landinu. Þar ræktar hann svín en annast jafnframt slátrun þeirra auk vinnslu og sölu á afurðunum.

Stefnandi kveðst vera aðili að Svínaræktarfélagi Íslands en

kannast hins vegar ekki við að vera aðili að Bændasamtökum Íslands. Í stefnu kemur fram að eftir því sem næst verði komist sé stefnandi aðili að Búnaðarsambandi Kjalarnesþings.

Við aðalmeðferð málsins kvað fyrirvarsmaður stefnanda sér ekki vera kunnugt um starfsemi búnaðarsambandsins og kannaðist ekki við að stefnandi væri aðili að því. Þá kom fram í máli hans að stefnandi sækti enga þjónustu til Bændasamtakanna eða búnaðarsambandsins og kannaðist ekki við að stefnandi hefði notið nokkurra réttinda frá þeim. Þá telur hann áherslur í starfsemi Bændasamtaka Íslands ekki fara saman við hagsmuni stefnanda og ganga gegn sannfæringu fyrirvarsmanna félagsins.

Stefnandi kveðst hafa greitt búnaðargjald frá setningu laga nr. 84/1997. Samkvæmt 1. gr. laganna skal innheimta sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum eins og þeir eru skilgreindir í lögnum.

Bændasamtök Íslands með dóminn í skoðun

Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segist hafa beðið lögfræðing BÍ að fara nánar yfir dóminn og taka saman helstu atriði hans.

„Búast má við því að málinu verði áfrýjað en það er í valdi atvinnuvegaráðuneytisins að ákveða slíkt eftir því sem embætti ríkislögmans tjáir mér,“ segir Sigurður. Frestur til þess er þrír mánuðir. /VH

Fréttir

Áburður lækkar

Yara og Búvís ehf. á Akureyri hafa tilkynnt um lækkun á áburði frá 12 til 15%.


Lækkunin hjá Búvís er að meðaltali 15% en fyrir einstakar tegundir allt að 19%.

Yara gaf út verðskrá 21. desember síðastliðinn þar sem kynnt var 7% verðlækkun á áburði milli ára. Nú liggja fyrir nýir samningar um innkaupsverð frá Yara sem gerir SS kleift að lækka verð á áburði enn frekar.

Eftir hækkunir undanfarinna ára á áburði til bænda hefur þeirri þróun verið snúið við.

Lækkunin er tilkomin vegna verðlækkana á heimsmarkaðsverði. Gengi Bandaríkjadollara er svipað og á sama tíma og í fyrra, en hráefnin eru keypt í þeirri mynt.

Gangi lækkunin eftir hjá öllum innflytjendum áburðar á Íslandi mun hún spara bændum allt að 500 milljónum króna við áburðarkaup sé miðað við 45.000 tonna innflutning á árinu 2016. /VH



Ekki stemning fyrir að breyta nafninu

Ekki er stemning eða áhugi á meðal heimamanna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi að breyta nafni sveitarfélagsins samkvæmt nafnakosningu sem fór fram laugardaginn 9. janúar.

Á kjörskrá voru 397. Atkvæði greiddu 209, eða 52,6 % af þeim sem voru á kjörskrá. Atkvæði féllu á þann vega að 111 kusu nafnið Skeiða- og Gnúpverjahreppur, það eru 53,11 % greiddra atkvæða. 45 kusu Bjórðingur, það gera 21,53 %, 40 kusu Bjórðingur eða 19,14 %, 8 kusu Bjórðingur. Eystribyggð fékk 2 atkvæði. Bjórðingur og Eystrihreppur fengu sitt atkvæðið hvort. Einn seðill var ógildur.

/MHH

Norðurland vestra: Mengunarvarnir færast í rétt horf

Niðurstöður eftirlitsskýrslna vegna bensinstöðva á Norðurlandi vestra sýna að ástand mengunarvarnarbúnaðar hefur færst í rétt horf.

Sigríður Hjaltadóttir heilbrigðisfulltrúi hefur tekið skýrsluna saman. Fram kemur að þar sem búnaði er ábótavant er verið að vinna að endurbótum.

Fram kemur í frétt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra að olüfyrirtækin eru að taka saman upplýsingar um aldur og ástand olüutanka auk upplýsinga um magn olüu sem flutt er um vegi á Norðurlandi vestra í tengslum við vinnu að áhættumati sem eftirlitið vinnur að. Umferðaróhöpp olüflutningstækja geta m.a. valdið mengun á vatnsbólum, laxveiðiám og öðrum viðkvæmum stöðum.

/MÞÞ



Á Hnappavöllum í Öraefum er í byggingu hótél sem byggt er úr sams konar límtréseiningum og húsið í Bergen.

Hótelið á Hnappavöllum verður opnað í vor:

Tvö hótél úr timbri

Í síðasta Bændablaði var umfjöllun um fjórtán hæða timburhús sem er verið að reisa í Bergen í Noregi. Húsið er stærsta timburhús í heimi sem hefur verið reist til þessa.

Gaman er frá því að segja að á Hnappavöllum í Öraefum er í byggingu hótél sem byggt er úr sams konar límtréseiningum og húsið í Bergen. Hótelið er samtals 120 herbergi og er fyrirhugað að opna það í vor.



Einnig stendur til að reisa

annað hótél, með hundrað herbergjum, úr sams konar límtréseiningum

við Mývatn. Fyrirhugað er að framkvæmdir þar hefjist næsta vor. /VH

Ályktað um að innheimtu búnaðargjalds skyldi hætt

— tryggja þarf leiðbeiningaþjónustu og starfsemi Bjargráðasjóðs

Í nóvember síðastliðnum ályktaði formannafundur BÍ um innheimtu búnaðargjalds á þá leið að henni skyldi hætt að því tilskildu að rekstur leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði og verkfæra Bjargráðasjóðs yrði áfram tryggður.

Stjórn BÍ og eftir atvikum samninganefnd um búvörusamninga var falið að leita samninga við stjórnvöld um hvernig staðið yrði að því að hætta innheimtu búnaðargjalds. Lagt

var til að tekjur sem komið hafa til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins af búnaðargjaldi yrðu bættar með auknu framlagi til leiðbeiningaþjónustu í rammisamningi um starfsskipti landbúnaðarins.

Jafnframt var í ályktun formannafundar hvatt til þess að ræða við stjórnvöld um hvernig starfsemi A-deildar Bjargráðasjóðs samrýmist hugmyndum stjórnvalda um nýjan og öflugan hamfarasjóð sem ætlað er að bæta tjón af völdum náttúruhamfara.

Búnaðarþing 2015

Fyrir liggur að Búnaðarþing hefur mótað stefnu um að veltu tengt félagsgjald leysi tekjur af búnaðargjaldi af hólmi hvað varðar Bændasamtökin, en aðildarfélag BÍ hafa hvert sínar áherslur um hvernig þau vilja mæta þessum

breyttu aðstæðum. Margt er enn óljóst um framhaldið eftir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Stjórnugrís hf. gegn íslenska ríkinu. Bændasamtökin munu fara yfir málið á næstu dögum og þýðingu þess fyrir samtökin og bændur landsins. Búast má við því að málinu verði áfyrjað en það er í valdi atvinnuvegaráðuneytisins að ákveða slíkt. Frestur til þess er þrír mánuðir.

/TB

Óheimilt að hafa fleiri kýr en legubása

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti staðfesti nýlega synjun Matvælastofnunar á beiðni bónda á Norðurlandi eystra sem hafði um nokkurra ára skeið haldið yfir 100 kýr í fjósi sem var hannað fyrir 92 kýr með 92 legubásam.

Í frétt á heimasíðu Mast segir að Matvælastofnun hafði ítrekað gert athugasemdir við fjölda kúa í fjósi bóndans án þess að bóndinn sinnti því í nokkru. Bóndanum var að lokum veittur þriggja mánaða lokafrestur til úrbóta í mars 2015 og fækkaði þá bóndinn loks gripum sínum í samræmi við fyrirmæli Matvælastofnunar.

Bóndinn hafði hins vegar skömmu áður óskað eftir leyfi stofnunarinnar



til að hafa 10% fleiri kýr en bása í fjósi í 16 til 20 mánuði til viðbótar á meðan unnið væri að úrbótum og taldi synjun stofnunarinnar ólögmeta. Hann taldi nýjar reglur íþyngjandi og fór fram á að viður-

kenndur yrði réttur hans til bóta vegna tekjutaps sem væri afleiðing af niðurskurði á bústofni. Þessari beiðni synjaði Matvælastofnun.

Ráðuneytið taldi að Matvælastofnun hefði enga heimild haft til

að víkja frá ákvæðum laga og reglugerða varðandi fjölda kúa í fjósi. Synjun stofnunarinnar hefði því verið réttmæt. Árum saman hefði staðið í reglugerðum að í lausagöngufjósum þar sem eru mjólkurkúr skuli allar kýr geta legið samtímis á legubásam eða á til þess gerðu legusvæði. Ekki væri því um hertar reglur í þessu tilliti að ræða. Óljósar hugmyndir um stækkun fjóss eða nýbyggingar dygðu ekki til að réttlæta umframfjölda kúa um eins og hálfs árs skeið til viðbótar. Að lokum taldi ráðuneytið ekki ástæðu til annars en að bóndinn bæri sjálfur það tap sem hann taldi að hann hefði orðið fyrir vegna málsins. Synjun Matvælastofnunar var því staðfest.

/VH -Mast

Áburður fyrir íslenskar aðstæður



Áburðarverksmiðjan



Fréttir

Landssamband kúabænda:

Metframleiðsla á mjólk

Innvigtun á mjólk nam 146 milljónum lítra á síðasta ári sem er mesta mjólk sem vigtuð hefur verið inn frá upphafi. Framleiðslan 2015 var 12,5 milljón lítrum meiri en árið 2014

Í frétt á heimasíðu Landssambands kúabænda segir að fyrstu sex mánuði ársins 2015 hafi aukning innvigtunar verið tiltölulega hófleg. Aukning á innvigtun einstakra vikna var 4 til 6% að jafnaði. Í viku 27 urðu síðan vatnaskil, er aukning vikuinnvigtunar varð 12% og hélst sú aukning á bilinu 12 til 14% svo að segja út árið 2015. Heildarniðurstaðan varð 9,4% aukning innvigtunar 2015 frá árinu áður.

Þegar litið er til þróunar í fjölda burða undanfarin ár sést að fram- an af ári fjölgaði burðum um 3 til 8% miðað við sömu mánuði árið á undan. Hlutfallslega varð mesta aukningin þegar kom fram á sumar.



Skráðir burðir í júní og júlí voru 14 til 15% fleiri en árið á undan. /VH

Mjólkursamsalan með aukna nýtingu á mysu:

Vinnur vínanda úr mjólkursykurvökva

Mikið magn af mysu fellur til árlega í mjólkurvinnslu Mjólkursamsölnunar við ostagerð. Að sögn Björns S. Gunnarssonar, vörubróunarstjóra Mjólkursamsölnunar, er magnið um 45-50 milljónir lítra sem inniheldur um fimm prósent mjólkursykur. Hægt er að vinna um tvær milljónir lítra af etanóli úr þessu magni, en innan Mjólkursamsölnunar er nú leitað leiða til að auka verðmæti mysuvökvans.

Mjólkursykurvökvi verður etanól

Eins og staðan er í dag er mysu-próteinþykki unnið úr mysuvökvum og er aðalhræfnið fyrir íþróttadrykkinn Hleðslu sem Mjólkursamsalan framleiðir. Mjólkursykurvökvinn sem eftir verður hefur að mestu leyti verið seldur í svínafóður. Björn segir að með því verkefni sem nú er farið í gang er leitað við að bæta nýtingu og auka verðmæti framleiðslunnar, auk þess sem umhverfislegur ávinningur sé með þeirri vinnslu.

„Í augnablikinu er fyrst og fremst verið að skoða þennan möguleika, að framleiða etanól úr laktósanum í mysunni. Aðrir möguleikar eru í skoðun varðandi próteinhlutann. Það eru í raun þrír möguleikar í stöðunni varðandi svo

nýtinguna á etanólinu sem fæst úr mysunni; víngerð, sem eldsneyti eða framleiðsla á iðnaðarspíra. Það er ljóst að verðmæti þessara afurða er mismunandi og verðmætast er að framleiða vín, en þær koma allar til greina þegar afurðin hefur tekið á sig form etanóls.“

Samstarf við Matís, Háskólann á Akureyri og Foss distillery

Mjólkursamsalan hefur verið með verkefnið í rannsóknarferli, fyrst í Háskólanum á Akureyri þar sem ákveðnir gerlar voru prófaðir til að umbreyta mjólkursykurvökvum í etanól við mismunandi aðstæður. Í framhaldsrannsókn sem nú er fyrirhuguð stendur til að þróa frekari víngerð úr etanólinu, meðal annars í samstarfi við Matís, Háskólann á Akureyri og Foss distillery. Búið er að sækja um styrk til Rannís svo hægt sé að hraða þeim tilraunum. „Samstarfið og verkefnið í heild er núna á byrjunarstigi. Í samstarfinu við Foss hafa ýmsir möguleikar verið viðraðir og þeir sjá mikla markaðsmöguleika í að nota íslenskan spíra í sínar vörur. Verkefnið verður reynt að vinna eins hratt og auðið er. Enn er of snemmt að segja til um hvenær fyrsta varan getur litið dagsins ljós, en vonandi sem fyrst,“ segir Björn.

/smh



Skjaldfannardalur. Bærinn Laugaland er fremst til hægri á myndinni, en innar í dalnum vinstra megin við Selá er bærinn Skjaldfönn. Myndir / Úr skýrslu Orkustofnunar

Þrjár virkjanir í athugun á austanverðum Vestfjarðakjálkanum:

Bræður frá Bakkafirði skoða öfluga vatnsaflsvirkjun í Skjaldfannardal

Undirbúningsvinna er nú hafin við Austurgilsvirkjun við upp- tók Selár í Skjaldfannardal við Ísafjarðardjúp. Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn, segist telja að þessar hugmyndir séu mjög jákvæðar fyrir svæðið í heild.

Á bak við þetta verkefni stendur Bjartmar Pétursson, sem er fiskút- flytjandi og núverandi eigandi Laugalands í Skjaldfannardal. Með honum er bróðir hans, Kristinn Pétursson, en þeir eiga uppruna að rekja á Bakkafjörð. Kristinn mun hafa verið að vinna að undirbúningi rannsóknarhlutans, en hann sat m.a. á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Austurlandi á árunum 1988 til 1991.

Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn, telur að ef af verði geti þetta orðið mikil lyftistöng fyrir innanvert Ísafjarðardjúp. Ekki sé verra að þeir sem að baki þessum hugmyndum standa séu mjög skarp- ir og vel meinandi menn.


Vegslóði gerður að rótum Drangajökuls

Í sumar var ruddur vegaslóði inn sunnanverðan dalinn og upp undir Drangajökul, eða að því svæði sem líklegt er fyrir uppistöðulón hugsanlegrar virkjunar. Segir Indriði að Vegagerðin hafi afsalað sér íhlutun vegna þessarar vegagerðar að öðru leyti en því að gerð hafi verið krafa um að framkvæma þetta með eins litlu raski og mögulegt væri. Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, heimsótti Indriða á Skjaldfönn og skoðaði svæðið í haust ásamt fleirum.

Uppsett afl áætlað 35 megawött

Bjartmar sagði í samtali við Bændablaðið að virkjanahug- myndirnar hafi verið settar í mats- ferli rammaáætlunar á síðasta ári. Samkvæmt skýrslu Orkustofnunar er gert ráð fyrir að uppsett afl Austurgilsvirkjunar yrði 35 megawött (MW) og áætluð orkugeta á ári 228 gígawattstundir (GWh). Hún myndi nýta vatnsafl sem fengist úr Vondadalsvatni sem er í 414 metra hæð yfir sjó, Skeifuvatni og Djúpa polli. Ráðgert er að með- alhæð inntakslóns í Vondadalsvatni yrði í 435 metra hæð yfir sjó. Þaðan yrði lögð 3,9 km löng vatnspípa úr trefjaplasti að stöðvarhúsi við Selá í Skjaldfannardal sem yrði í 45 metra hæð yfir sjó. Reiknað er með að nær allt jökulrennsli Selár fari í inntakslónið.

Til samanburðar má nefna



Vatnasvæði Austurgilsvirkjunar.

Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði á Ströndum sem nú er í undirbúningi. Þar er gert ráð fyrir 55 megawatta virkjun. VesturVerk áformar að umhverfis-, vatns- og jarðfræðirann- sóknum vegna Hvalárvirkjunar verði lokið fyrir árslok 2016. Þá er þriðja virkjunin, en nokkru minni, í undir- búningsferli á Ströndum, en það er Skúfnadalsvirkjun.

Indriði Aðalsteinsson segir að hann sem landeigandi á Skjaldfönn og aðrir landeigendur í dalnum hafi á síðasta ári gefið leyfi til rannsókna sem talið sé að taki um 3 til 4 ár að framkvæma.

Lítið umhverfisrask

„Allt varðandi þessa virkjun er að mínu mati mjög jákvætt. Svæðið sem kæmi til með að fara undir vatn við suðurenda Drangajökuls er ekk- ert nema tjarnaklasar, snjóskafar og stórgýtisurð. Virkjunarsvæðið yrði að mestu í landi Laugalands. Vatnamælingamenn og aðrir sem hafa skoðað þetta eru mjög bjartsýnir á að þarna faist nægilegt og stöðugt vatn.“

Minnkar flóðahættu og skapar möguleika fyrir ferðaþjónustu

„Þá mun þetta lón jafna mikið vatnsrennsli Selár þannig að flóð í ánni sem hafa verið að kvelja mann og pína á undanföllum árum yrðu sennilega alveg úr sögunni. Þá gæti þetta bætt fiskgengd í Selá. Með

vegagerð vegna virkjunarinnar yrði í fyrsta sinn hægt að komast akandi alveg að Drangajökli. Þetta gæti skapað mikla möguleika fyrir ferðamennsku og akstur vélsleða og jeppa á jökulinn yfir sumartímann á auðveldari máta en verið hefur.“

Hringtenging getur stóraukið afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum

Ótryggt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum hefur verið mjög í umræðunni á undanföllum árum. Eitt stærsta vandamálið þar er aðflutningur raforku frá raforkuflutningskerfi Landsnets inn á Vestfirði og skortur á hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum ef einhvers staðar verður truflun eða rof á línunum. Því hafa verið uppi hugmyndir um að leggja rafstreg frá Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði á Ströndum yfir í Ísafjarðardjúp og þaðan mögulega með sæstreng í Álftafjörð eða í Arnarnes við Skutulsfjörð. Slík lagning yrði þó mjög dýr í framkvæmd. Með Austurgilsvirkjun í Skjaldfannardal yrðu flutningsleiðir og tengingar við landskerfið mögulega einfaldari og ódýrari auk þess sem tenging við Hvalárvirkjun myndi styrkja báða virkjunarkostina.

„Ef þetta gengur eftir verður þetta mikil bylting fyrir alla möguleika á svæðinu sem ekki voru áður fyrir hendi eins og vegna ferðaþjónustu,“ segir Indriði Aðalsteinsson. /HKr.

friendtex

Útsala

Vatteraðir jakkar
20% afsláttur

Original CROCKS skór
40% afsláttur

Hlægilegt verð

40% 50% 50% 70% 40%

Bonito ehf. • Friendtex • Faxafan 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is
Opíð alla virka daga kl. 11:00-17:00, laugardag kl. 12:00-16:00.

HOLTA KJÚKLINGUR

100% kjúklingur

Allur Holta kjúklingur er 100% náttúrulegur.
Þú getur verið viss um að þegar þú kaupir Holta kjúkling ertu
að fá vöru sem nýtur virðingar hjá meistarakokkum,
hvar sem þá er að finna.



Grunnur að góðri máltíð
www.holta.is

Holta
KJÚKLINGUR

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbergsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun:** Prentsnið.
Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefsíða blaðsins:** www.bbl.is – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsiðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

LEIÐARINN

Breytingar á búnaðargjaldi í sjónmáli

Um nokkurt skeið hafa bændur rætt fyrir-komulag búnaðargjalds sem er veltutengdur skattur á búvöruframleiðendur og rennur meðal annars til Bændasamtakanna, búnaðar-sambanda og búgreinafélaga. Bjargráðasjóður, sem er áfallasjóður bænda, er sömuleiðis fjármagnaður að hluta með búnaðargjaldi. Ekki eru allir á eitt sáttir með innheimtu búnaðargjalds-ins og hefur gagnrýnisróddum farið fjölgandi á síðustu árum.

Fyrr í þessum mánuði féll dómur í máli Stjórnugríss gegn íslenska ríkinu. Þar var haldið fram, af hálfu Stjórnugríss, að búnaðargjald væri félagsgjald sem innheimt væri í þágu samtaka bænda. Með því væri Stjórnugrís þvingaður til aðildar að þessum samtökum í andstöðu við stjórnarskrána. Talið var að Bændasamtökin, Búnaðarsamband Kjalarnessþings og Svínaræktarfélag Íslands væru félög í skilningi stjórnarskrárinnar og fallist var á kröfu Stjórnugríss hvað þau varðaði. Hins vegar taldi dómurinn Bjargráðasjóð stjórnvald og því væri ekki hægt að líta á hann sem félag. Krafa Stjórnugríss um endurgreiðslu á búnaðargjaldi var því ekki tekin til greina vegna gjalds sem runnið hefur til Bjargráðasjóðs, en ríkið var dæmt til endurgreiðslu á því búnaðargjaldi sem rann til annarra en sjóðsins.

Það er mikilvægt að hafa í huga að dómur þessi fjallar sérstaklega um gjald sem tekið er af svínabændum. Dómurinn hefur til að byrja með takmarkað fordæmisgildi því hann er hér-aðsdómur og óljóst hvort að hann verður talinn hafa almennt gildi gagnvart öðrum búgreinum, þegar og ef honum verður áfrýjað.

Eftir sem áður hefur lengi legið fyrir að laga-leg óvissa væri um innheimtu gjaldsins, a.m.k. að hluta. Bændasamtökin hafa mótað þá stefnu að veltutengt félagsgjald eigi að koma í stað búnaðargjalds og mörg aðildarfélaga samtakanna hafa unnið að sínum áherslum í málinu. Eðlilegt er því að gera ráð fyrir því að tekna af gjaldinu njóti ekki við innan tíðar. Það þýðir að samtök bænda þurfa að haga starfsemi sinni í samræmi við þá breyttu stöðu, fyrr en síðar.



Búvörusamningar

Viðræðum um búvörusamninga hefur miðað nokkuð hægt upp á síðkastið en vonir eru til þess að hægt verði að setja kraft í þær í næstu viku. Samningahópur bænda hefur farið ítarlega yfir sínar áherslur og leggur til ýmsar breytingar frá fyrri drögum sem byggjast á þeirra umræðu sem fóru fram á bændafundum í nóvember. Með nýjum verkfærum og mælanlegum markmiðum við endurskoðun samninganna árið 2019 er komið til móts við áhyggjur bænda af offramleiðslu og verðfalli í kjölfar breytinganna sem lagðar voru til. Enn fremur er lögð aukin áhersla á fjölskyldubú í samningunum, m.a. með tillögum um gólf og þak á heildargreiðslur sem einn framleiðandi getur fengið.

Íslendingar flytja inn landbúnaðarvörur fyrir 52 milljarða króna á ári

Umræða um landbúnaðarmál getur tekið á sig ýmsar birtingarmyndir. Margir sjá ástæðu til þess að viðra sjónarmið sín um málefni er tengjast bændum, afurðum þeirra, framleiðsluháttum, starfsumhverfi og hagsmunasamtökum bænda. Hverjum og einum er að sjálfsögðu frjálst að hafa sínar skoðanir á landbúnaðarmálum en eðlilegt er að gera þá kröfu að menn gæti sanngirni í mál-flutningi og meðhöndlun gagna.

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 9.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 4.950 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.

Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

LOKAORÐIN

Allir vegir færir

Okkur eru allir vegir færir, sagði Haraldur Benediktsson, bóndi og alþingismaður og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands, í umræðu um búvörusamninga á samfélagsmiðlum á dögunum.

Þetta eru sannarlega orð að sönnu, þó ætla maetti af niðurrifsumræðu verslunarkónga, að matvara á Íslandi sé helst aðeins boðleg að hún sé flutt inn frá útlöndum.

Haraldur segir að í alla umræðu um nýja búvörusamninga finnst sér vanta sýn á hvers vegna og hvaða stefnu bændur ætla að marka til framtíðar. Bændur séu á kafi í umræðu um kerfi og kvóta og ekki kvóta. Háværir sérfræðingarnir séu hreinlega á móti því að mörkuð sé stefna, en bendi ekki á aðrar betri lausnir en innflutta iðnaðarmatvöru. Kjöt framleitt með ómældu magni sýklalyfja eða enn vafasamari starfshætti.

Á liðnum misserum og árum hefur ítrekað verið skrifað um þessi mál í Bændablaðinu. Íslendingar njóta þess að bændur eru að framleiða hér landbúnaðarafurðir sem lausar eru við þá ofurnotkun lyfja og eiturefna sem tíðkast víða í þeim löndum sem mest er verið að versla við.

Haraldur vill að íslenskir bændur tali meira um gæði, um landbætur, um hreinleika og ábyrga búskap-arhætti. Um fjölskyldubú og vel byggðar sveitir sem við getum öll verið stolt af.

„Stefnum að því að auka vöru-val, fjölbreytni, betri tengsl bænda og neytenda. [...] Sókn á grunni gæða – ræktun búfjár og velferð þess. Við eigum að fjárfesta í slíkum landbúnaði.

Heimurinn er að breytast – eyðum ekki meiri tíma í minnimáttarkennd um að landbúnaður sé annar og meiri í öðrum löndum. Því við höfum mikil gæði sem aðrir hafa glatað. Tökum djarfa sókn með nýjum samningum.“

Haraldur bendir á að íslenskir bændur og stjórnvöld hafi markað þá stefnu 1985 að leyfa ekki sýkla-lyfjablöndun í fóður. Það hafi skilað eftirsóknarverðum árangri.

„Fyrir um 50 árum þá var tekin meðvitund ákvörðun um að leyfa ekki hormóna eða önnur vaxtahvetjandi inngríp til að auka „hagkvæmni“ búvöruframleiðslunnar á Íslandi.“

Segir hann að þetta hafi verið gert þótt sú stefna hafi hvorki þótt sjálf-sögd né skynsamleg. Utan úr heimi berast nú æ fleiri staðfestingar á að íblöndun hormóna og sýklalyfja sem vaxtahvetjandi efna í fóður dýra sé að valda mjög alvarlegri heilsufarsógn.

Haraldur vill að gengið verði lengra í skynsemissátt og á fleiri sviðum. Tekið skal undir þau sjón-armið hér, því íslenskir bændur eiga einstaka möguleika á að skapa sér sérstöðu á heimsvísu hvað heilnæmi landbúnaðarvara varðar. Með því t.d. að skilgreina allan búskap í landinu sem vistvænna og lausan við notkun erfðabreytts fóðurs, yrði stigið risaskref sem víða vekti athygli. Því væri svo hægt að fylgja eftir með því að stórefla lífræna framleiðslu þar sem neitendur geta gengið að því vísu að afurðirnar séu lausar við eitru, aukaefni og ómæld sýklalyf. Þar skiptir líka verulegu máli að íslenskir bændur séu meðvitaðir um mátt samstöðu sinnar. Án hennar verða þeir auðvelt skotmark úrtölu-fólks. /HKR.

Umræðan á Facebook:

Verðlagning á mjólk og vatni

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, benti í nýrri færslu á Facebook á hvernig verðlagningu á einum lítra af mjólk og einum lítra af vatni er háttað í Hagkaup. Lítri af mjólk kostar 142 krónur en lítri af vatni 165 krónur. Færsla Sindra hefur vakið gríðarlega athygli og voru birtingar ríflega 20.000 þegar blaðið fór í prentun.

„Alltof oft líta menn framhjá þeirri staðreynd að stærstur hluti stuðnings við landbúnað er til að greiða niður búvörur til neytenda.

Í umræðunni virðist það oft vera þannig að með stuðningi við bændur sé verið að rétta bændum einhverja dúsu.

Í sumarlok fór ég í Hagkaup í Kringlunni (verslun Haga) og skoðaði verð á ýmsum vörum. Það var fróðlegt að bera saman verð á einum lítra af mjólk annars vegar og átöppuðu vatni án kolsýru og bragðefna hins vegar. Niðurstaðan er athyglisverð. Mjólkinn kostar 142 kr/l en vatnið kostar 165 kr/l. Sem sagt, einn lítri



af vatni kostar 23 krónum meira en mjólkinn.

Verðið sem bændur fá er 84 kr/l og verð frá MS til smásöluverslana fyrir lítrafernu að hámarki 121 kr/l (mögulega aðeins ódýrara hjá Högum). Ef öllum stuðningi hins

opinbera vegna mjólkurframleiðslu er deilt niður á innanlandsframleiðsluna reiknast stuðningur 47 kr/l. Þetta lítur því svona út:

Bóndi : 84 kr + 47 kr = 131 kr.
Hagkaup: 121 + álagning + vsk = 142 kr.

höfn en að tappa einum lítra af vatni á flösku.

Einhverjir kynnu að velta því fyrir sér hvort sinna þurfi átöppun vatns alla daga ársins, hvort sem er á aðfangadagskvöldi eða að morgni nýársdags? /VH

Líf og starf



Steinar Þórarinnsson, Oddur Árnason, Björgvin Dánielsson og Jónas Pálmar Björnsson, kjötiðnaðarmeistarar SS, einbeittir að smakka á súrmat áður en hann fer á markað.

Framleiðsla á súrmat svipuð og undanfarin ár:

Þorrinn á næsta leiti

Nú styttest í þorrann og að landsmenn haldi þorrablót með þjóðlegum mat, sviðum, bringukollum, súrmat og hákarli. Undirbúningur fyrir þorrann hófst fyrir nokkrum mánuðum hjá Sláturfélagi Suðurlands.

Guðmundur Svavarsson, framleiðslustjóri hjá Sláturfélagi Suðurlands, segir að SS framleiði og selji tugi tonna af þorramat ár hvert. „Magnið af súrmat í ár er svipað og undanfarin ár. Því til viðbótar bjóðum við ýmsar tegundir af ósúrum mat sem flokka má sem þjóðlegan og er vinsæll á þorraborðinu. Þar má nefna hangikjöt, svið, sviðasultu, saltkjöt, lifrarpylsu, blóðmör, bjúgu og fleira.“

Þorrablót tiltölulega ný

Þorrablót sem slík eru tiltölulega nýtt fyrirbæri og voru fyrst haldin á



Gómsætur þorrabakki.

19. öld og tengdust sjálfstæðisbaráttu og þjóðernisstefnu. Vinsældir þeirra jukust um 1960 þegar að veitingahúsið Naustið fór að standa fyrir skemmtunum kenndum við þorra.

Þurrkað, reykt, kæst og súrt

Íslensk matarhefð er á margan hátt sérstök. Áður fyrr var matur þurrkaður, reykur og kæstur og ekki síst lagður í súr og geymdur þannig. Mjólkursýran sem maturinn var geymdur í kom í staðinn fyrir salt og hafði þau áhrif að hann virðist á einhvern hátt vera hálfmeltur fyrir neyslu.

Eftir að kornrækt lagðist niður hér á landi á fjórtándu öld vegna kólnunar, og fram á miðja síðustu öld var mataræði þjóðarinnar einhæft og saman stóð að miklu leyti af kjöti, fiski og mjólkurvörum. Vissulega byggist

þorramatarhefð samtímans á gömlum mat en matur sem borinn er fram á þorrabökkum í dag er langt frá því að vera sá matur sem Íslendingar borðuðu í gamla daga. Honum hefur verið breytt til að þóknast matarsíðum nútímamanna.

Þorrablót á miðöldum

Þorri er nefndur sem persónugerv-ingur eða vættur vetrar í heimildum frá miðöldum og þar er einnig minnst á þorrablót. Ekki er vitað hvernig þau fóru fram en lýsingarnar benda til að blót hafi verið miklar veislur og gert hafi verið vel við sig í mat og drykk. Engar sagnir eru í Íslendingasögum eða öðrum forn-sögnum um þorrablót sem gerast á Íslandi.

Aukinn áhugi á þjóðlegum mat

Að sögn Guðmundar greinir hann aukinn áhuga á þjóðlegum mat af öllu tagi. Áhugi á sumu súrmetinu hefur að vísu farið minnkandi og nefnir hann þar sem dæmi bringukolla. Á sama tíma er vaxandi eftirspurn eftir súrum hrútpungum og súrri sviðasultu að hans sögn. „Kjötiðnaðarmenn okkar leggja mikinn metnað í framleiðslu súr-



Guðmundur Svavarsson, framleiðslustjóri Sláturfélags Suðurlands.

matarins. Framleiðsluferlið tekur nokkra mánuði og á þeim tíma fer fram skyn- og gæðamat á vörunni auk þess að reglulega er skipt um mysu til að viðhalda réttu sýrustigi og ferskleika. Við leggjum því mikið upp úr gæðum og sem dæmi eru pungarnir soðnir í formum og pressaðir hæfilega svo þeir verði ekki linir og fljótandi í soðhlaupi,“ segir Guðmundur.

MÆLT AF MUNNI FRAM

145

Í síðasta vísnaþætti ársins 2015 kvöddum við árið með fengitíðarkveðskap sem kallaður var. **Einar Kolbeinsson** lagði þar þættinum til ágætar vísur. Held því heppilegt að láta Einar opna nýtt vísnaár með haglega gerðum vísnum sem hann orti á gamlárskvöld sl.:

Þá með hveli kveður heim kúnstugt árið feginn. Ég í auðmýkt þakka þeim sem þræddu með mér veginn.

Síðan tekur '16 við svo með forspá góða. Árs og friðar öllum bið sem áðu við minn slóða.

Að venju sendi ég kærnum vini, **Péttri Péturssyni** lækni, hlýlega áramótakveðju rétt fyrir miðnættið, hvar ég óskaði honum blessunar og langra lífdaga. Nú bar svo við, að kveðjan var ekki endurgoldin strax líkt og venja er. Undir morgun vakna ég svo við skeytaskark, og það frá Péttri:

Skeyti þitt mér skemmtan bjó, skal ei á því glepfast. Engu lofa eg vil þó því ég fer senn að drepast.

Í þessum þáttum hefur talsvert verið birt af snjöllum vísnum **Péturs Stefánssonar**. Á sínum tíma var hann kynntur lesendum og það því ekki endurgert. Fyrstu vísu sína nefnir Pétur einfaldlega „Falskar tennur“:

Á ógnarhraða ævin rennur út í minninganna haf. Ég var að fá mér falskar tennur sem frúin er lítið hrifin af.

Péttri er nokkuð tíðort um samneyti sitt við konur, og grunar mig að á stundum haldi hugurinn einn þar undir bagga. Hjálpi þar nokkuð til. Næstu vísur **Péturs** falla nefnilega allar í þá áttina:

Bætir geð og léttir lung, linast þraut og spennu, ef ég bara eina stund á í faðmi kvenna.

Í hjónaböndum ávallt er einhver þagnarglíma. Það er kostur þykir mér að þegja á réttum tíma.

Allrabest er heima að hanga, og hugarþanka setja á blað. En áðan fór ég út að ganga, -eiginkonan vildi það.

Lengi hef ég leitast við, lífs í djúpum syndaflór, að brjóta ekki boðorðið sem bannar mér að drýgja hór.

Ég mun alltaf óska þess, -í ellimörk þó glitti; að fá að lifa feikihress fyrir neðan mitti.

En á endanum rekast menn nú á raunveruleikann, og svo hefur **Péttri** allavega farið þegar hann leggst einhverju sinni í bælið:

Ligg í pest með lurkuð bein lungun hósta skít og drullu. Nú er lífið nauðin ein, nú ég deyja hlýt að fullu.

Loks ég greini lokuð sund, lífið slökknar innan tíðar. Komið er að kveðjustund. -Kistulagning auglýst síðar.

Ög svo hefur verið af skáldinu dregið, að hann gerði svofellda grafskrift:

Er ég lífs á limmi spring, á legstein verður dregið; Heimsins besta hagyrðing hefur dauðinn þegið.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



Oddur Árnason, fagmálastjóri SS og kjötiðnaðarmeistari, undirbýr smökkun á súrmat.

Fréttir

Íbúum í Ölfusi, Hveragerði og Árborg fjölga hratt

Íbúum á Suðurlandi fjölga stöðugt, ekki síst á þeim stöðum sem næstir eru höfuðborginni.

Árið 2015 fjölgaði íbúum í Árborg t.d. um 150 sem þýðir 1,86% fjölgun, í Hveragerði fjölgaði

aði íbúum um 75 sem þýðir 3,14% fjölgun og í Ölfusi fjölgaði íbúum líka mikið, eða um 3,7% og eru þeir nú 1.954 talsins. Í Hveragerði búa í dag 2.462 íbúar og í Árborg búa 8.202 íbúar. /MHH

Nýtt hestamannafélag í Skagafirði: Skagfirðingur skal það heita

Nýtt sameinað hestamannafélag í Skagafirði mun heita Skagfirðingur. Þetta var ákveðið á dögnum.

Félögin þrjú, sem áður störfuðu í Skagafirði, Svaði, Léttfeti og Stígandi, sameinast brátt í eitt félag, Skagfirðing, og eru miklar vonir

bundnar við hið nýja félag. Auglýst var eftir tillögum að nýju nafni á félagið, kosið á milli nokkurra þeirra sem bárust, og varð nafnið Fluga fyrir valinu. Síðar var ákveðið að hafa nafnakosningu á ný og í þeirri kosningu varð nafnið Skagfirðingur fyrir valinu. /MPB



Fjöldi gesta sótti Sildarminjasafnið á Siglufirði heim á liðnu ári, eða ríflega 22 þúsund manns. Myndir / Sildarminjasafnið

Sildarminjasafnið á Siglufirði:

Aldrei fyrr fleiri gestir

Árið 2015 sóttu 22.090 gestir Sildarminjasafnið heim, en aldrei fyrr hefur gestatalan verið svo há. Það er áhugavert að líta til fjölgunar erlendra ferðamanna milli ára – þeir voru um 5.000 fleiri á árinu 2015 en 2014 eða alls 52% allra safngesta.

Fram kemur í frétt á heimasíðu Sildarminjasafnsins að hæst hlutfall gesta á safninu á liðnu ári voru þeir sem komu á eigin vegum, um

52%. Þá komu 38% með skipulögðum hópferðum og 10% gesta sóttu einstaka viðburði, svo sem sildarsaltanir eða tónleika í húsakynnum safnsins.

Allt útlit er fyrir að árið 2016 verði safninu hagstætt en nú, fyrstu vikuna í janúar, liggja fyrir um 150 bókanir fyrir árið auk þess sem 14 skemmtiferðaskip hafa boðað komu sína til Siglufjarðar. /MPB



Sindri við bakstur í nýja bakaríinu sínu á Flúðum.

Myndir /Ivar Sæland.

Fyrsta bakaríið opnað á Flúðum

„Ég opnaði formlega fyrstu helgina í janúar og er kominn á fullt að baka fyrir fólk hér á Flúðum, sumarbústaðaeigendur og aðra sem eru hér á ferðinni.

Viðtökurnar hafa verið frábærar og það er búið að vera brjáláð að gera,“ segir Sindri Daði Rafnsson, sem hefur opnað Sindra bakarí í bílskúrnunum við Ljónastíg 8. Sindri lærði bakaríðin í Danmörku þar sem hann bjó í tólf ár.

„Gamla handverkið er í mínu uppáhaldi, ég geri allt í höndunum á gamla máttann og er með gömul tæki sem virka eins og ný.

Mér finnst skemmtilegast að baka vínarbrauð en síðan er ég auðvitað með brauð, rúnstykki og fjölbreytt bakkelsi,“ bætir Sindri við.

/MHH



Sindri og Íris, eiginkona hans, en þau eru nýflutt á Flúðir og eru saman með nýja bakaríið.



Jökuldalur.

Álit umboðsmanns Alþingis:

Stjórnsýslukæra sauðfjárbænda á Jökuldal skal tekin upp að nýju

Alþingi beinir þeim tilmælum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að það taki upp stjórnsýslukæru sauðfjárbænda á Jökuldal að nýju, komi fram beiðni þess efnis frá þeim. Úrskurðurinn var birtur 14. desember 2015.

Sauðfjárbændur leituðu til umboðsmanns Alþingis í mars 2015 og kvörtuðu yfir úrskurði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Í úrskurðinum var vísað frá stjórnsýslukæru þeirra vegna þeirrar afstöðu Matvælastofnunar að hafna beiðni þeirra um að stofnunin staðfesti eldri landbótaáætlanir varðandi gæðastýringu í sauðfjárrækt. Ráðuneytið taldi að í afstöðu Matvælastofnunar fælist ekki

stjórnvaldsákvörðun og því væri hún ekki kærnleg til ráðuneytisins. Umboðsmaður telur að erindi sauðfjárbændanna til ráðuneytisins verði ekki skilin með öðrum hætti en að í þeim hafi verið farið fram á að Matvælastofnun staðfesti gildi landbótaáætlana sem þeir höfðu gert í gildistíð eldri reglugerðar og þar með teldust þeir áfram uppfylla skilyrði fyrir þátttöku í gæðastýrðri sauðfjárrækt. Taldi umboðsmaður ljóst að farið hefði verið fram á að Matvælastofnun tæki ákvörðun sem varðaði lagalegan rétt landeigendanna og þar með stjórnsýsluákvörðun í merkingu stjórnsýslulaga. Af þeim sökum hefði Matvælastofnun borið að leggja erindið í farveg stjórnsýslumáls.

Umboðsmaður telur að þar sem það var mat ráðuneytisins að Matvælastofnun hefði í reynd ekki tekið stjórnvaldsákvörðun hefði því borið sem aðra stjórnvaldi að taka afstöðu til þess hvort stofnunin hefði lagt erindið í réttan farveg að lögum. Þar sem ráðuneytið fór ekki þá leið í úrskurði sínum var það álit umboðsmanns að frávísun ráðuneytisins á stjórnsýslukæru landeigendanna hefði ekki verið í samræmi við lög.

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til ráðuneytisins að það taki upp mál landeigendanna að nýju, kæmi fram beiðni þess efnis frá þeim, og hagaði þá úrlausn sinni í samræmi við þau sjónarmið sem rakin væru í álitinu. /VH

ÚTSALA

REYKJAVÍK - AKUREYRI

20-70% AFSLÁTTUR



Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504

NÝR L200 ER I FENTUR



5 ÁRA
ÁBYRGÐ



Við kynnum **Mitsubishi L200**, vinnubjarkinn sem er svo mörgum Íslendingum að góðu kunnur. Þú finnur varla sterkbyggðari og áreiðanlegri bíl. Svo er hann svo notadrjúgur að erfið verkefni munu bara gleðja hann. Nú er hann kominn með nýtt útlit, aukið rými og meiri snerpu. Komdu og prófaðu nýjan L200.

Mitsubishi L200 Intense
6 gíra beinskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

6.890.000 kr.



FYRIR HUGSANDI FÓLK



HECLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HECLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Fréttir



Selfosskirkja sextíu ára

— kórinn sjötíu ára og kvenfélagið fimmtíu ára

Selfosskirkja fagnar sextíu ára afmæli sínu í ár, eða 25. mars, en hún var vígð á pálmásunnudag 25. mars 1956.

Kirkjan var teiknuð af Bjarna Pálssyni, skólastjóra Iðnskólans á Selfossi, en yfirsíður var Guðmundur Sveinsson byggingameistari. Þá má geta þess að

kirkjukór kirkjunnar fagnar líka stórafmæli á árinu, eða sjötíu ára afmæli og kvenfélag kirkjunnar fagnar fimmtíu ára afmæli. Kirkjukórinn söng í Selfossbíói fyrstu tíu árin sín. Meðfylgjandi mynd af Selfosskirkju tók Magnús Hlynur Hreiðarsson á milli jóla og nýárs.



Sauðárkrúkur.

Mynd / HKr.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra: Boðið upp á nám í sláturiðn

Stefnt er að því að hefja kennslu í sláturiðn hjá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

Skólinn er sá fyrsti sem býður heildstæða námsbraut í sláturiðn og er um nýjung að ræða hér á landi en fram að þessu hefur verið boðið upp á námskeið í slátraraðn. Rúmlega 20 væntanlegir nemendur bíða eftir því að kennsla hefjist.

Á vefnum Húna kemur fram að um sé að ræða 110 eininga starfsnámsbraut, meðal námsstími verður tvö ár með vinnustaðasamningi og fer bókleg kennsla fram í lotunámi við

skólann. Hluti verður kenndur í fjarnámi og hluti námsins í staðarlutum. Verkleg kennsla fer fram hjá slátruhúsum og afurðastöðvum. Nemendur munu útskrifast sem slátrarar.

Ríkisstjórnin samþykkti 18. desember síðastliðinn að styrkja innviði, atvinnulíf og samfélag á Norðurlandi vestra með margvíslegum aðgerðum. Eitt verkefnanna er að stuðla að fjölbreyttara námi við FNV með eflingu kennslu á sviði matvælavinnslu, sláturiðnaðar og fleira. FNV fékk 15 milljónir til að byggja upp slátrarakennsluna. /MPB



Nítrat er leyfilegt að nota í margar tegundir osta sem og í kryddlegna síld.

Fá sýni nítríts og nítrats yfir mörkum í unnum kjötvörum

Við greindum frá því hér í Bændablaðinu fyrir jól að rannsókn væri í gangi á vegum Matvælastofnunar þar sem magn nítríts og nítrats í unnum kjötvörum var athugað. Í viðtali við Katrínu Guðjónsdóttur, fagsviðsstjóra hjá Matvælastofnun, sem hafði umsjón með þessu verkefni, kom fram að of mikið af þessum efnunum í matvælum geti haft skaðleg áhrif á heilsu fólks.

Katrín segir nú að niðurstöður liggi fyrir og unnið sé að því að yfirfara þær og birta þeim fyrirtækjum sem eiga hlut að máli. Eins og staðan er núna líti út fyrir að fá sýni séu yfir mörkum.

Tilgangurinn með notkun efnanna í kjötvörum er þrífættur. Efnin gefa vörunum einkennandi rauðan lit, hindra vöxt heilsuskaðlegra örvera og koma í veg fyrir þránun. Nítrat er oft kallað saltþétur. Lykillinn að virkni nítrats er að það myndar nítrít sem er virka efnið.

Á umbúðum vöru er skylt að taka



Katrín Guðjónsdóttir.

fram hvort efnin eru notuð svo neytendur geti fengið upplýsingar um tilvist þeirra; E 249 og E 250 stendur fyrir nítrít og E 251 og E 252 fyrir

nítrat. Nítrít er ekki leyfilegt að selja sem hreint efni, en skylt er að blanda það matarsalti (eða salt staðgenglum) til að minnka líkur á ofnotkun.

Nítrat er leyfilegt að nota í margar tegundir osta sem og til að mynda í kryddlegna síld.

Allflestir svokallaðir brauð-ostar á Íslandi innihalda nítrat, en hámarksgildi fyrir leyfilega notkun miðast við það magn sem leyfilegt er að nota í ostamjólkinu. Nítrat er ekki leyfilegt í ferskosta. Katrín segir að rannsókn á magni nítrats í ostum hafi ekki átt sér stað og hún á síður von á því að slíkar mælingar verði gerðar. „Það er ekki fýsileg aðferð ein og sér til að komast að því hvort notað var of mikið eða ekki. Í ostum eru hámarksgildi sett miðað við notkun í ostamjólkinu og ekki ljóst hve mikið er eðlilegt að mælist í ostinum sjálfum við lok framleiðslu. En ég á von á að þeir verði skoðaðir hvað varðar verklag, uppskriftir og þess háttar í reglubundnu eftirliti.“ /smh



Kusa í myrkrinu.

Rannsóknir á mjólk:

Munur er á nætur- og dagmjólk

Rannsóknir benda til að munur sé á mjólkinni sem kýr mjólka á nóttinni og á daginn. Tilraunir á músum gefa til kynna á næturmjólkinni geti haft róandi áhrif.

Efnagreining á mjólk kúa sem mjólkaðar eru að nóttu sýna hærra innihald efna eins og tryptan og melatóníns sem bæði eru sögð róandi og svæfandi.

Næturmjólk virkar róandi á mýs

Vísindamenn við Sahmyookháskóla í Suður-Kóreu birtu nýlega niðurstöður rannsókna þar sem músum var gefið vatn með mjólkurduft sem annars vegar var unnið úr mjólk kúa sem mjólkaðar voru í dagsbirtu og hins vegar á

næturnar.

Mælingar sýndu að næturmjólkurduftið innihélt 24% meira af thytopan og 10 sinnum meira af melatónín en dagmjólkurduft. Mýsnar sem fengu næturmjólkina sýndu ýmis einkenni þess að vera afslappaðri og jafnvel hegðun sem þekkist hjá músum sem gefið hefur verið róandi lyf eins og diazepan sem margir lesendur blaðsins þekkja örugglega.

Rannsóknirnar eru ekki alveg nýjar af nálinni því árið 2010 gerði þýska fyrirtækið Milchkristalle GmbH tilraunir með mjólk úr kúm sem voru mjólkaðar milli klukkan tvö og fjögur eftir miðnætti og fékk í framhaldinu einkaleyfi á framleiðslunni í Þýskalandi. Í þýsku

rannsóknarniðurstöðunum segir að til þess að mælanlegur munur sé á efnainnhaldi dag- og næturmjólkur þurfi kýrnar að lifa við greinilegan mun á degi og nóttu.

Volg mjólk sögð róandi

Þrátt fyrir að formlegar tilraunir á næturmjólk hafi ekki enn verið gerðar á mönnum hafa margir örugglega heyrt sögur eða þekkja á sjálfum sér að volg mjólk fyrir svefninn er róandi.

Framleiðsla á róandi næturmjólk og er eftirvill eitthvað sem íslenskir mjólkurframleiðendur ættu að skoða og virkja þannig skammdegið greininni til hagsbóta. /VH



Dagforeldrar í Suðursveit

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir áhugasömum aðila til að gerast dagforeldri í Suðursveit í Hornafirði. Um er að ræða daggæslu í heimahúsi, en heimilt er að rækja starfið í öðru húsnæði eftir samkomulagi og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Dagforeldrar geta verið með 4-5 börn í gæslu í einu og er dvalartími alla virka daga allt að 9 tímar á dag, en sveitarfélagið niðurgreiðir til foreldra allt að 8 tíma á dag. Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi. Félagsmálanefnd Hornafjarðar veitir starfsleyfi til dagforeldra og sinnir lögbundnu eftirliti með starfsemiinni en býður einnig fram stuðning til þess að uppfylla ákvæði laga og reglna um daggæslu í heimahúsum og útvega faglega ráðgjöf við dagforeldrana.

Áhugasamir vinsamlega hafi samband við
Jón Kristján Rögnvaldsson, félagsmálastjóra
í síma 470-8000 eða í netfangið jonkr@hornafjordur.is

www.vig.is
SMÍÐJA Í SVEIT



VIG
Vélsmíðja Ingvars Guðna

Vatnsenda
Flóahreppi
S:486-1810

Bændablaðið
Kemur næst út

28.
janúar

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera á 3. til 15. vetri

Greiðum 19.000 kr án vsk fyrir hryssuna og sækjum frítt á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðvesturlandi austur í Eyjafjörð.

Fáðu herra verð fyrir hryssur til lífs en í sláturhús!

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma 662 0028

-Geymið auglýsinguna-

Ekki sofna á verðinum

Við minnum á að síðasti dagur til þess að tryggja sér KRONE heyrinnuvél á vetrarverði er 22. janúar næstkomandi.



Hægt er að hlaða KRONE verðlistanum niður á vefsíðu okkar www.thor.is



KRONE Comprima samstæður

KRONE Comprima Samstæður	Verð án vsk.	Tilboðsverð
Comprima CF 155 XC 17 Sambyggð rúllu og pökkunarvél, lauskjarna.	9.740.000	8.960.800
Comprima CV 150 XC 17 Sambyggð rúllu og pökkunarvél, fastkjarna	10.430.000	9.595.600

Aukabúnaður í boði fyrir sambyggðar Comprima rúlluvélar

Plastbindibúnaður (Tekur bæði plast og net)	500.000
26 hnífa söxunarbúnaður í stað 17 hnífa.	200.000
Video myndavél og skjár sem sýnir framvindu pökkunar	140.000
Rúlluvippa (bale turner) snýr rúllum upp á endann	130.000
X-treme útgáfa	995.000



KRONE Comprima rúlluvélar

KRONE Comprima lauskjarna rúlluvélar	Verð án vsk.	Tilboðsverð
Comprima F125 Rúlluvél, net - 1,25x1,20 rúllur, 2,15 m sópur	4.490.000	4.130.800
Comprima F155 Rúlluvél, net - 1,25-150x1,20 rúllur, 2,15 m sópur	5.010.000	4.609.200

KRONE Comprima fastkjarna rúlluvélar

Comprima V150 Rúlluvél, netb. - 1,00-1,50x1,20 rúllur, 2,15 m sópur	5.820.000	5.354.400
Comprima V180 Rúlluvél, netb. - 1,00-1,80x1,20 rúllur, 2,15 m sópur	6.110.000	5.621.200

Aukabúnaður í boði fyrir stakar Comprima rúlluvélar

Vökvabremsur	210.000
Plastbindibúnaður (Tekur bæði plast og net)	500.000
17 hnífa söxunarbúnaður	550.000
26 hnífa söxunarbúnaður	750.000
Hærri dekk, 500/55-20 í stað 500/50-17 10 PR	80.000
X-treme útgáfa (17 hnífar, öflugri sópur, breiðari belti, vökvabremsur)	930.000
X-treme útgáfa (26 hnífar, öflugri sópur, breiðari belti, vökvabremsur)	1.090.000

Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts og miðast við gengi á Evru = 142 kr.

P Ó R Þ

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



Fréttir



Búið er að loka sundlauginni í Reykjahlið í Mývatnssveit, en áætlað er að Skútustaðahreppur spari 10 til 15 milljónir árlega með þeirri ráðstöfun. Börn í Mývatnssveit munu sækja sundkennslu að Laugum í Reykjadal.

Mynd / Dagskrain.is – Birkir Fanndal

Skútustaðahreppur:

Sundlaug lokað um óákveðinn tíma

Umtalsverður halli varð af rekstri Skútustaðahrepps árið 2014, en jákvæður viðsnúningur varð í rekstrinum á nýliðnu ári. Þrátt fyrir hann hefur eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga gert athugasemdir við rekstrarstöðu sveitarfélagsins.

Í greinargerð sem fylgir fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps og samþykkt var skömmu fyrir júl kemur fram að það sé mat sveitarstjórnar að grípa verði til aðgerða til að snúa þróuninni við og verði það gert strax á árinu 2016.


Ýmsar aðgerðir eru fyrirhugaðar í því skyni að laga reksturinn og er ein þeirra sú að loka sundlauginni um óákveðinn tíma. Fram kemur í fundargerð að fyrir liggi að mikill leki er úr sundlaugarkarinu og streymi því klórmengað vatn út í nærliggjandi jarðveg. Ekki hafi tekist að gera við lekann þrátt fyrir tilraunir til þess. Því þurfi að skipta sundlaugarkarinu út eigi að halda áfram að reka sundlaug í sveitarfélaginu.

Þá sé stjórnbúnaður sundlaugarinnar einnig úr sér genginn og ljóst að við það verði ekki búið lengur. Áætlað er að kostnaður við endurbætur nemi um 150 milljónum króna. Sú ákvörðun var því tekin að tæma sundlaugina nú í byrjun janúar og loka þessum hluta starfseminnar sveitarfélagsins um óákveðinn tíma. Sundkennsla grunnskólabarna mun fara fram á Laugum í Reykjadal. Gert er ráð fyrir að við lokunina muni afkoma sveitarsjóðs batna um 10–15 milljónir á ári.

Öllum stærri viðhaldsverkefnum á eignum sveitarfélagsins verður frestað þó svo að viðhaldsþörf sé vissulega fyrir hendi. Þá verða möguleikar á að selja eignir skoðaðir.

Á þessu ári verður starfsemi leik- og grunnskóla sameinaðir undir einu þaki í Reykjahliðaskóla. Reksturinn verður áfram aðskildur en nokkur samlegðaráhrif verða samfara þessari ráðstöfun.

/MPÞ



Lúpína þekur um 5,8% af landi Mosfellsbæjar:

Heildarþekja alaskalúpínu er 1.070 hektarar

– og skógarkerfils um 3,5 hektarar

Samkvæmt skýrslu Landgræðslu ríkisins þekur lúpína 5,8% af landi Mosfellsbæjar. Skýrslan var unnin að beiðni umhverfisstjóra bæjarins. Heildarþekja alaskalúpínu er 1.070 ha og skógarkerfils um 3,5 ha í landi Mosfellsbæjar.

Í skýrslunni segja höfundar hennar, Arna Björk Þorsteinsdóttir og Magnús H. Jóhannsson, að lúpínan sé komin til að vera í landi Mosfellsbæjar en að dreifing skógar-

kerfilsins sé enn staðbundin. „Ef ekkert er að gert mun skógarkerfillinn dreifa sér enn frekar ef tekið er mið af því hvernig hann hefur dreifst um borgarlandið undanfarin ár. Hann sækir í frjósamt land og á sérstaklega auðvelt með að nema land í lúpínubreiðum. Það er óþekkt hvernig þessum kerfils svæðum muni reiða af til framtíðar, hvort kerfillinn muni hopa fyrir öðrum gróðri eða verði ríkjandi í gróðurfari um ókomna tíð.“

/VH



Svona lítur kúlan út í skóginum í Hrosshaga, upphituð og fín.

Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Ferðamannakúla slær í gegn í Hrosshaga

Nýjasta nýtt í íslenskri ferðaþjónustu er glær kúla úti í skógi þar sem ferðamenn geta legið í hita og fylgst með stjörnum og norðurljósum á kvöldin og nóttunni.

Fyrstu kúlunni hefur verið komið fyrir í skóginum í Hrosshaga í Biskupstungum. Kúlan, sem mætti kalla jólakúlu, er um 20 til 25 fermetrar og þar geta 2–4 komið sér inn, lagst á dýnurnar og horft upp í loftið í þeirri von að sjá falleg norðurljós og stjörnur þegar dimmt er. Hugmyndina að ferðamannakúlunni á Róbert Sveinn Róbertsson, frumkvöðull úr Biskupstungum.

„Verkefnið hefur gengið mjög vel, kúlan er að slá í gegn og segja allir mikla upplifun að vera í henni. Japanir hafa spurt mikið út í svona



Róbert lengst til hægri, ásamt hjónunum í Hrosshaga, Gunnari Sverrisyni og Sigríði Jónu Sigurfinnsdóttur, sem láta hér fara vel um sig inni í kúlunni.

kúlu enda sérstakir áhugamenn um norðurljós og stjörnuljós,“ segir Róbert sem heldur úti norður-

ljósa- og vetrarferðaþjónustusíðu þar sem hann er í miklu sambandi við erlenda ferðamenn. /MHH

Einangrunarstöð fyrir holdanaut á Stóra-Ármóti:

Kjötið á markað í fyrsta lagi 2020

– heildarkostnaður um 200 milljónir króna á fyrstu fjórum starfsárunum

Breyting á lögum um innflutning dýra, sem gerir ráð fyrir heimild til innflutnings á sæði og fódurvísu holdanautgripa í einangrunarstöð á Íslandi, var samþykkt á Alþingi 1. júlí síðastliðinn. Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda (LK), segir ólíklegt að kjöt af nýjum holdanautastofni verði í boði fyrir en í fyrsta lagi á árinu 2020.

Sigurður segir að LK hafi pantað 40 fósturvísu frá Noregi og er vonast til að hægt verði að flytja þá inn í apríl næstkomandi. Heilbrigðisreglur leyfa uppsetningu í fósturmæður í fyrsta lagi 60 dögum eftir töku fósturvísanna, þannig að það gæti því orðið í júní.

Að sögn Sigurðar hefur verið ákveðið að koma upp alveg nýju húsnæði undir einangrunarstöðina á Stóra-Ármóti í Flóa. „Upphaflega var gert ráð fyrir að farið yrði með fyrirhugaða einangrunarstöð inn í núverandi fjós tilraunastöðvarinnar á Stóra-Ármóti. Það kom svo í ljós að það yrði mun dýrara til langs tíma að gera það með þeim hætti. Þess í stað verður reist alveg ný stöð til hliðar við núverandi starfsemi, sem heldur óbreytt áfram,“ segir Sigurður.

Verkefnið er unnið í samstarfi LK, Bændasamtaka Íslands og Búnaðarsambands Suðurlands –



Sigurður Loftsson.

sem á jörðina Stóra-Ármót og hefur umsjón með starfseminni þar.

Eingöngu fluttir inn fósturvísar í byrjun

„Við munum eingöngu flytja inn fósturvísu til að byrja með. Við gerum það af því að okkur liggur á að koma okkur upp arfhreinum gripum – hjörð af hreinum Angus-kúm. Í framhaldinu verða þær svo sæddar með innflutta sæði. Þannig verða til kynbótargripirnir sem fara svo í gegnum einangrunarferlið sem þarf að eiga sér stað áður en þeim er leyft að fara út í umhverfið.

Ég reikna með að af þessum 40 fósturvísu þá verði ekki settir upp

nema kannski 14 til 16 af þeim þar sem fanghlutfall út úr svona flutningum verður ekki nema kannski um helmingur. Vonir standa svo til þess að við fáum út úr því svona 12 til 14 kálfa. Fósturvísarnir eru ekki kyngreindir þannig að við munum fá bæði naut og kvígur. Nautkálfarnir fara strax inn í þetta einangrunarferli, í ákveðin hölf á stöðinni, sem tekur níu mánuði. Að svo búnu verður hægt að selja þau til bænda. En áður en það er gert verður tekið úr þeim sæði, sem fer svo í dreifingu. Kvígurnar hins vegar verða fyrsti vísirinn að þessari holdakúahjörð sem verða sæddar með innflutta sæðinu, þegar þær verða kynþroska.

Ég geri ráð fyrir að við þurfum að flytja inn þrjá til fjóra fósturvísaskammta áður en við verðum búin að ná hjörðinni upp í æskilegan fjölda gripa, sem verða alls 15 til 20.

Þetta verður mjög seinlegt og ég á ekki von á því að það verði farið að borða kjöt af þessum dýrum fyrir en í kringum 2020 til 2021,“ segir Sigurður.

Að sögn Sigurðar gera ætlanir um kostnað við uppsetningu og rekstur stöðvarinnar ráð fyrir að hann muni nema hátt í tvö hundruð milljónum króna á fyrstu fjórum rekstrarárunum. /smh

Fáðu LÍF í tún og akra

Nýr valkostur í tilbúnum áburði fyrir íslenskt ræktarland Fjolkorna gæðaáburður frá Grassland Agro á Írlandi

Tegund	Þyngd (kg)	N	P	K	Ca	Mg	S	B	Se	Fyrir- framgr. 15. mars	Greitt fyrir 15. maí	Greiðslu- dreifing
LÍF 27	500	27,0			6,0	4,0				57.645	59.525	62.658
LÍF 20-10-10	500	20,0	10,0	10,0	2,8	1,8	5,0			67.809	70.020	73.705
LÍF 20-10-10+Se	500	20,0	10,0	10,0	2,8	1,8	5,0		0,0015	70.182	72.471	76.285
LÍF 27-6-6	500	27,0	6,0	6,0			5,8			67.353	69.550	73.210
LÍF 21-6-9,5+Se	500	21,0	6,0	9,5	3,3	2,2	5,0		0,0015	66.222	68.381	71.980
LÍF 20,6-11-9+Se	500	20,6	11,0	9,0	2,4	1,6	4,5		0,0015	70.214	72.504	76.320
LÍF 24-5+Se	500	24,0	5,0		3,7	2,5	7,0		0,0015	66.139	68.296	71.890
LÍF 17-15-12	500	17,0	15,0	12,0	2,1	1,4	5,5	0,22		70.279	72.571	76.390
LÍF 11,7-6-30	500	11,7	6,0	30,0	0,9	0,6	7,4			70.112	72.399	76.209

Birt verð eru pr. tonn og án virðisaukaskatts og miðuð við gengi evru 13. janúar 2016. Lífland áskilur sér rétt til verðbreytinga ef að til kemur vegna gengisþróunar.

Ofangreint verð gildir til og með 15. febrúar 2016.

Svona hljóða tilboðin:

A) Fyrirframgreiðsla með greiðslu fyrir 15. mars. 8% afsláttur.

B) Greiðsla fyrir 15. maí. 5% afsláttur.

C) Greiðsludreifing.

- 1) Ein vaxtalaus greiðsla með gjalddaga 1. október
- 2) Sjö mánaðarlegar, vaxtalausar greiðslur 1. hvers mánaðar frá maí til og með nóvember.

Flutningstilboð á áburði:

Söluráðgjafar okkar bjóða sérkjör á flutningi víða um land ef tekin eru 6 tonn (12 stórsekkir) eða meira af áburði. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar um tilhögun flutninga.

**Hafðu samband við söluráðgjafa okkar í síma
540-1138 eða á aburdur@lifland.is og fáðu
nánari upplýsingar um áburðarúrvalið**

Fréttir

Búskapur er enn stundaður af eljusemi á nokkrum bæjum við Ísafjarðardjúp þótt hallað hafi undan fæti:

Indriði Aðalsteinsson hættur vetursetu á Skjaldfönn en flytur til baka í vor

— hefur um 200 fjár í fóstri á Ströndum sem hann flytur heim í Djúp tímanlega fyrir sauðburð í vor og mun annast þar heyskap í sumar

Veik staða byggðar í innanverðu Ísafjarðardjúpi hefur verið nokkuð í umræðunni eftir að fjölskylda Sigmundar H. Sigmundssonar á Látrum flutti þaðan með allar sínar kýr undir lok síðasta árs. Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn, segir að þrátt fyrir þetta þá sé ekki öll von úti enn fyrir byggðina á svæðinu.

Indriði flutti til Hveragerðis í haust ásamt konu sinni sem hefur undanfarin ár haft vetursetu syðra. Í stað þess að skera niður allt sitt fé og hætta alfarið búskap kom hann þó um 200 kindum í fóstur á nokkrum bæjum á Ströndum.

Féð flutt aftur að Skjaldfönn með vorinu

„Það er svo meiningin að flytja féð aftur heim um miðjan apríl, eða allavega áður en lambsþungi er farinn að há fénu í flutningum. Síðan mun ég annast sauðburðinn með hefðbundnum hætti á Skjaldfönn og reka féð síðan á fjall.

Það er því engan veginn þannig að ég sé alfarinn frá Djúpi. Þetta er þó bara tilraun og síðan mun ég sjá til hvernig málin skipast í framhaldinu þegar reynsla verður komin á þetta fyrirkomulag,“ segir Indriði.

Annars segir Indriði veruna í Hveragerði ansi notalega. Þarna sé skínandi gott samfélag þar sem fjöldi Vestfirðinga sé búsettur. Lítið mál sé t.d. að komast inn í hópa til að spila bridge ef menn hafi áhuga á og gott bókasafn innan seilingar og önnur þjónusta. Fyrir mann sem vanur er mikilli vinnu sé þó leiðigjarnt til lengdar að hafa ekki alvöru vinnu fyrir stafni.

„Það eru gríðarleg viðbrigði að vera ekki í daglegri vinnu. Leti hefur nú ekki verið mín sterka hlið um ævina og þetta fer því að verða svolítið leiðigjarnt að hafa ekkert til að takast á við. Skrokkurinn á mér má ekki við mikið lengra verkefnaleysi. Ef maður fær ekkert að gera verð ég bara að fara að reima á mig gönguskó og þenja mig um fjöll og firnindi til að halda mér við,“ segir Indriði.

Alveg til í afleysingar

„Maður gæti því rétt mönnum hjálparhönd til dæmis við afleysingar á sveitabæjum hér á Suðurlandi. Það gæti hugsanlega hentað mönnum sem þurfa að skreppa í sólarlandafri eða þurfa að bregða sér frá vegna veikinda eða annað. Þá er ég allveg til í að leggja mönnum lið ef svo stendur á. Eg held að menn ættu allveg að geta treyst mér til þess,“ segir Indriði. Ef menn hafa áhuga á hans starfskröftum þá er hægt að ná í hann í síma 588-4803.

Byggðin í Djúpinu á undir högg að sækja

Þótt byggðin í Djúpinu hafi átt undir högg að sækja og sé orðin býsna völt, þá er hún ekki allveg brostin. Nokkur myndarbylí eru þar enn í rekstri. Samkvæmt orðum Indriða verður Skjaldfönn í ábúð allavega hluta úr ári. Á Laugalandi í Skjaldfannardal, eða öllu heldur á Laugarholti, er enn fjárbúskapur hjá Þórði Halldórssyni og konu hans, Dagrúnu Magnúsdóttur, ásamt tveim börnum. Skólaganga barnanna mun þó vera farin að hafa veruleg áhrif á þann búskap.



Skjaldfönn í Skjaldfannardal.

Mynd / IA



Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn.



Ragna Aðalsteinsdóttir, bóndi á Laugabóli.

Mynd / HKr.



Látrar við Mjóafjörð.

Mynd / HKr.

Næsta fjárbú er hjá Jóhönnu R. Kristjánsdóttur í Svansvík í Ísafirði. Salvar Hákonarson hefur svo búsetu í Reykjafirði á samnefndum bæ án þess að vera með búfé.

Í Vatnsfirði býr Kristján Sigmundsson og kona hans. Hann er yfirvélstjóri á togaranum Júlíusi Geirmundssyni frá Ísafirði og er hann bróðir Sigmundar sem fluttur er frá Látrum. Felst búskapurinn aðallega í dúntekju í Borgarey sem er talsvert mikil.

Þá er Finnbogi Jónsson í Hörghlíð í Mjóafirði með fé og eins er Stefán, annar bróðir Sigmundar á Látrum, búinn að koma sér upp stofni með um 40 kindum á Látrum. Að auki er hann kominn í hlutverk Sigmundar bróður síns við vegaeftirlit fyrir Vegagerðina.

Í Strandseljum við mynni Laugadals býr Aðalsteinn L.

Valdimarsson, sem er með sauðfé og nokkra nautgripi.

Ragna Aðalsteinsdóttir á Laugarbóli er enn með um 150 fjár þó orðin sé níræð að aldri og hafi þurft að glíma við blóðtappa í haust. Hún sagðist í samtali við Bændablaðið ekkert vera á þeim buxunum að gefast upp þótt næsti nágranni hennar, Sigurjón Samúelsson á Hrafnabjörgum, hafi neyðst til að flytja á öldrunardeild sjúkrahússins á Ísafirði í haust. „Það er seigt í sumum,“ sagði Ragna.

Þess utan búa þau Kristján Kristjánsson og Sigríður Hafliðadóttir enn á Hvítanesi í Skötufirði þótt mjög hafi verið dregið úr fjárbúskapnum þar.

Eins er búskapur í eyinni Vigur, þar sem þjónusta við ferðamenn er þó orðinn einn veigamesti pósturinn hjá bændunum Salvári Baldurssyni

og Hugrúnu Magnúsdóttur. Síðan hefur einnig verið rekinn hlunnindabúskapur á sumrin í Æðey. Þar með er upptalinn búskapurinn í Innjúpinu þar sem um 400 íbúar bjuggu á fjölda bæja árið 1950.

Mikið hefur dregið úr búskap í utanverðu Ísafjarðardjúpi

Utar í Djúpinu er svo mjólkurbúskapur í Hattardal og eins er búið á Svarthamri í Alftafirði og í Arnardal við Skutulsfjörð. Nokkrir frístundabændur eru svo með fé að Kirkjubóli í innanverðum Skutulsfirði. Þá hóf Steingrímur Jónsson aftur búskap með sauðfé í Efri-Engidal 2013 eftir niðurskurð á bæði sauðfé og kúm vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslustöðinni Funa 2011. Hann segir þó að búskapur sinn í dag flokkist þó

vart annað en frístundabúskapur, en hann er með um 100 kindur. Hann segist ekki hafa íhugað að hefja kúabúskap á ný. Stendur Steingrímur enn í málaferlum vegna þess tjóns sem hann varð fyrir við niðurskurðinn og er mál hans gegn Ísafjarðarbæ enn til meðferðar hjá Héraðsdómi Vestfjarða.

Á Hrauni í Hnífsdal er fjárbúskapur aflagður þótt þar sé enn búseta. Í Bolungarvík er mjólkurframleiðsla á Ósi hjá Högna Jónssyni og Sunnu Rey Sigurjónsdóttur. Þá er enn búið með sauðfé á Hanhóli og á Geirastöðum, en stærsti fjárbóndinn í Víkinni er án efa Sigurgeir G. Jóhannsson í Minnihlíð. Eins eru líka nokkrir frístundabændur með kindur og aðstöðu m.a. á Hóli. Þá er búskapurinn við Djúp upptalinn.

/HKr.

Búvís 10 ára 2016

Að því tilefni höfum við náð samningum um sérstök afmælistilboð við nokkra af okkar helstu birgjum:

AFMÆLISTILBOÐ

Kr. 489.000.- án vsk.



Rauch MDS 19,1K áburðardreifari, 900 lítra, vökvaopnun.

SaMASZ
MASZYN ROLNICZE I KOMUNALNE

KRÄNZLE

RAUCH
wir nehmen's genau



AFMÆLISTILBOÐ

Kr. 795.000.- án vsk.



Rauch AXIS 32,2 áburðardreifari, 1400 lítra, vökvaopnun.

AFMÆLISTILBOÐ

Kr. 49.900.- án vsk.



Kranzle háþrýstidæla K1050P
Vatnsfæði, 7,5 lítrar á mín.
Vatnsþrýstingur 160 bar,
8 metra slanga.

AFMÆLISTILBOÐ

Kr. 139.000.- án vsk.



Kranzle háþrýstidæla K2160TST
Vatnsfæði, 11 lítrar á mín.
Vatnsþrýstingur 160 bar,
15 metra slanga, turbo
og kraftstútur.

AFMÆLISTILBOÐ

Kr. 895.000.- án vsk.



Samasz KDT300 diskasláttuvél,
vinnslubreidd 3 metrar.

AFMÆLISTILBOÐ

Kr. 1.395.000.- án vsk.



Palmse PT150 sturtuvagn með lausum skjólbörðum, 13 tonna burðargeta,
palllengd 4,8 metrar, dekk 520/50-17. **Takmarkað magn.**

**Búvís lækkar áburðarverð
um 15 til 19% á milli ára
Hvar kaupir þú áburð í ár?**

VERÐSKRÁ ÁBURÐARTEGUNDA 2016

	Áburðartegund	Greitt í febrúar-mars- apríl kr.tonn án vsk.	Greitt í maí, kr/tonn án vsk.	Greitt í október kr/tonn án vsk.
1	Kraftur 27+Ca+Mg+S	56.810 kr.	58.240 kr.	61.360 kr.
2	Kraftur 34+Se	57.660 kr.	59.110 kr.	62.280 kr.
3	Völlur 23-5+Ca+Mg+S+Se	61.550 kr.	63.090 kr.	66.480 kr.
4	Völlur 26-8+Ca+S+Se	61.630 kr.	63.180 kr.	66.570 kr.
5	Völlur 27-12 +S	63.950 kr.	65.550 kr.	69.070 kr.
6	Völlur 30-5+S+Se	59.850 kr.	61.350 kr.	64.640 kr.
7	MAP 12-52 (25 kg)	2.390 kr.	2.450 kr.	2.580 kr.
8	Gardenia 8-9-30+S (25 kg)	2.640 kr.	2.710 kr.	2.850 kr.
9	Völlur 17-15-15+S	69.830 kr.	71.580 kr.	75.420 kr.
10	Völlur 20-9-9+Ca+S+Se	65.880 kr.	67.530 kr.	71.160 kr.
11	Völlur 20-10-10+S	65.760 kr.	67.410 kr.	71.030 kr.
12	Völlur 22-8-8+Mg+S+Se	65.960 kr.	67.610 kr.	71.240 kr.
13	Völlur 23-4-4+Ca+Mg+S+Se	61.360 kr.	62.900 kr.	66.270 kr.
14	Völlur 23-7-12+S+Se	67.980 kr.	69.680 kr.	73.420 kr.
15	Völlur 27-6-6+S	59.940 kr.	61.440 kr.	64.740 kr.
16	Kornað kalk (1100 kg)	29.900 kr.	30.650 kr.	32.300 kr.

Verðin gilda meðan birgðir endast. Verð getur breyst án fyrirvara.

Sölumenn Búvís, Grímseyjargötu 1, 600 Akureyri:

Valgeir Anton Þórisson
Sími 465-1332 eða 862-4003 - Netfang: vanton@buvís.is
Einar Guðmundsson
Sími 465-1332 eða 660-1648 - Netfang: einar@buvís.is
Gunnar Guðmundarson
Sími 899-9193 - Netfang: gunnar@buvís.is
Ragnar Ólafsson
Sími 465-1332 eða 863-1401 - Netfang: ragnar@buvís.is

Sölumenn á áburði á einstaka sölusvæðum eru:

Austurland: Baldur Grétarsson Sími 861 1961
Landeyjar: Guðni Ragnarsson Sími 898 6124
Suðurland: Guðbjörg Jónsdóttir Sími 693 6864
Flúðir: Jón Viðar Finnsson Sími 898 1468
A.-Húnavatnssýsla: Rúnar Örn Guðmundsson Sími 695 3363

Búvís
2006-2016
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvís.is



STEKKUR

Í fríi allt árið

Trúarhátíðir eru helstu frídagarnir ársins og hægt að fjölga þeim með því að vera fjöltrúar og nýta sér alla frídaga sem hin mismunandi trúarbrögð bjóða.

Rétttrúnaðarkirkjan, armenska kirkjan og rastafarar halda jól snemma í janúar og upplagt að halda aftur jól. Um miðjan mánuðinn er gott að rifja upp nokkrar möntrur því þá vegsama búddistar Shinran.

Skömmu eftir miðjan janúar halda tré upp á áramótin og upplagður frídagur fyrir áhugamenn um trjárækt. Kínverjar halda upp á áramótin á fyrsta fulla tungli í janúar eða febrúar.

Í Japan er sérstæð hátíð í febrúar sem kennd er við sáningu bauna. Hindúar halda fórnarhátíð í febrúar þar sem brennt er reykelsi og borðaðar hnetur. Bollu-, sprengi- og öskudagur, allt góðir og gildir frídagar. Ekki gleyma þorablótunum.

Írar fagna heilögum Patreki í mars og í kaþólsku er í mars dagur kenndur við Jósep stjúp-föður Krists og sjálfsagt að votta honum virðingu fyrir uppeldið á stráknum.

Vorjafndægur eru í mars. Fylgjendur Sarabústra líta á daginn sem upphaf nýs árs. Boðunardagur Maríu er 25. mars og sjálfsagt að taka sér frí.

Í apríl er afmælisdagur Rama, sjöttu líkamsmyndar Vishnu samkvæmt trú hindúa. Trúarleiddtogar sveifla sér í rólu fyrir framan mynd af Rama. Páskar eru fyrsta sunnudag eftir fullt tungl að loknum vorjafndægum.

Fyrsti maí er frídagur af trúarlegum ástæðum hjá mörgum, upphaflega tengist hann fornri frjósemishátíð og reðurdyrkun.

Hvítasunnudagur er sjöunda sunnudagur eftir páska. Þrenningarhátíð er sunnudagurinn eftir hvítasunnu. Austurkirkjan heldur sinn uppstigningardag í júní.

Í júní er upplagt að halda upp á lýðveldisdaginn, borgaralegan frídag, sumarsólstöður, Eldrðar-messu og dýradag.

Sumarfríin bjarga júlí og án þeirra væru skammarlega fáir frídagar í mánuðinum og helst að kroppa í daga eins og Margrétar-, Svitúns- og Ólafsmessu.

Íslendingar halda frídag verslunarmanna fyrstu helgina í ágúst. Hindúar fagna Raksha Bandham snemma í mánuðinum, 6. ágúst er helgidagur hjá grísku kirkjunni.

Fáir helgidagar eru í byrjun september og því upplagt að halda töðuglöld snemma.

Japanir gera mikið úr sólstöðum, 21. til 24. september. Egíðius-, Lamberts- og Marítíus-messu og engladagur eru í september.

Díónýsiusmessa er snemma í október. 17. til 26. október halda hindúar stórhátíð og sjálfsagt að fagna með þeim.

Kaþólikkar halda allraheilagra messu snemma í nóvember. Rastafarar minnast krýninga Haile. Leonardus-, Brikíus- og Cecíliumessa eru í nóvember.

Desember er mesti hátíðarmánuðurinn hér á landi og því ótal afsakanir til að vera í fríi, jólaglög, jólahlaðborð og verslunarferðir til útlanda.

Sé haldið upp á allar ofangreindar trúarhátíðirnar ætti að vera hægt að vera í fríi stóran hluta ársins. Einnig má halda upp á þjóðhátíðardag fjölmargra landa, afmælisdaga eða bara búa sér til sína eigin frídaga. Möguleikarnir eru óþrjótandi.

/VH

UMHVERFISMÁL & LANDBÚNAÐUR

Ari Trausti Guðmundsson

Jarðfræðingur og rithöfundur



Ástand og eðli lands – val á búgreinum – 9. grein

Í Hugtakið jarðvegur hefur ólíka merkingu eftir notanda. Fyrir einum merkir það laus jarðlög en öðrum ákveðna gerð lausra jarðlaga, einkum með lífrænum leifum, og þá einmitt hina brúnu mold sem landbúnaðurinn byggir á. Meginhluti íslensks jarðvegs af þeirri gerð flokkast sem andosol-eldfjallajörð. Hún er ágætlega frjósöm en fremur rofgjörn út af fremur litlu leirinni-haldi en háu hlutfalli eldfjallagjósku (mest basaltgler). Er mest um hana innan eldvirka beltsins (um fjórðungur landsins) og næst því. Hlutfall lífrænna leifa og næringarefna er mishátt og eins er þykkt bruna jarðvegsins ólík eftir landsvæðum og hæð yfir sjó. Á stærstu flatlendum og í dalbotnum getur hún numið mörgum metrum, fáeinum metrum á lágheiðum og aðeins nokkrum sentimetrum eða tugum sentimetra ofarlega í fjallhlíðum og á hálendum heiðum. Viða er ásynd lands án slíks jarðvegs og samfelldrar gróðurhulu með öllu eðlileg. Moldríkur jarðvegur hefur safnast upp. m.a. vegna áfoks, öskufalls og lífrænna leifa, á um 11.000 árum eða skemmri tíma. Í jarðvegssniðum sést hvernig því vindur fram og hvernig þyknunarhraðinn breyttist eftir landnám manna, landbúnað þeirra og aðrar athafnir sem breyttu yfirbragði gróins lands. Mikið af jarðvegi tók að færast úr stað og skýrist það að hluta af vind- og vatnsrofi sem tók fljótlega mikinn kipp.

II Skipta má jarðvegi í nokkrar gerðir innan flokkanna votlendis og þurrlendis, en það verður látið ógert hér. Í stað þess verður hugað að ástandi jarðvegs á landinu öllu. Heildarmat á því er orðið næstum 20 ára gamalt (RaLa og Landgræðslan) en gera má ráð fyrir að það gefi enn sæmilega vísbendingu um stöðuna. Niðurstöður heildarútektarinnar sýndu umtalsvert eða alvarlegt jarðvegssrof á 40% landsins, eða 52% landsins þegar hæstu fjöll, jöklar, ár og vötn eru undanskilin. Um 18.000 ferkm voru (1997) með hæstu rofeinkunn, 4 og 5. Innan þessa hluta eru náttúrulegar auðnir og sjávarsandar, jafnt sem örfoka land sem áður bar jarðveg og gróður. Talsvert rof sást á um 25.000 ferkm (rofeinkunn 3). Ekkert eða lítið rof (rofeinkunn 0,1 og 2) var á um 38.000 ferkm. Taka verður tillit til þess að gæðum jarðvegs hefur sums staðar hnignað. Jarðvegur myndaður eftir landnám er víða með meira af áfoksefnum, grófkornóttari og með minni samloðun og lífrænu efni en eldri jarðvegur. Rofeinkunnir segja ekkert til um hvers konar gróður er að finna á svæðum né um ástand hans. Nú er það mat Landgræðslunnar að rof og veðrun jarðvegs vinni ekki lengur á, eftir um aldalanga viðspyrnu og endurheimtur. Héðan af höfum við vinninginn ef áfram er haldið sem fyrr og bætt í að auki.

Eigendaskipti hjá Helluskeifum

Skömmu fyrir áramót seldu Agnar Jónasson og Svala Jónsdóttir fyrirtækið Helluskeifur í Stykkishólmi. Kaupendur eru Rúnar Jónhannson og Sesselja Guðmundsdóttir á Skagaströnd.

Agnar segir að fyrirtækið sé búið að framleiða og selja skeifur frá árinu 2008 og þeim verið vel tekið. „Allt tekur enda og ákvæðum við að breyta til og selja fyrirtækið. Við viljum á þessum tímamótum þakka öllum sem hafa verslað við okkur í gegnum tíðina og óskum nýjum eigendum velfarnaðar í framtíðinni.“



Inn í val á búgreinum innan landsvæða eða t.d. við nýliðun í héraði eða við fækkun/stækkun búa á að horfa til í hvaða ástandi jarðvegur og gróður telst vera, hvaða burðargetu svæði hefur, til hvers landgæðin henta best og um leið hvernig svæðið er í sveit sett með þjónustu, jafnt afurðastöðva sem samgangna.

Mynd / HKr.

III Mikil umskipti hafa einnig orðið í gróðurfari grænna svæða og vistkerfin hafa breyst. Tré hverfa og gróðursamsetning breytist þegar flatarmál birkiskóga og kjarrs minnkar úr u.þ.b. 25% af landsinu í um 1%. Votlendi grær upp eða myndast eða er ræst fram. Jarðvegur hverfur alveg af sumum svæðum og harðgerðar landnámsjurtir birtast. Beit breytir tegundasamsetningu á grónu landi með útbreiðslu jurta sem verjast vel búfjárbreit. Á meðan ýmis svæði hafa verið grædd upp eða ræktað og vistkerfin styrkt er landhningun staðreynd. Samkvæmt gagnagrunni Landbúnaðarháskólas (Nytjaland) má ætlað að hennar gæti á allt að 30.000 ferkm. Athafnir manna og mannvirkjagerð raska líka vistkerfum landsins. Má þar nefna vegagerð, jarðvinnslunámur, virkjanir og raflínur, ferðamennsku og akstur utan vega.

IV Eins og öðru fagfólki er lagið hljóta bændur að meta þá auðlind sem að þeim snýr. Landgæði og nýtingarmöguleikar, sem landsvæði fela í sér, ráða hvað mestu um hvers konar landbúnaður þar er stundaður. Sem leikmaður giska ég á að þetta eigi við sauð-

fjárrækt, kúabúskap, skógrækt, kornrækt, grænfóðursræktun, grænmetisræktun, repjuræktun til eldsneytisgerðar, búskap með „frjálssar“ hænur og „frjáls“ svín í bland við hefðbundna eggja-, kjúklingakjöts- og svínakjötsframleiðslu svo einhver dæmi séu nefnd. Að sjálfsögðu hefur landsvæðabundin nýting einkennt landbúnað að nokkru marki. Engu að síður mætti það gerast oft og víðar og þá sem hluti af þeirri hæg-fara endurskipulagningu greinarinnar sem hófst með kvótasetningu í mjólkurframleiðslu, tæknibyltingu og nýjum viðhorfum fyrir 20–30 árum. Inn í val á búgreinum innan landsvæða eða t.d. við nýliðun í héraði eða við fækkun/stækkun búa á að horfa til í hvaða ástandi jarðvegur og gróður telst vera, hvaða burðargetu svæði hefur, til hvers landgæðin henta best og um leið hvernig svæðið er í sveit sett með þjónustu, jafnt afurðastöðva sem samgangna.

V Ef á að hafa landgæði í huga við val á búgreinum og skipulagningu landbúnaðar þarf jafn góðan ramma og er í sjávarútvegi. Með því er átt við rannsóknir, upplýsingagjöf og aðstoð, jafnt sérfræðinga sem fjármálastofnana

og ríkisins. Vinna þarf nýja úttekt á ástandi jarðvegs (nýtt rofkort), uppfæra verkefnið Nytjaland (gróðurkortabáttinn), ef þess er þörf, og ljúka því, eins og til stöð. Síðan væri sérstök úttekt á landinu unnin. Hún gæti falist í að nota upplýsingar um landgæðin til þess að útbúa, í samvinnu sérfræðinga, sveitarfélaga og bænda, reitaskipt landshlutakort er gefa vísbendingar um hvaða hlutar hvers landsvæðis henta undir ólíkar tegundir búskapar. Sennilega þarf um leið að endurskoða kjötrframleiðslu sauðfjár. Á hún að full-nægja innanlandsmarkaði einum eða arðbærum útflutningi að auki? Ef fiskveiðar eiga að vera stundaðar með ólíkum aðferðum og til veiða á ólíkum fisktegundum á þar til ákvörðunum, mismunandi hafsvæðum, og samkvæmt úthugsuðum kvóta, gildir ekki eitthvað svipað um landbúnað? Þegar þetta er skrifað hefur starfshópur um landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu að skilað skýrslu og tillögum til ráðherra (http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/sk150817_landnotkun-og-sjalfbaer-landnyting.pdf). Verður spennandi að sjá hvað úr verður og hve fljótt.



Agnar Jónasson og Svala Jónsdóttir, fyrrverandi eigendur Helluskeifa í Stykkishólmi.



Mynd: Josefina Unterhauer

Altt í gleri ÚTI OG INNI

Smiðjuvegi 7
200 Kópavogi
Sími: 54 54 300
ispan@ispan.is
ispan.is

Framúrskarandi
fyrirtæki

Ispan

GLER OG SPEGLAR

BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAÐ ALUSINK
PLÖTUR KLÆÐA 107 CM

NÝJUNG
VATNSRÁS

VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR

STJÖRNUBLIKK
GANGKASSAR • ALMENN BLAKKIN • KANASTÁL • BÁRUJÁRN
LOFTSTÆÐINGIR • SÖP • ELEMNT • RESSUTÖNN • KLÆÐNINGAR

Snögg og góð þjónusta!

Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

LÆSTAR
KOPAR OG SINK
KLÆÐNINGAR

Flotvinnugallar



Léttir - Þægilegir
Öryggir - Sterkir

Vandaður og sterkur
vinnufatnaður
frá Svíþjóð.
Bæði til
heilir og tvískiptir.
jakki og smekkbuxur

Gott verð !

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna Laugavegi 178 - s: 551 6770 - www.vesturrost.is



BÚBÓT

ÞÚ GRÆÐIR UM LEIÐ OG ÞÚ GRÆÐIR TÚNIN

Kynntu þér möguleika
NOVA Optimizer
á www.isco.is
eða í síma 562 1100



ISCO

Auðbrekka 25 - 27 / +354 562 1100 / isco@isco.is / www.isco.is

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Landbótasjóður Landgræðslunnar Auglýsing um styrki 2016

Umsóknarfrestur framlengdur

Landgræðsla ríkisins auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki úr Landbótasjóði Landgræðslunnar, en sjóðurinn úthlutar árlega styrkjum til margvíslegra landbótaverkefna til bænda, sveitarfélaga, félagsamtaka og annarra umráðahafa lands.

Við ákvörðun um styrkveitingar er m.a. lögð áhersla á:

- Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar.
- Endurheimt gróðurs, jarðvegs og votlendis.
- Að landnýting verði sjálfbær.

Sérstök athygli er vakin á að sjóðurinn styrkir aðgerðir til endurheimtar votlendis og land friðað fyrir beit nýtur að öðru jöfnu forgangs við ákvörðun um styrkveitingar.

Nánari upplýsingar, umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur sjóðsins eru á heimasíðu Landgræðslunnar (www.land.is) Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2016.



Landgræðsla ríkisins - Gunnarsholti, 851 Hella - Sími 488 3000
Veffang www.land.is - Netfang land@land.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar
bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum,
með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is



Forvitnilegar niðurstöður rannsókna á álótta hrossalitnum varpa ljósi á það hvernig villtir hestar urðu að tömdum hestum:

Álótti liturinn kortlagður

Nýjar upplýsingar á sviði literfðafræði varpa ljósi á hnignun álótta litarins í hestakynjum. Hópur vísindamanna, með íslenska erfðafræðingnum doktor Freyju Imsland í fararbroddi, hefur nú komist að því hvernig hross verða álótt að lit, og hvað varð valdur að því að flestir hestar glötuðu þessum upprunalega felulit. Íslenski hesturinn, með sína gífurlegu litafjölbreytni, spilaði stórt hlutverk í rannsókninni. Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í vísindaritinu Nature Genetics.

Tamin hross gegna margvíslegum hlutverkum. Þau eru notuð til reiðar, dráttar og ýmislegrar vinnu, en einu hafa þau upp til hópa glatað sem villtir forfeður þeirra höfðu til að bera – álótta litnum. Lýsa má þessu litafbrigði sem ljósum felulit með dökkum röndum og mynsturpáttum, litur sem féll vel að umhverfi villtra hrossa á opnum sléttum og gerði rándýrum erfiðara um vik að hafa þau að bráð.

Rannsóknin er afkastur alþjóðlegrar samvinnu milli margra rannsóknateyma, undir stjórn einstaklinga hjá Uppsalaháskóla í Svíþjóð, og Huntsville Institute of Biotechnology í Alabama, Bandaríkjunum. „Það má segja að þessi rannsókn sé áframhald þeirrar vinnu sem doktor Stefán Aðalsteinsson heitinn vann á sínum tíma. Hann var fyrstur vísindamanna til að birta heildstæða enska lýsingu á erfðum álóttu litanna þriggja; bleikálóts, móálóts og bleiks,“ segir doktor Freyja Imsland, sem sá um erfðafræðilega hluta rannsóknarinnar. „Við höfum tekið þann þráð upp og útskýrt sameindaerfðafræðilegan grunn álótta litarins, og í leiðinni komist að ýmsu mjög áhugaverðu um sameindalíffræði, og um hestinn fyrir og eftir að maðurinn fór að hafa afskipti af honum.“

Sjaldgæfur á heimsvísu

Litur álóttra hrossa einkennist af því að feldurinn er að mestu ljósari en hjá þeim hrossum sem ekki eru álótt. Hlutar feldsins eru þó dökkir, og ber þar helst að nefna álinn sem liturinn er nefndur eftir, dökka rönd sem liggur eftir endilangri hryggjarsúlu hestsins, allt frá ennistoppi og að stertsenda. Einnig geta álótt hross haft ýmis önnur mynstureinkenni, svo sem




Bleikt er eitt afbrigði álóts litar. Hér liggur bleikur hestur í sunnlenskum haga, svo að vel má sjá rauðan álinn eftir baki hans. Mynd / Freyja Imsland

dökka leggi, herðakrossa, leggjarendur áþekkar þeim sem sebrahestar bera, ásamt mörgum öðrum dökkum mynsturpáttum.

Álótti liturinn er algengur meðal villtra ættingja tamda hestsins, til að mynda er mongólski villihesturinn (*Equus ferus przewalskii*), hinn eini eftirlifandi stofn villihesta í heiminum, bleikálóttur að lit. Sama má segja

um hinar ýmsu tegundir villtra asna, þær eru einnig álóttar. Sebrahestar eru aftur á móti nokkuð ólíkir að lit, en færa má rök fyrir því að sebrahendur séu í raun afskaplega ýkt útgáfa af álóttum lit, og má þar nefna að útdauð undirtegund sléttusebra, kvagginn (*Equus quagga quagga*) var bleikálóttur á skrokkinn þó að höfuð, háls og bógar væru sebraröndóttir.



Skematísk lýsing þess hvernig TBX3 veldur ósamhverfri litdreifingu í hárvexti, og þar með ljósum lit í álóttum hrossum. TBX3 (sýnt með grænum lit), er að finna í vissum hlutum hársökkjarins hjá álóttum hrossum, og útilokar litfrumur frá því svæði. Í hrossum sem ekki eru álótt er TBX3 ekki til staðar í hársökknum, og því verður hárið jafnlit allan hringinn, og hrossið dökkt að lit. Teikning / Kelly McGowan og Freyja Imsland



Þrír álóttir graðfolar í Landeyjunum ræða hver þeirra er mestur og bestur. Frá vinstri: bleikálóttur, móálóttur og bleikur. Mynd / Freyja Imsland

Þau hross sem ekki eru álótt eru litsterkari og dekkri en ef þau hefðu álóttan lit. Eins og staðan er í dag, þá er álóttur litur sjaldgæfur á heimsvísu. Sérstaklega er þetta áberandi í vest-rænum hestakynjum, þar sem álótt er afskaplega sjaldséð. Því má álykta að mannkyn hafi í aldanna rás frekar verið hallt undir dökk hross.

„Það sem er sérlega áhugavert við álótt hross er að liturinn er ekki jafn um allan skrokkinn,“ útskýrir prófessor Leif Andersson sem leiddi erfðafræðilegan hluta rannsóknarinnar. „Okkur lék forvitni á að vita hvernig álótta mynstrið verður til, hvernig sum hár eru ljósleit en önnur dökk, til dæmis í álnum.“

Erfðabreytingarnar skilgreindar

Fyrstu skref rannsóknarinnar voru að kanna litarefnið í einstökum hárum. „Litur hára hefur verið vel rannsakaður í gegnum tíðina, einkum í nagdýrum og rándýrum, ásamt mannfólki, og eru hár álóttra hrossa mjög ólík því sem þekkt er þar. Í ljósum hárum álóttra hrossa er litarefnið ekki jafndreift hringinn í kringum hárið. Sú hlið hársins sem vísar frá búi hestsins er dökk, en hliðin sem vísar innávið er að mestu án litarefnis,“ segir Freyja. „Dökku hárin í álnum eru aftur á móti jafnlit allan hringinn. Hross sem ekki eru álótt, til að mynda jörp, brún og rauð hross, þeirra hár eru jafnlit allan hringinn.“

Kortlagning og raðgreining erfðaefnis leiddi í ljós að það sem skilur á milli álóttra hrossa og þeirra sem ekki eru álótt eru erfðabreytingar sem hafa áhrif á erfðabáttinn TBX3. Próteínafurð TBX3 er mikilvæg fyrir fósturþroska, og ef erfðabátturinn er með öllu óvirkur veldur það alvarlegri fötlun hjá mannfólki, svonefndu Ulnar-Mammary Syndrome (UMS). Þær erfðabreytingar sem rannsakendurnir uppgötvuðu í hestum eru annars eðlis, og hafa engin áhrif á fósturþroska, þar sem áhrifanna er einvörðungu að gæta í hársökkjum.

Óvænt uppgötvun var að tvær ólíkar víkjandi erfðabreytingar liggja að baki skorti á álóttum lit. Þessum erfðabreytingum hafa verið gefin heitin d1 og d2. „Þau hross sem ekki eru álótt að lit eru mun litsterkari en álótt hross, litartónn álóttra hrossa er almennt séð dumbari. Þó það sé sammerkt bæði d1 og d2 erfðabreytingunum að hrossin eru dökk að lit, er það svo að þessar tvær erfðabreytingar hafa ólík áhrif. Þau hross sem bera d1 erfðabreytinguna geta haft litmynstur sem svipar til álótta mynstursins þó þau séu sjálf dökk að lit, hrossin verða jarmönótt, rauðmönótt, brúnmönótt, o.s.frv. Þau hross sem aftur á móti eru arfhrein um d2 erfðabreytinguna hafa almennt ekki mön eftir hryggnum,“ segir Freyja. Þetta getur leitt til þess að eigendur mönótttra hrossa halda að hrossin séu álótt. Besta leiðin til að skilja þarna á milli er að horfa á bæði litstyrk og -tón hestsins. Sérstaklega

er þetta líklegt til að verða fólki fjötur um fót með jarmönótt hross, þau geta oft á tíðum blekkt eigendur sína að þau séu bleikálótt,“ segir Freyja.

Útskýra rendur sebrahesta

Til að komast að raun um hvernig TBX3 hefur áhrif á lit hesta könnuðu rannsakendur próteinið í vaxandi hárum úr húð íslenskra hrossa, bæði álóttra og dökkra.

„Þegar við athuguðum hár í vexti fundum við einungis TBX3 próteinið í hársökkjum ljósra hára álóttra hrossa, en ekki í dökkum hrossum. TBX3 próteinið er þar að finna í hluta hársökkksins, og það verður þess valdandi að litfrumur þroskast ekki. Þar með verður dreifing litarefnisins í hárinu ósamhverf,“ útskýrir Freyja. „Niðurstöður okkar benda til þess að TBX3 hafi áhrif á þroskun viss þýðis frumna í hársökknum, og skapi þar með örumhverfi sem útilokar litfrumur.“

Vísindamennirnir að baki þessari rannsókn telja að niðurstöðurnar geti gefið vísbendingar um hvernig rendur sebrahesta myndast. Sebrahestar hafa alsvarta húð, en feldurinn er settur bæði dökkum og ljósum röndum.

„Það myndi ekki koma mér á óvart ef það kæmi í ljós að TBX3 komi sterkt við sögu í hvítum röndum sebrahesta, að það hamli litframleiðslu þar rétt eins og í ljósum hárum álóttra hesta,“ segir Leif Andersson.

Frekari rannsóknir á fornum sýnum

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á að d2 erfðabreytingin er til þess að gera ung, að hún hafi komið fram á sjónarsviðið eftir að maðurinn tamdi hesta fyrst, fyrir um 6.000 árum. Bæði álóttur litur, og d1 erfðabreytingin eru aftur á móti mun eldri. Sýni sem raðgreint var við Kaupmannahafnarháskóla, úr 43.000 ára gömlum villihesti, leiddi í ljós að sá einstaklingur bar bæði álótta arferð sem og d1 erfðabreytinguna.

„Þessi uppgötvun, að finna bæði álóttar og d1 erfðir í svo fornu sýni, er sérstaklega spennandi. Það ber í för með sér að áður en maðurinn fór að hafa afskipti af hrossum voru til tvö litafbrigði hesta, mögulega tvær undirtegundir sem hafa aðlagast ólíkum heimkynnum þegar isöldin leið undir lok. Það að við finnum báðar útgáfur af þessum erfðabætti í tömdum hrossum í dag bendir til þess að bæði litrafbrigðin hafi lagt erfðaeftir til hins tamda hests. Frekari rannsóknir á erfðaeftir úr fornleifum koma til með að sýna fram á hver útbreiðsla þessara litafbrigða var meðal villihesta, og þar með varpa frekara ljósi á það hvar og hvenær hestar voru fyrst tamdir,“ segir Freyja.



Mynstur álóttra hrossa er afskaplega margbreytilegt, hér getur að líta nokkra þeirra mynsturpáttanna sem finna má, svo sem ála, herðarendur, leggjarendur og dökkar grímur. Mynd / Freyja Imsland og Páll Imsland

ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI

Volvo Penta á Íslandi sendir samstarfsaðilum og landsmönnum öllum nýárskeðju með ósk um farsæld á nýju ári



Skoðaðu Volvo Penta í dag

Breið lína bátavéla sem henta margvíslegum gerðum og stærðum báta. Komdu og skoðaðu sýningarvélar í dag og ræddu við ráðgjafa.

Uppitaka á bátavélum

Við tökum eldri Penta vélbúnað upp í kaup á nýjum búnaði. Eigum til uppgerðan vélbúnað til sölu á lager. Kynntu þér notaðar bátavélar til sölu.

Öflug Volvo Penta þjónusta

Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt. Vélaverkstæði Brimborgar og þjónustuaðilar um land allt taka að sér þjónustu og niðursetningu á Volvo Penta vélbúnaði.

Neyðarþjónusta okkar fyrir Volvo Penta vélbúnað, ljósavélar og rafstöðvar er margþætt enda aðstæður viðskiptavina okkar misjafnar. Fáðu verðtilboð í þjónustu.

Kauptu bestu varahlutina

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.

HAFÐU SAMBAND Í DAG

- Sími: 515 7070
- Netfang: volvopenta@brimborg.is
- Ný heimasíða: volvopenta.is

VOLVO PENTA



- Hældrifsvélar
- Gírvélar
- IPS vélbúnaður
- Rafstöðvar og ljósavélar



Traust teymi Volvo Penta á Íslandi | Brimborg

Á myndinni eru frá vinstri: Jóhann Rúnar Ivarsson þjónustustjóri, Hilmar Skúli Hjartarson vélvirkir, Ingvar Karl Ingason verk- og tæknistjóri, Gissur Kristjánsson söluráðgjafi varahluta, Guðmundur Gísli Sigurðsson söluráðgjafi vélbúnaðar, Gunnar Hjálmarsson söluráðgjafi varahluta og Kristinn Már Emilsson framkvæmdastjóri Volvo Penta á Íslandi.



Volvo Penta á Íslandi | Brimborg • Bildshöfða 6 • Sími 515 7070 • volvopenta.is

Með fagmönnum skal fjós byggja



Hönnun

Í árána rás hefur safnast upp mikil þekking og reynsla í hönnun á nýjum fjósum og breytingum á eldri byggingum.

Við vinnum náið með viðurkenndum verkfræðistofum hér á landi og með því samstarfi getum við boðið uppá víðtæka verkfræðiþjónustu og hönnun:

“Frá hugmynd að fjósi”

Innréttingar og tækjabúnaður í fjós

- Milligerðir
- Átgrindur
- Milligrindur
- Stólpar og festingar
- Vatnsdallar og vatnstrog
- Gjafakerfi
- Fóðurmixarar
- Flórsköfupjarkar
- Haughrætur og dælur
- Flórsköfukerfi, glussasköfur, reipsköfur, keðjusköfur
- Kálfafóstrur og kjarnfóðurbásar
- Náttúruleg loftræsting



Sterkir í stálgrindarhúsum

Á undanförunum árum hefur Landstólpi selt um 100 stálgrindarhús af öllum stærðum og gerðum sem reist hafa verið um allt land. Við höfum sérhæfðan og öflugan tækjakost og afbrigðis starfsfólk með mikla reynslu. Stálgrindarhúsin eru framleidd í Hollandi af H.Hardeman sem er rótgróið fjölskyldufyrirtæki.

H.Hardeman hannar og framleiðir stálgrindina og allar klæðningar og eykur það mjög öryggi okkar viðskiptavina að hafa framleiðsluna á einni hendi.



Þekking og reynsla!

Í 15 ár hefur Landstólpi ehf. verið leiðandi fyrirtæki í hönnun á nýjum fjósum og breytingum á eldri byggingum.

Á þessum árum höfum við fylgst vel með þróun fjóshönnunar í Evrópu með því að heimsækja á hverju ári bændur og fyrirtæki. Þessa þekkingu og reynslu til margra ára nýtum við sem best til hagsbóta fyrir íslenska bændur með vinnusparnað, velferð gripa og aukna framlegð að leiðarljósi.

Fjós eru okkar fag



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Hægrennslis- og örvirkjanir vatnsorku í deiglu — þar sem margt smátt gerir eitt stórt:

Vaxandi áhugi fyrir umhverfislega sjálfbærum smávirkjunum

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Bygging stórra vatnsorkuvera útheimtir oftast mikil stíflumannvirki sem sæta stöðugt meiri andstöðu umhverfisverndarsinna. Til að bregðast við þessu samhliða því að halda áfram að nýta vatnsaflíð til raforkuframleiðslu eru menn í stöðugri leit að möguleikum við að virkja einfalt rennsli vatnsfalla án mikilla stíflumannvirkja.

Þrátt fyrir að mikil trú sé á hagkvæmni stærðarinnar þegar kemur að virkjun vatnsfalla, þá er ekki endilega víst að samfélagslegi hagnaðurinn haldist þar alltaf í hendur. Vel getur verið að samfélagslega sé æskilegra að setja upp margar litlar virkjanir frekar en fáar stórar. Jafnvel þótt það kunni að koma í veg fyrir að hægt sé að laða að stórnotendur á orku. Rökin fyrir slíku eru margvísleg. Vaxandi áhugi á náttúruvernd eru ein rökin og um leið að vel sé hugað að sjálfbærni orkulindanna. Þá hlýtur að vera verðmætara fyrir hvert samfélag að orkan sem þar er framleidd fari í að efla viðkomandi samfélag og skapa þar störf, fremur en að orkan sé seld í burtu sem hráefni til að skapa störf á öðrum stöðum. Það er m.a. hluti af röksemdunum gegn því að leggja rafstreng frá Íslandi til Bretlands. Slík röksemdafærsla er einmitt ástæða uppbyggingar svokallaðra örvirkjana víða um lönd og þá einkum í dreifbýli á undanförunum árum.

Fallvatur hagur stóriðjunnar


Vissulega skapa stórvirkjanir og stóriðja mikla peningaveltu og hafa breytt miklu fyrir íslenskt samfélag á síðustu áratugum. Það hefur líka orðið drifkraftur margra afleiddra verkefna, eins og í landbúnaði, en stóriðjuver á Grundartanga kaupir m.a. grísjunartimbur úr íslenskum skógum. Að einblína á stórkaupendur raforku getur þó líka verið tvíbent.

Í dag horfum við á hvíkul efnahagsástand um allan heim. Álframleiðsla hefur um nokkra hríð verið rekin með tapi, einnig í einhverjum hagkvæmstu álverum heims sem eru á Íslandi. Markaðsverð á áli er nú langt undir framleiðsluverði eða nálægt 1.500 dollurum fyrir tonnið (1.475 \$ á málmmarkaði í London 8. janúar sl.). Hafði verið þá fallið um 300 dollara á tonnið frá því í júní 2015 og úr um 1.820 dollurum í ársbyrjun 2015 samkvæmt tölum Alþjóðabankans. Samkvæmt tölum Norsk Hydro þarf gróflega áætlað um 14 kilóvattstundir af raforku til að framleiða eitt kíló af áli. Það er álíka orka og fer í að knýja 30 sjónvarpstæki í eina klukkustund.

Áliðnaðurinn víða í bullandi taprekstri

Framleiðslukostnaður er víðast talstvert yfir 2.000 dollurum á tonnið og líklega víða hátt í 3.000 dollara. Þar af er raforkukostnaðurinn talinn vega að meðaltali nálægt 35%. Samkvæmt upplýsingum RUSAL er raforkukostnaðurinn talinn vera um 900 dollara á hvert áltonn í Kína. Miðað við álverð í dag þýðir það að raforkukostnaðurinn einn og sér er um 60% af framleiðslukostnaði sem þýðir væntanlega bullandi tap. Lægsti raforkukostnaðurinn er aftur á móti sagður vera hjá álverum í Mið-Austurlöndum og í Kanada, eða undir 350 dollurum á tonnið.

Stærstu álframleiðendur heims eru UC RUSAL, Chalco, Rio Tinto



Ein gerð rennslisvirkjunar þar sem virkjunin er byggð úti í miðju straumvatni án uppistöðulóns.

Til þess þyrfti í það minnsta eina Kárahnjúkavirkjun og vandséð að Íslendingar séu tilbúnir í annað slíkt ævintýri.

Fullyrt hefur verið af Landsvirkjun að raftenging við Bretland yrði vænleg fyrir þjóðarbúið. Enginn hefur þó sýnt fram á að arðsamara sé að selja raforku sem hráefni úr landi með tilheyrandi flutningstapi á orku, en að ná virðisaukanum af orkunýtingunni með atvinnuskapandi innanlandsframleiðslu. Þá hefði slík tenging líka neikvæð áhrif á samkeppnishæfni íslenskra atvinnuvega vegna hækkunar orkuverðs.

Aukinn áhugi á endurnýjanlegum orkulindum

Þrátt fyrir að olíuverð hafi hríðfallið vegna hægagangs í efnahagskerfi heimsins á undanförunum mánuðum og að svo kunni að fara að verð á olíutunnunni kunni að fara niður í 18 dollara, þá horfa menn sem aldrei fyrr á endurnýjanlega orkugjafa eins og orku fallvatna. Nýafstaðin loftslagsráðstefna í París þar sem þjóðir

heims hafa lýst miklum vilja til að draga úr loftmengun yfir enn frekar undir þetta. Fyrir sumar þjóðir, eins og Sáði-Arabíu, er þetta þó afar slæm þróun, þar sem yfir 80% af tekjum ríkisins koma af sölu á olíu. Fjallað var um þá stöðu á sjónvarpsstöðinni CNBC fyrir skömmu, en fyrir olíuframleiðsluríkin er staðan víða orðin uggvænleg. Það ástand getur hæglega orðið að alþjóðlegu vandamáli vegna flótta fólks frá þessum ríkjum og efnahagslegrar upplausnar.

Íslendingar þurfa ekki að örvænta

Íslendingar ættu þó ekki að þurfa að örvænta hvað orkumálin varðar með allt sitt aðgengi að vatnsaflí, jarðhita, vindorku og möguleikum á virkjun sjávarfalla. Fátt skákar hagkvæmni slíkra virkjanakosta, nema ef vera skyldi kjarnasamrunaorkan „þegar“ hún verður að veruleika. Fjölmargar þjóðir hafa sett gríðarlega fjármuni í þá þróunarvinnu. Meiri líkur en minni eru því fyrir að sú vinna fari að skila árangri, jafnvel innan áratugar. Um leið og það gerist mun hagnaðarvonin af sæstreng til Bretlands hverfa eins og dögð fyrir sólu. Reyndar er nú þegar deilt um raunhæfni arðsemisútrekninga af slíkum streng.


Hægrennslisvirkjanir fá aukna athygli

Bændablaðið hefur áður fjallað um hugmyndir um hægrennslisvirkjanir, en stöðug og mikil þróun hefur verið í gangi varðandi þær víða um heim. Í tilraunum hafa menn m.a. áttað sig á þeirri einföldu eðlisfræði að búa má til hröðun á vatnsrennsli í skurði eða úr lágum stíflum. Er það gert með pípum sem ýmist mynda aukinn þrýsting með þrengingum, og/eða með því að fara lengri leið að hverfilhjól í gegnum snúð. Ýmist þarf þá alls engar stíflur til að gera slíkt að veruleika eða byggðar eru mjög lágar stíflur sem gera vart meira en að kaffæra snigilinn með vatnsinntakinu. Í öllum tilfellum er raunveruleg fallhæð sem er verið að virkja mjög lítil. Virkjanir af þessum toga geta eðli sínu samkvæmt aldrei orðið mjög aflmiklar, en á móti kemur að umhverfisrask verður í algjöru lágmarki. Þá er næsta auðvelt að setja upp röð slíkra smávirkjana í árfarvegi og ná þannig upp aukinni orkuframleiðslu. Áhættan af slíku er helst falin í afhendingaröryggi orkunnar vegna ójafns vatnsstreymis.

Í þessu efni er alls ekki verið að tala um nein ný sannindi. Nýting á rennsli vatnsfalla til að snúa einföldum vatnshjólum hefur verið þekkt um áhrundruð og jafnvel í árþúsund. Það er hins vegar útfærsla þeirrar hugmyndar með hjálp eðlisfræðinnar sem er að gera þetta að mun fýsilegri kostum í raforkuframleiðslu.

Lágfallsvirkjanir í sviðsljósinu í Bandaríkjunum

Í Bandaríkjunum er verulegur og vaxandi áhugi fyrir hægrennslisvirkjunum eða það sem þeir kalla Low-Head Hydropower og mætti útleggja sem lágfalls vatnsorka. Þar í landi hefur stærsti hluti endurnýjanlegrar orku verið framleiddur með vatnsaflí eða sem nemur um 6,3% af heildar raforkuþörf landsins síðastliðinn áratug. Þrátt fyrir andstöðu við að reisa stór vatnsorkuver með miklum stíflum hafa Bandaríkjamenn samt uppi mikil áform við að auka raforkuframleiðslu með nýtingu á vatnsorku.



Dæmi um nýtingu á vatnsrennsli og hægum straumi án uppistöðulóns. Vatnshröðun inn á túrbínu er framkölluð með sérstakri þrýstipípu.

Það á þó ekki að gera með nýjum stíflumannvirkjum heldur með betri nýtingu á þeim stíflum sem fyrir eru með dælingu á vatni upp í stíflurnar með aðstoð vindmylla og sólarorku, vatnsrennisskurðum og með lágfallsvirkjunum.

Sérstakt vatnsorkuverkefni (Water Power Program) var sett í gang á vegum orkumálaráðuneytis Bandaríkjanna fyrir nokkrum árum. Um 2.500 fyrirtæki eru þar á bak við sem styðja vatnsorkuiðnaðinn. Lögð var fram skýrsla um málið í bandaríska þinginu í febrúar á síðasta ári (Pumped Storage Hydropower and Potential Hydropower from Conduits).

Þegar Bandaríkjamenn tala um lágfallsvirkjanir er verið að tala um virkjun á vatnsfalli sem er aðeins frá 2 til 20 metrum. Mikið hefur verið fjárfest í tilraunum og leit að nýjum leiðum til að virkja hægstraum eða litla fallhæð. Þar má nefna uppsetningu á „Archimedes Hydrodynamic Screw system“–virkjunum.

Fyrirtækið Andritz Atro hefur m.a. framleitt allt að 500 kílówatta vélbúnað í virkjanir af þessum toga sem eru í notkun víða um heim. Hafa þær meðal annars verið settar upp í fiskveiðiám því þær skaða ekki fisk sem í þeim lendir. Þess má líka geta að 3xStál á Ísafirði hefur nýtt sams konar Archimedes skrúfutækni í öfugum tilgangi við að dæla fiski og kæla um borð í togurum.

Þessu vatnsorkuverkefni í Bandaríkjunum er ætlað að sýna fram á hvað lágfallstæknin er einföld, örugg, hagkvæm og áhættulítill. Lagt er upp með að leitað verði leiða til að draga sem mest úr kostnaði við virkjun vatnsorku, rekstur og viðhald. Samt sem áður er lögð áhersla á að gæði og rekstraröryggi slíkra virkjana standi undir væntingum. Einnig að þær standist vaxandi kröfur um umhverfisvernd og hámarks nýtingu á vatni.



Aukin nýtni í virkjunum

Hafa rannsóknarstofur verið styrktar til að smíða stjórnæki til að auka nýtni í orkukerfinu og hámarka vatnsnýtingu í virkjunum. Þar má nefna Water-Use Optimization Toolset (WUOT). Hefur þetta kerfi verið tekið til prófunar í nokkrum ám og fljótum í Kaliforníu, Colorado og í Maryland. Hefur tekist að auka orkunýtingu um 3.000 megawattstundir á ári í þrem verkefnum.

Með sérstakri „hægflæðis-túrbínu“ (low-flow turbine) sem sett var upp í Abiquiu Hydroelectric virkjuninni í Nýju-Mexíkó, tókst að auka afl virkjunarinnar úr 13,8 megawöttum í 16,8 megawött. Með nýrri túrbínu í Boulder Canyon Hydroelectric tókst að auka orkuframleiðsluna um 30% og orkunýtni túrbínu um 18–48%. Þá hefur ný Francis-túrbína í Cushman-stíflunni í Washington aukið orkuframleiðsluna um 3,6 megawött.

Hægflæðis-vatnstúrbínur

Svokallaðar hægflæðis-vatnstúrbínur eru með ýmsum hætti. Sumar eru jafnvel gerðar til að nýta vatnsrennsli úr venjulegum vatnskrana í eldhúsinu, en aðrar fyrir heldur



meira rennsli. Hægt er að kaupa slíkar túrbínur frá ýmsum fyrirtækjum á netinu, m.a. í gegnum vefsíðu alibaba.com. Vissara er þó að athuga vel eiginleika og allar upplýsingar um búnaðinn áður en menn ráðast í slíkar fjárfestingar. Verðið er mjög rokkandi eftir stærð og getu eða allt frá nokkrum tugum dollara upp í hundruð þúsunda dollara. Einnig er talsvert framboð af hefðbundnum vatnshjólum, stórum og smáum. Slík vatnshjól má einnig nota til að dæla vatni upp í töluverða hæð, svokölluð Coanda-vatnshjól (https://www.youtube.com/watch?v=eF2vPeiYX_w).

Örvirkjanir settar upp í Wales

Í Wales í Bretlandi er hæðótt landslag sem leiðir það af sér að jafnvel litlir lækir geta verið ákjósanlegir til framleiðslu á endurnýjanlegri orku. Þar sem flestir þessara lækja þóttu ekki henta fyrir það sem menn töldu nógu stór og arðvænleg vatnsorkuver, fór fyrirtækið TGV Hydro, sem er að fullu í eigu The Green Valleys CIC, að kanna hvort ætti ekki samt að brúa þetta bil þannig að hægt yrði að ná hagkvæmni út úr örvirkjunum. Hefur fyrirtækið farið út í hönnun örsmárra virkjana, bæði fyrir bændur, einstaklinga sem og fyrir minni samfélög víða um Suður-Wales. Unnið er náið með heimamönnum og starfskraftar þeirra nýttir sé þess einhver kostur. Hefur fyrirtækið hjálpað nýjum framleiðendum búnaðar í smávirkjanir til að koma undir sig fótunum. Fyrir þetta var TGV Hydro veitt viðurkenning Esmée Fairbairn Foundation.

Samfélagslegar smávirkjanir

Svipaðir hlutir hafa verið að eiga sér stað víðar um heim. Á Khyber Pakhtunkhwa-svæðinu í Pakistan, skammt frá landamærum Afganistan, hafa verið byggðar 189 örvirkjanir frá árinu 2004 sem framleiða raforku fyrir 365.000 manns, eða heldur fleiri íbúa en nú byggja Ísland. Þetta hefur leitt til byltingar í heilsugæslu, skólakerfi og heimilishaldi á þessu svæði. Þá hefur



Vatnspípa í virkjun. Hluti af IBEKA-verkefninu í Indónesíu.

hagnaði af raforkuframleiðslunni. Er þetta unnið af viðskiptastofnun sem heitir Institut Bisnis dan Ekonomi Kerakyatan, skammstafað IBEKA. Er þessi stofnun og verkefnið sem slíkt að fullu í eigu samfélagsins og er ekki rekið í hagnaðarskyni. Það skilar aftur á móti peningum til samfélagsins fyrir sölu á rafmagni inn á orkukerfi svæðisins. Fram að þessu hafa verið sett upp 61 raforkuverkefni sem gagnast 54.000 íbúum.

Svona mætti lengi telja, en líklega er erfitt fyrir Íslendinga að setja sig í spor fólks í þessum löndum. Hér státum við frekar af ofgnótt orku og möguleikum til enn meiri orkuframleiðslu sem líta má á sem hreina gullnámu. Væntanlega er erfitt að finna þjóð á hnattkringlunni sem býr yfir viðlíka möguleikum og Íslendingar. Spurningin er því miklu fremur um hvort okkur auðnist í framtíðinni að nýta þessi gæði á skynsamlegan hátt og öllum landsmönnum til hagsbóta.

Álíka sögu má segja frá Indónesíu

Þar hefur verið unnið að samfélagslegu verkefni í rafvæðingu sem ekki er endilega ætlað að skila beinum




limtrevirnet.is

Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjárhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með Yleiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og brunapólin. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

Ráðgjöf til viðskiptavina

Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.



Skrúfa Arkimedesar. Þessa uppfinningu, sem fundin var upp ríflega 200 árum fyrir Krist, er nú farið að nota í nýtisku hægrennslisvirkjanir og í dælu- og kælibúnað fyrir fisk.

●● **LímtréVirnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

Langabúr opnað á bleika horninu á Akureyri:

Ótrúlega góðar viðtökur strax í byrjun

– verslun með sælkeravörur beint frá býlum og smáframleiðendum

„Viðtökurnar hafa verið ótrúlega góðar, Akureyringar og nær-sveitarmenn hafa tekið okkur mjög vel,“ segir Guðni Hannes Guðmundsson, sem ásamt eiginkonu sinni, Indu Björk Gunnarsdóttur, opnaði í byrjun síðustu viku nýja verslun á Akureyri. Hún heitir Langabúr og er við Gránufélagsgötu 4, á bleika horninu svonefnda.

Þar versla Guðni og Inda með bæði eigin framleiðslu og eins vörur frá smáframleiðendum sem m.a. koma að stórum hluta frá aðilum innan samtakanna Beint frá býli.

Langaði að læra eitthvað sem tengdist mat

Guðni Hannes er frá Skógum á Fellsströnd í Dölum, ólst þar upp og bjó á búi foreldra sinna, Guðmundar Jónssonar frá Hallsstöðum, en hann er látinn og Estherar Kristjánsdóttur

frá Litla Múla. Þau stunduðu blandaðan búskap og tók Guðni þátt í honum til 19 ára aldurs, en foreldrar hans brugðu þá búi og fluttu í Neskaupstað. Þar starfaði Guðni næstu ár, m.a. hjá Síldarvinnslunni, bæði til sjós og lands og einnig hjá Kaupfélaginu á staðnum.

Hann hóf svo störf hjá Mjólkursamlagi Norðfirðinga og komst á samning þar, en flutti hann svo yfir til samlagsins á Akureyri og lauk verklega hluta námsins þar í bæ. Bóklega hlutann tók hann í Danmörku.

„Ég kom svo eftir nám aftur til Akureyrar og starfaði hjá samlaginu þar um árabíl. Ég var alltaf nokkuð viss um að ég myndi læra eitthvað sem tengdist mat eða matargerð, það kom vissulega fleira til greina en að gerast mjólkurfræðingur, ég velti líka fyrir mér að fara í kokkinn eða gerast bakari, en þetta varð ofan á og mér líkar starfið vel,“ segir hann.



Inda Björk og Guðni Hannes með börnun sínum, Dagmar Júlíönu og Degi, í verslun sinni, Langabúri á Akureyri. Myndir / Elvar Freyr Pálsson

Ættirnar liggja út í Hrísey og í Mývatnssveit

Inda er Akureyringur í húð og hár, en þræðirnir liggja í móðurætt út í Hrísey og í Mývatnssveit í föðurætt, pabbi hennar er fæddur á Geiteyjarströnd, í þeirri góðu sveit, og þar átti hún athvarf öll sín æskuár. Foreldrar hennar voru með landskika til umráða og höfðu þar hjólhýsi öll hennar uppvaxtarár og dvöldu að sumarlagi iðulega í sveitinni.

„Ég naut þess öll mín æskuár að

dvelja í Mývatnssveit, sigla á milli eyja í vatninu, leggja net og vitja um þau, tína egg og borða hvönn,“ segir hún. „Náttúrufegurðin við Mývatn er ólýsanleg og ég er ótrúlega heppin að hafa átt því láni að fagna að dvelja þar stóran hluta af mínu lífi.“

Inda starfar nú sem skólastjóri á leikskólanum Kiðagili, hún tók þátt í pólitísku starfi á Akureyri á síðasta kjörtímabili, var bæjarfulltrúi og formaður félagsmálaráðs. Hún er menntaður leikskólakennari og hefur m.a. starfað á Siglufirði og um fjögurra ára skeið í Noregi, hefur búið á Spáni og á eyjunni Rarotonga, lítilli eyju í Kyrrahafi.

Langaði að breyta til

Guðni hefur sem fyrr segir starfað við sitt fag hjá MS-Akureyri til fjölda ára, en fann fyrir löngun að breyta til og hafði augastað á ákveðnu verkefni þegar hann sagði upp starfi sínu á liðnu sumri. Það frestaðist, svo hann hóf að leita annarra tækifæra.

„Okkur hafði langað til að setja upp verslun af þessu tagi og það má segja að þarna hafi gefist gott færi á að láta þann draum rætast. Við fengum lítið og notalegt húsnæði á góðum stað í bænum til umráða, hér erum við vel staðsett og áberandi,“ segir hann.

Kennir ýmissa grasa

Í Langabúri kennir margra grasa og gera má ráð fyrir að sælkerar fái vatn í munninn við það eitt að koma inn í verslunina. Guðni og Inda eru m.a. með nautakjöt frá Garði í Eyjafjarðarsveit til sölu, ís, egg og kálfakjöt frá Holtseli í sömu sveit, geitakjöt frá Syðri-Haga, paprikur frá Brúnalaug, ferskt og reykt kjöt frá Hellu í Mývatnssveit sem og einnig reyktan silung, krydd, sultur, sveppi og sýróp frá Holt og heiðar á Hallormsstað, ýmsar vörur frá Rjómabúinu Erpsstöðum, eins og ís, osta, skyr og skyrkonfekt. Þá er salt frá Saltverk, sælkerasinnepp, ber og

blámi til sölu í Langabúri, pylsur frá Pylsumeistararum, mysudrykkir og hvannalamb svo eitthvað sé nefnt.

Kúluskíturinn vinsæll

Guðni er svo sjálfur höfundur að ostinum Kúluskít. Í ostinum eru m.a. litlir bitar af reyktum Mývatnssilungi og honum er velt upp úr dilli. Það gerir hann í útliti áþekkan nafna sínum sem lifir á botni Mývatns.

„Þessi ostur hefur átt miklum vinsældum að fagna, hann er bókstaflega rifinn út,“ segir Guðni sem vart hefur undan að framleiða ostinn.

„Við ætlum okkar að skapa ákveðna sérstöðu og selja Kúluskítinn aðeins í okkar eigin verslun.“

Guðni fer eina til tvær helgar í mánuði að Erpsstöðum og sinnir þá ostagerð af miklu kappi fyrir búið þar og hefur mjög gaman af.

„Ég á ættingja og vini víða um land og hef aldrei talið eftir mér að aka landshorna á milli til að heimsækja þá, þetta er ekki neitt mál, bara gaman,“ segir hann um tíðar ferðir frá Akureyri og vestur í Dali.

Vöruvalið mun aukast

Guðni kveðst bjartsýnn á framhaldið, viðtökur fyrstu dagana hafi verið mjög góðar og greinilegt að bæjarbúar og þeirra nærsveitingar kunni að meta góð matvæli.

„Það er ákveðin vakning í samfélaginu, margir vilja vita hvaðan sá matur kemur sem það leggur sér til munns. Við gerum líka mikið af því að kynna þau býli og þá framleiðendur sem selja vörur sínar í Langabúri og reynum á þann hátt að kveikja áhuga okkar viðskiptavina á viðkomandi. Ef til vill munu þeir svo síðar í ferðum sínum um landið heimsækja býlin og kynna sér framleiðsluna enn frekar,“ segir Guðni sem hyggur á enn frekara vöruúrval þegar fram líða stundir.

„Það á alveg örugglega eitthvað eftir að bætast við hjá okkur.“

/MÞÞ



Dagmar og Dagur með rómaðan rjómaís frá Erpsstöðum.



Umsókn um orlofsdvöl

Sumarið 2016

Hér að neðan er að finna umsóknareyðublað um orlofsdvöl í húsunum að Hólum í Hjaltadal og á Flúðum, Hrunamannahreppi sumarið 2016. Það gildir fyrir félaga í búnaðarsamböndum og/eða búgreinafélögum sem eiga aðild að BÍ – Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 20. mars 2016.

Undirrituð/Undirritaður sækir hér með um:

- ☐ Orlofsdvöl að Hólum - Tímabilið:
- ☐ Orlofsdvöl á Flúðum - Tímabilið:

Nafn umsækjanda

Kennitala

Heimilisfang

Símanúmer

Póstnúmer og staður

Hefur þú áður fengið úthlutað orlofsdvöl í sumarhúsi hjá Bændasamtökunum?

☐ Já ☐ Nei

Undirskrift félaga og dagsetning



Umsóknina skal senda fyrir 20. mars nk. rafrænt á netfangið_ho@bondi.is eða á póstfang Bændasamtaka Íslands: **Bændahöllin v/Hagatorg, 107 Reykjavík, merkt Orlofsdvöl sumarið 2016**



Langabúr er á bleika horninu svonefnda á Akureyri, við Gránufélagsgötu númer 4.

TRYGG
Nøstet Kjetting as

SNJÓKEÐJUR

Vertu viðbúinn vetrinum
Mest seldu snjókeðjur á Íslandi
LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR

Ísnet Húsavík s. 5 200 555
Ísnet Akureyri s. 5 200 550
Kristbjörg Ólafsfjörður s. 5 200 565
Ísnet Sauðárkrúkur s. 5 200 560

Hafðu samband og
kynntu þér vöruúrvalið
og þjónustuna

ÍSFELL
www.isfell.is

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is

**ÍÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR**

Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
Hágæða hráefni.
Þolir íslenskt veðurfar.
Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir | Sími 564 0013 | www.ishurdir.is | ishurdir@ishurdir.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 28. janúar

Valtra 1^{*} er nr. 1

Valtra til topps

Valtra er best. MF gjör det godt, og Claas og Case IH er ok. Zetor er grei nok om pris er viktig, mens de tre siste er så som så.

Valtra har en storholdsmeisig stor kropp i forhold til de andre. Ellers er resultatene solide. Best varmeapparat, og topp-tre-plasseringer i de aller fleste kategorier, takket være fornuflige løsninger. Gammeldags som i "god gammeldags", men den står seg godt.

Testene triveligste hytte
Massey Ferguson's trivelige hytte med god sikte er best likt. Det skrånede panelet hjelper utvilsomt ved frontlasterarbeid. Men i kaldekammeret faller MF igjennom. Vi håper at varmeapparatet på gulvet gjør en bedre jobb ute i hverdagen enn hos oss. MF har ellers ingen

Testresultat

Prøve	Valtra	M.Ferguson	Case IH	Deutz Fahr	Claas	New Holland	Zetor	Johndeere
Foreposeng (maks. 600)	792	736	710	694	615	636	587	578
Måleavslutter (maks. 200)	136	141	132	134	131	128	135	131
Vindvasker (maks. 200)	107	101	102	101	104	102	101	101
Totalt	1025	978	944	929	850	866	823	810

*samkvæmt afgerandi niðurstöðum umfangsmestu könnunar sem gerð hefur verið á eiginleikum og gæðum tækjadráttarvéla í kringum 120 hestöfl við vetraraðstæður í fjölda ára. Prófunin er unnin í samvinnu leiðandi landbúnaðartimarita í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð (Bedre Gaardsdrift, Koneviesti og Lantmannen).

Í prófuninni voru metnir tæknilegu eiginleikar dráttarvéla, upplifun reynsluökumanna og eiginleikum dráttarvéla við vetrarnotkun.



Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir | Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is

Birgitta Lúðvíksdóttir, stuðningsforeldri á Möðruvöllum í Hörgársveit:

Sinnir draumastarfi í sveitinni og hugsar um börn og kindur

„Ég elska börn og kindur svo það má svo sannarlega segja að ég sé í mínu draumastarfi,“ segir Birgitta Lúðvíksdóttir á Möðruvöllum 3 í Hörgárdal. Hún hefur ásamt eiginmanni sínum, Þórði Gunnari Sigurjónssyni, starfað sem stuðningsforeldri í nær 16 ár og tekið að sér nokkurn fjölda barna um lengri eða skemmri tíma. Þá leigja þau, ásamt Sigmundi, bróður Þórðar, hluta jarðarinnar, Möðruvalla, og reka þar lítið sauðfjárbú sem samanstendur af 260 kindum.

Hún segir starfið mjög gefandi, og ánægjulegt sé að geta orðið samborgurum sínum að liði.

Birgitta ólst upp á Molastöðum í Fljótum. Í hennar uppvexti var þar í fyrstu blandað bú, en síðar skiptu foreldrar hennar alfarið yfir í sauðfé. „Ég hef umgengist sauðfé frá því ég man eftir mér og líkar afskaplega vel við kindur. Gæti varla hugsað mér lífið án þeirra,“ segir hún. Eftir að foreldrar hennar brugðu búi og seldu jörðina fór hún eftir sem áður á æskuheimili sitt og var þar í öllum sínum frístundum. Hún hafði bara samband við fólkið sem keypti sem tók henni opnum örmum og var auðsött mál að fá að taka þátt í sauðburði.

Birgitta hefur víða komið við á sinni lífsleið. Hún fæddist á Skagaströnd og hefur búið í Fljótum, Akureyri og Stykkishólmi. Í september 2013 flutti hún svo með eiginmanni sínum að Möðruvöllum 3 í Hörgárdal.

Hún starfaði sem dagmóðir á Akureyri í rúm 14 ár, enda líkt farið með börnin eins og kindurnar, Birgitta elskar börn. Einnig starfaði hún í um áratug hjá Mjólkursamlaginu og þá má nefna að hún vann hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar um tveggja ára skeið, þar sem hún sá m.a. um sínavörslu.

Eiginmaður Birgittu er Þórður Gunnar Sigurjónsson, sem starfar hjá Bókvis ehf., en það er bókhaldsfyrirtæki í eigu Búnaðarsambands Eyjafjarðar sem sér um bókhald og skattauppgjör fyrir einstaklinga, bændur, ýmis félög og stofnanir á svæðinu. Hann tekur einnig fullan þátt í búrekstrinum á Möðruvöllum og stuðningi við börnin.

Ekki hægt að hugsa sér neitt betra

„Við erum hér með búskap þó hann sé ekki umfangsmikill en samt í nógu að snúast,“ segir Birgitta. Í fjárhúsi í vetur eru 260 kindur. „Það má alveg segja að ég sé í mínu draumastarfi, að hugsa um börn og kindur, það er eiginlega ekki hægt að hugsa sér neitt betra.“

Birgitta byrjaði fyrst að starfa sem stuðningsforeldri fyrir nær 16 árum. Mál hafa þróast á þann veg að þau Birgitta og Þórður hafa tekið að sér mörg einhverf börn, en stór hópur barna með greiningu á einhverfurófi þarf á stuðningi að halda. „Við vissum í fyrstu ekkert um einhverfu, en tókum slaginn þegar fyrsti drengurinn kom til okkar og sjáum ekki eftir því. Hann hefur verið hjá okkur í rúm 14 ár,“ segir Birgitta. Þau Þórður hafa um árin verið stuðningsforeldrar þó nokkurra einhverfra barna, en algengt er að börnin dvelji eina til tvær helgar á mánuði á heimili þeirra. Einnig hafa þau boðið upp á sumardvöl á heimili sínu.

„Börn á einhverfurófi eru mjög misjöfn, eins misjöfn raunar og þau eru mörg, hver og einn er með sínu móti,“ segir hún. „Öll eiga börnin þó það sameiginlegt að vera yndisleg, hvert á sinn hátt.“



Birgitta Lúðvíksdóttir á Möðruvöllum 3 í Hörgárdal hefur starfað sem stuðningsforeldri um langa hrið og segir starfið mjög skemmtilegt og gefandi. „Manni þykir vænt um börnin og þau gefa mikið af sér,“ segir hún. Hér er hún með Damian, sjö ára strák, sem er í skammtímavistun hjá Birgittu og manni hennar, Þórði Gunnari Sigurjónssyni.

Mynd / MBP



Birgitta með ömmustrákana sína, Hauk Nóa og Einar Breka. Mynd / Úr safni BL

Ánægjulegt að börnunum líður vel hjá okkur

Birgitta segir að í starfi sínu sem stuðningsforeldri felist meðal annars að vera til staðar fyrir börnin, vera með þeim í leik og starfi. Stuðningurinn sé hugsaður bæði fyrir börnin sjálf sem og foreldra

þeirra. Þeir séu oft undir miklu álagi og þurfi á hvíld að halda. „Þetta er mjög ánægjulegt starf og hefur gefið mér mikið. Það er líka gott til þess að vita að maður getur orðið einhverjum að liði í starfi sínu, að geta rétt fram hjálparhönd og létt undir með fólki. Það er kannski sá þáttur við starfið sem skilur mest



Birgitta með frænda sínum, Róberti Smára, í réttunum. Mynd / Úr safni BL

eftir sig. Mér þykir líka ánægjulegt að upplifa þegar börnunum líður vel hjá okkur. Það eiga margir erfitt og vissulega myndi ég vilja hjálpa öllum, en auðvitað eru ekki tók á því. Maður leggur sig fram í sínu starfi og uppsker ríkulega í ánægju barnanna,“ segir Birgitta.

Einkum eru það börn frá nágrennasveitarfélaginu, Akureyri, sem dvelja hjá Birgittu og Þórði, en þess eru líka dæmi að þau komi um lengri veg. Flest börn sem hjá þeim dvelja eru á aldrinum 6–12 ára en þess eru líka dæmi að þau séu bæði yngri og eldri, allt niður í fjögurra ára og upp í 18 ára. Birgitta og Þórður hafa einnig tekið börn í



Damian og heimilishundurinn Týri eru góðir vinir og leika sér mikið saman. Mynd / MBP

fóstur, meðal annars dreng sem þau síðar ættleiddu.

Börnin taka þátt í daglegum störfum á bænum

„Við höfum þann háttinn á að börnin eru með okkur í daglegum störfum hér heima við. Þau fara með okkur í fjárhús og sinna kindunum og hafa flest hver gaman af. Við höfum ekki verið í því að setja upp sérstaka dagskrá. Hér þarf að sinna fjölda verkefna og það fer best á því að börnin séu með okkur í þeim, taki þátt og hjálpi til eftir því sem þau hafa aldur og getu til,“ segir Birgitta.

Flestar helgar dvelja eitt eða fleiri

börn á heimili Birgittu og Þórðar. „Ég lít nú samt ekki svo á að við séum ekki í fríu þótt húsið sé fullt af börnum, við hugsum ekki þannig. Þau eru bara hér hjá okkur og taka þátt í okkar störfum og daglega lífi. Það besta er þegar börnin una sér vel hér.“

Hún segir að heimilishundurinn Týri leggi sitt af mörkum, en flest barnanna eru mjög hrifin af honum. „Hann er mikil hjálparhella, hann Týri. Hefur gaman af boltaleikjum og krakkarnir hafa gaman af því að leika við hann, kasta bolta sem hann sækir samviskusamlega. Týri er mikill vinur barnanna og þau ná vel saman,“ segir Birgitta.

Í maí 2014 tóku þau að sér árs-gamlan dreng sem dvaldi á heimilinu í 11 mánuði. „Hann var mikið fatlaður, stundum mjög veikur og þurfti eðli málsins samkvæmt mikla umönnun. Drengurinn var alveg yndislegur og mér fannst þetta starf, að annast hann, mjög gefandi. Aldrei erfitt utan að vissulega tók verulega á þegar hann var mikið veikur og þurfti að dvelja á sjúkrahúsi. Þórður var með mér í þessu verkefni, tók þátt af lífi og sál og var mín stoð og stytta. Án hans hefði ég nú sennilega ekki komist eins létt í gegnum þetta,“ segir Birgitta. Drengurinn lést af völdum veikinda sinna og hvílir að ósk foreldra hans í kirkjugarðinum við Möðruvallakirkju, steinsnar frá heimili Birgittu og Þórðar.

Býr í hjólhýsinu yfir sauðburðartímann

Á sauðburðartíma að vorlagi heldur Birgitta nánast til í fjárhúsinu, hefur komið sér þar upp hjólhýsi sem er staðsett í hlöðunni og fer lítið sem ekkert inn á heimilið. „Ég kem mér upp bækistöð í fjárhúsunum og hef börnin sem hjá mér dvelja hverju sinni yfirleitt með mér. Þeim finnst það spennandi. Það fer vel um okkur og þetta er bara skemmtilegt. Það er líka þægilegt að geta bara verið



Birgitta með Huginn í poka fram-
an á sér og segir þetta ágætis
lausn við að komast í fjárhúsið
þegar ófærð er mikil.



Ísabella María, Dagur Árni, Jökull Logi og Einar Breki í sveitinni hjá afa og ömmu.



Huginn, Einar Breki og Haukur Nói á
góðri stund í fjárhúsunum.



Verið að fara í fjárhúsin. Huginn,
Bjössí, Júlíi, Einar og Sigrún.

Mynd / Úr safni BL

Eru fljót að aðlagast

„Ég hef mjög gaman af þessu starfi og það hefur gefið mér mikið þannig að ég mun halda áfram að sinna því. En einhvern veginn er það nú þannig að þó ég hafi mjög gaman af börnum held ég að mér

myndi ekki líka að starfa sem kennari, hvorki í leik- né grunn-skóla. Þetta er allt öðruvísi starf, börnunum virðist líða vel hér og það er fyrir mestu, við erum í þessu saman, ég og eiginmaðurinn, sem leggur sig 100 prósent fram og börnin leita allt eins til hans með

sín mál eins og til mín. Þau eru fljót að aðlagast og heilt yfir hafa allir þeir krakkar sem hér hafa dvalið verið ótrúlega góð, manni þykir mjög vænt um börnin og þau gefa mikið af sér. Um meira er varla hægt að biðja,“ segir Birgitta.

/MPD



Fundaferð Félags ferðapjónustubænda og Ferðapjónustu bænda hf. um landið 22. - 29. janúar

Það eru spennandi tímar framundan í íslenskri ferðapjónustu með áframhaldandi fjölgun ferðamanna til landsins, en á sama tíma þarf að vanda til verka. Tækifærin fyrir ferðapjónustuaðila á landsbyggðinni eru mörg og mikill hugur er í starfsfólki Ferðapjónustu bænda hf. og félögum í Félagi ferðapjónustubænda.

Dagana 22. – 29. janúar verða fulltrúar frá Félagi ferðapjónustubænda og skrifstofu Ferðapjónustu bænda hf. á ferð um landið til að kynna þau málefni sem eru efst á baugi og eiga samtöl við ferðapjónustuaðila heima í héraði.

Dagskrá funda:

- Setning
- Stefnumótun Félags ferðapjónustubænda og samstarf við Ferðapjónustu bænda hf.
- Aðild félagsmanna að gæða- og umhverfiskerfinu Vakinn
- Þróun sölu Ferðapjónustu bænda hf. og markmið næstu ára
- Kynning á vörumerkjavinnu - Samvinna í markaðsmálum
- Kaffihlé/Hádegishlé
- Ferðabók - ný kynslóð bókunarkerfis: Öflugri sala og samskipti
- Hospis, fræðandi gestgjafar
- Umræður

Tími og staður:

- Föstudaginn 22. janúar kl. 9-12:
Ferðapjónustu bænda hf, Síðumúla 2
- Mánudaginn 25. janúar kl. 11-14:
Ensku húsin við Langá
- Mánudaginn 25. janúar kl. 18-21:
Dæli í Víðidal
- Þriðjudaginn 26. janúar kl. 11-14:
Hotel Natur í Eyjafirði
- Þriðjudaginn 26. janúar kl. 18-21:
Vogafjós v/Mývatn
- Miðvikudagurinn 27. janúar kl. 13-16:
Hótel Eyvindará v/Egilsstaði
- Fimmtudagurinn 28. janúar kl. 11-14:
Hólmur á Mýrum
- Fimmtudagurinn 28. janúar kl. 18-21:
Hótel Katla í Mýrdal
- Föstudagurinn 29. janúar kl. 11-14:
Vatnsholt v/Villingaholtvatn

Allir ferðapjónustuaðilar í sveitum landsins eru velkomnir á fundina.



Þórður Gunnar Sigurjónsson, eiginmaður Birgittu, með Degi Árna, ömmu-
og afastrák.

Mynd / Úr safni BL



Kvöldmatur á Möðruvöllum. Einar Breki, Aron, Þórður, Huginn, Júlíus, Sigrún
og Björn Þór.

Mynd / Úr safni BL



Uppskeruhátíð Ferðapjónustu bænda

Uppskeruhátíð Ferðapjónustu bænda var haldin þann 16. nóvember síðastliðinn.

Margt var um manninn á uppskeruhátíðinni og ferðapjónustubændur víðsvegar af landinu komnir til að fagna saman og hlusta á áhugaverð og skemmtileg erindi.

Ungir ferðapjónustubændur, Einar Freyr frá Sólheimahjáleigu í Mýrdal, Sævar frá Ferðapjónustunni Mjóeyri við Eskifjörð og Anna Dröfn frá Ensku húsunum við Langá á Mýrum, stigu í pontu og deildu sýn sinni á ferðapjónustu með fundargestum og Soffía Eyðis Björgvinsdóttir, ráðgjafi frá KPMG, kynnti þær breytingar á skattaumhverfi ferðapjónustunnar sem tóku gildi í ársbyrjun 2016.

Hermann Valsson, ferðamálafræðingur, ræddi um þau tækifæri og ógnir sem bókunarsíður skapa og Magnús Orri Schram frá Capacent hélt líflegan fyrirlestur um strauma og stefnur í ferðapjónustunni. Á eftir fylgdu áhugaverðar umræður á meðal ferðapjónustubændum.

Dagskránni lauk með óvissuferð og hátíðarkvöldverði þar sem Gísli Einarsson og Rögnvaldur gáfaði söu um veislustjörn.

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hélt tölu og Einar Freyr frá Sólheimahjáleigu tróð upp með söng og gítarspili auk þess sem hljómsveitin Trukkarnir hélt uppi fjörinu að loknu borðhaldi.

Viðurkenningar til ferðapjónustubænda

Skapast hefur hefð fyrir því að starfsfólk skrifstofu Ferðapjónustu bænda veiti félagsmönnum viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur og hvatningarverðlaun en þetta er fimmta árið sem slík verðlaun eru veitt. Alls fá sex

bæir viðurkenningar, þrír í hvorum flokki.

Í ár voru það Gistiheimilið Lambastöðum í Flóahreppi, Hraunmörk í Flóahreppi og Ferðapjónustan Mjóeyri við Eskifjörð sem hlutu viðurkenningar í flokknum Framúrskarandi ferðapjónustubær. Verðlaunin eru veitt fyrir einstaka frammistöðu á árinu og byggist matið á umsögnum gesta og þeim gæðum sem staðurinn stendur fyrir að mati skrifstofu Ferðapjónustu bænda.

Breiðavík við Látrabjarg, Sel í Grímsnesi og Brunnhóll á Mýrum hlutu hvatningarverðlaunin í ár, en þau eru veitt fyrir einstaka og vel útfærða hugmynd og frumkvæði að uppbyggingu í ferðapjónustu, sem miðar að skemmtilegri og innihaldsríkri upplifun fyrir gestina að mati starfsmanna skrifstofunnar.

Afhending Vakaviðurkenninga

Alda Þrastardóttir og Áslaug Briem frá Ferðamálastofu afhentu þremur ferðapjónustubæjum auk skrifstofu Ferðapjónustu bænda viðurkenningu Vakans á Uppskeruhátíðinni. Ferðapjónustubæirnir sem umræðir eru Gistiheimilið Narfastöðum í Reykjadal, Brunnhóll og Sólheimahjáleiga og hlutu allir staðirnir viðurkenningu sem 4 stjörnu gistiheimili. Áður höfðu Hótel Rauðaskriða í Aðaldal og Ensku húsin hlotið viðurkenningu Vakans og Lamb Inn í Eyjafirði hlaut viðurkenningu í byrjun desember.

Markmið Vakans er að efla gæði, öryggi og umhverfissvituð í ferðapjónustu á Íslandi og hefur Félag ferðapjónustubænda sett sér það markmið að allir aðilar innan samtakanna verði komnir með Vakaviðurkenningu fyrir lok árs 2017.



Veitt voru verðlaun fyrir framúrskarandi árangur og í ár féllu þau í skaut Gistiheimilisins Lambastöðum, Hraunmörk og Ferðapjónustunna Mjóeyri. Frá vinstri: Almar og Svanhvít frá Lambastöðum, Rósa frá Hraunmörk og Berglind og Sævar frá Ferðapjónustunni Mjóeyri.



Hvatningarverðlaun Ferðapjónustu bænda voru afhent á uppskeruhátíðinni. Í ár voru það Breiðavík, Brunnhóll og Sel í Grímsnesi sem þau hlutu. Frá vinstri: Maggý frá Breiðuvík, Sigurlaug og Jón Kristinn frá Brunnhóli og Árni Kristinn frá Seli í Grímsnesi.

Vantar nýja lykla?

Smíðum og forritum langflestar gerðir bíllykla

- Húslyklar
- Lashús og fylgihlutir
- Lyklakerfi
- Peningaskápar
- Silindrar
- Hurðapumpur

Neyðarþjónustan

Skútuvoði 11 • www.neyd.is • s: 510 8888
Opíð alla virka daga 8-18 laugardaga 10-14

Viðgerðarþjónusta

á Nilfisk Alto háþrýstidælum

Gerum við allar gerðir af Nilfisk Alto háþrýstidælum. Vara- og fylgihlutir á lager. Hröð og vönduð þjónusta.

ÞJÓNUSTAN
viðgerðir - varahlutir

Krókhálsi 5c - Járnhálsmeigin - 110 Reykjavík
Sími: 588 3500 - sgt@simnet.is



Þrír ferðapjónustubæir og skrifstofa Ferðapjónustu bænda tóku á móti Vakaviðurkenningum. Frá vinstri: Jón, Elín og Einar Freyr frá Sólheimahjáleigu, Sigurlaug og Jón Kristinn frá Brunnhóli, Sigríður Dilljá sem tók við viðurkenningu Narfastöða, Berglind og Sævar frá skrifstofu Ferðapjónustu bænda og Alda og Áslaug frá Ferðamálastofu.



Ungir ferðapjónustubændur voru fjölmennir á uppskeruhátíðinni. Frá vinstri: Björgvin frá Hótel Kötlu, Einar Freyr og Sara Lind frá Sólheimahjáleigu og Sölvi frá Efstadal II.

Sprettur ÁBURÐUR

Taktu sprettinn...2016

Minna ryk - meiri gæði - betri spretta

Áburðartegund	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	B	vatns uppl. P	Fyrirfrmgr. Greitt fyrir 15 mars	Greitt fyrir 15 maí	Greiðslu- dreifing
Sprettur N27	27			4,3	1,8				93%	57.837	59.723	62.866
Sprettur N26+S	26			3,6	1,5	3,6			93%	59.089	61.016	64.227
Sprettur 25-5	25	2,2		3,3	1,4	2,5			93%	62.714	64.759	68.167
Sprettur 25-5+Avail+Selen	25	2,2		3,3	1,4	2,5	0,002		93%	66.725	68.901	72.527
Sprettur 26-13	26	5,7		1,3	0,5	2			93%	68.639	70.877	74.608
Sprettur 22-7-6	22	3,1	5	2,9	1,2	2,5			93%	64.805	66.918	70.440
Sprettur 22-7-6+Selen	22	3,1	5	2,9	1,2	2,5	0,002		93%	67.155	69.345	72.995
Sprettur 22-5-5+Vorvaki	22	2,2	4,1	2,9	1,2	2,5	0,002		93%	71.322	73.648	77.524
Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	20	2,2	11	2,4	1,0	2,5	0,002		93%	68.799	71.042	74.782
Sprettur 20-10-10	20	4,4	8,3	2,2	0,9	2,5			93%	67.860	70.073	73.761
Sprettur 20-10-10+Selen	20	4,4	8,3	2,2	0,9	2,5	0,002		93%	70.209	72.498	76.314
Sprettur 20-12-8+Selen	20	5,2	6,6	2,1	0,9	2,5	0,002		93%	70.559	72.860	76.695
Sprettur 27-6-6	27	2,6	5			2			93%	67.578	69.782	73.454
Sprettur 27-6-3+Selen	27	2,6	2,5	1,4	0,6	2	0,002		93%	68.229	70.454	74.162
Sprettur 22-14-9	22	6,1	7,5			2			93%	72.024	74.373	78.287
Sprettur 22-10-10	22	4,4	8,3			2			93%	69.321	71.581	75.349
Sprettur 25-9-8	25	3,9	6,6			2			93%	69.974	72.256	76.059
Sprettur 16-15-12	16	6,5	10	1,3	0,5	2,5			93%	70.370	72.665	76.489
Sprettur 12-12-20+Avail+Bór	12	5,2	17	1,1	0,6	7,2		0,02	93%	74.598	77.031	81.085
Sprettur DAP	18	20							93%	91.763	94.755	99.742
Sprettur Calciprill (kornað kalk)				36,4	0,1				93%	34.568	35.695	37.574
OEN Áburður 38-8	38	3,5				3			93%	78.458	81.016	85.280
OEN Áburður 20-18-15	20	7,8	12			3			93%	78.934	81.508	85.798
OEN Áburður 25-12-12	25	5,2	10			3			93%	76.317	78.806	82.953

Öll verð eru í íslenskum krónum pr.tonn og án vsk. Verðlisti getur breyst án fyrirvara.
*Verðlisti gildir miðað við að pantað sé fyrir 31. janúar 2016.

Reykjavík

Aron Baldursson
sími: 444 3009
gsm: 840 3009
aron@skeljungur.is

Höfn

Eyjólfur Kristjánsson
Ási
gsm: 840 8871
harpaey@simnet.is

Norðausturland

Hallgrímur Hallsson
sími: 464 1067
gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is

Borgarfjörður, Kjós og Hvalfjörður

Einar Guðmann Örnólfsson
Sigmundarstöðum
gsm: 862 5075
einargudmann@vesturland.is

Eyjafjörður

Þórarinn Ingi Pétursson
Grund
gsm: 899 3236
grytubakki@gmail.com

Austurland

Steinn Björnsson
Þernunesi
gsm: 896 0314
steinnb@visir.is

Snæfellsnes og Mýrar

Sigurjón Helgason
Mel, Mýrum
gsm: 867 8108
melur@emax.is

Norðvesturland og Eyjafjörður

Bændaþjónustan
Eymundur Þórarinnsson
Saurbæ, Skagafirði
gsm: 892 8012
eymundur@saurbaer.is

Suðurland

Búaðföng
Lúðvík Bergmann
Stórólfsvöllum
sími: 487 8888
gsm: 896 9980
bu@bu.is



Dalir

Sigurður Sigurbjörnsson
Búðardalur
gsm: 840 3051
ssi@skeljungur.is

GREIÐSLUFYRIRKOMULAG 2016

① Fyrirframgreiðsla, greitt fyrir 15. mars

② Greitt fyrir 15. maí

③ Greiðsludreifing / greitt fyrir 15. október
Í boði eru 7 jafnar vaxtalausar mánaðarlegar greiðslur með gjalddaga 1. hvers mánaðar frá maí til nóvember eða ein vaxtalaus greiðsla með gjalddaga 1. október 2016.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga
Dragist greiðsla fram yfir eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Öll verð eru án/vsk. og leggst 24% vsk. ofan á verð við útgáfu reiknings.

Eldsneyti, smurolíur og aðrar rekstrarvörur
á hagstæðum kjörum. Kynntu þér málið!

www.skeljungur.is



Skeljungur



Jón Loftsson ásamt eiginkonu sinni, Berit Helene Johnsen. Bærinn Stóra-Sandfell 1 og Sandfellið í Skriðdal í baksýn.

Rætt við Jón Loftsson, fráfarað skógræktarstjóra:

Framtíð skógræktar á Íslandi er björt

Jón Loftsson lét af störfum um síðustu áramót eftir 25 ára farsælt starf sem skógræktarstjóri. Alls hefur Jón starfað hjá Skógrækt ríkisins í rúm 40 ár.

„Ég hóf störf hjá Skógræktinni sem aðstoðarskógarvörður hjá Sigurði Blöndal í Hallormstaðaskógi árið 1974 og tók við af honum sem skógarvörður 1978 þegar hann var skipaður skógræktarstjóri. Ég var skógarvörður til 1990 en það ár var ég skipaður skógræktarstjóri og starfaði sem slíkur þar til um síðustu áramót þegar ég lét af störfum fyrir aldurssakir.“

Lærði í Noregi

Jón er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík og fór síðan til Danmerkur í eitt ár í for- eða starfsnám í skógrækt. Þaðan fór hann í landbúnaðarskólann á Ási í Noregi og lærði skógrækt. Því námi lauk Jón 1973 og kom heim árið eftir og flutti austur á Fljótsdalshérað og hefur búið þar síðan.

Það er ekki tilviljun að hugur Jóns hneigðist til skógræktar. Einar Sæmundsen móðurafi hans, fór til Danmerkur árið 1905, ásamt þremur öðrum, að læra skógræði. Skógrækt ríkisins var stofnuð 1908 og Einar var einn af fyrstu skógarvörðunum hjá stofnuninni og allt fram undir seinni heimsstyrjöldina. Hann byrjaði sem skógarvörður á Vöglum í Fnjóskadal en síðar á Suðurlandi og varði mestum sumartíma sínum í að leiðbeina bændum um skógrækt. Á veturna starfaði Einar sem þingritari.

Fór ungur að vinna við ræktun

„Móðurbróðir minn, Einar Sæmundsen yngri, lærði líka skógræði í Danmörku og Noregi og starfaði lengst af sem framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur og byggði upp gróðrarstöðina í Fossvogi og var jafnframt skógarvörður Skógræktar ríkisins á Suðvesturlandi. Til fimm ára aldurs bjó fjölskyldan í Reykjavík hjá afa



Jón Loftsson skógræktarstjóri í 40 ára gömlum lerkiskógi.

og ömmu á Grettisgötunni. Árið 1950 fluttum við í Fossvogsdalinn í Kópavogi í hús sem pabbi, Loftur Einarsson húsasmiðameistari, byggði við Nýbýlaveg í Kópavogi við hliðina á stórbýlinu Lundi. Auk foreldra minna og systkina bjó Einar yngri og fjölskylda þar.

Seinna var byggt sams konar hús við hliðina á okkar. Pabbi féll frá þegar ég var sjö ára en þá flutti móðuramma mín til okkar og hélt heimili með móður minni, Guðrúnu Einarsdóttur Sæmundsen. Þarna var stórfjölskyldan saman, mamma, amma, Einar frændi og hans kona, við þrír bræður og fjögur systkina-börn. Þarna var mikil samheldni.

Gróðrarstöð Skógræktarfélags Reykjavíkur var örstutt frá heimili okkar og ég var mjög ungur þegar ég byrjaði að vinna þar. Ég hef því verið viðloðandi skógrækt frá 1955, eða í 60 ár.“

Jón segir að um tíma hafi hann

hugað sér að verða dýralæknir enda mikill áhugi á hestum í fjölskyldu hans. „En skógurinn var yfirsterkari og ég sé ekki eftir því.“

Um 50 starfsmenn

Árið 1990 breytti Alþingi lögum um skógrækt og aðalstöðvar Skógræktar ríkisins voru fluttar á Fljótsdalshérað í framhaldi af því. Fyrsta verk Jóns sem skógræktarstjóra var að flytja stofnunina þangað.

„Það voru ekki allir starfsmenn skrifstofunnar tilbúin til að fylgja með en flutningurinn tókst með ágætum þrátt fyrir það enda komið að kynslóðaskiptum. Margir fengu að ljúka starfsferli sínum í Reykjavík og nýtt fólk var ráðið inn fyrir austan.

Starfsmenn Skógræktar ríkisins eru um 50 í dag en starfsmenn aðalskrifstofunnar ekki nema átta.

Skógræktin er líklega sú ríkisstofnun sem er með einna bestu dreifingu starfsmanna um landið.

Jafnframt því sem stofnunin var flutt austur urðu þær breytingar að Skógrækt ríkisins, sem fram til þess hafði séð um að rækta skóg fyrir Ísland og Íslendinga, fór hún að vera meira ráðgefandi og bændur tóku meira við ræktuninni sjálfri. Þetta var á þeim tíma sem svokölluð landshluta-verkefni í skógrækt voru sett á laggirnar. Fyrst Héraðsskógar og í framhaldinu, Suður-, Norður- og Vesturlandsskógar og Skjólsskógar á Vestfjörðum, verkefni sem dekkja allt landið í dag.

Aðaltegundir í skógrækt á Íslandi eru í dag sitkagreni, stafafura, lerki alaskaösp og að sjálfsgöðu íslenskt birki. Á Austurlandi er mest ræktað af lerki en í Borgarfirði, Hauka- og Þjórsárdal er aðallega ræktað greni,“ segir Jón.

Landshlutaáætlanirnar mikil framför

Jón segir að í dag séu bændur stærstu aðilarnir í nýskógrækt í landinu. „Ég kom mikið að því að setja landshluta-verkefni af stað og ráðgjöf þeim tengdum. Breytingarnar frá því að ég hóf störf hjá Skógræktinni eru því gríðarlegar.

Ef ég hugsa til baka til 1974, þegar ég kom fyrst á Fljótsdalshérað og keyrði frá Egilsstöðum, sá ég engan skóg fyrr en ég kom að Hallormsstað. Í dag er samfelldur skógur alla leiðina og ég átti ekki von á því á sínum tíma að ég mundi lifa það á minni starfsævi að grisjun, skógarhögg og viðarvinnsla yrðu stór hluti að verkefnum stofnunarinnar. Þannig er það í dag og ég fékk að lokum tækifæri til að nýta það sem ég lærði í háskólanum á Ási á sínum tíma. Það er ekki nóg að planta skógi því það þarf líka að sinna þeim með grisjun og úrvinnslu afurða þegar sá tími er kominn.

Í dag eru það ekki lengur ríkisstarfsmenn sem sinna þeim verkum heldur verktakar með skógarhöggsvélar og stóra flutningabíla.“

Höggva 5 til 6 þúsund rúmmetra á ári

„Fyrir tíu árum seldi Skógræktin nokkur hundruð rúmmetra af timbri á ári og mest sem arinvið. Kaupendur voru fáir og áhugi fyrir íslenskum við lítill. Svo kom blessað hrúnið, eins og við köllum það, og erfitt var að fá gjaldeyri. Í framhaldinu uppgötvuðu menn að það var orðin til skógarauðlind í landinu sem hægt var að nýta til margs konar framleiðslu, spæni sem undirburð fyrir búfé, viðarkurl sem kolefnisgjafa við kísilmálmvinnslu, spírur í fiskhjalla og sífelld meira efni og eftir því sem trén stækkuðu var sagað í planku og borð og nýtt til dæmis sem klæðningar á hús.

Í dag erum við að grisja og höggva



Próstur Eysteinnsson, núverandi skógræktarstjóri, Guðni Arnórsson, verkstjóri á Vöglum, Jón Loftsson og Rúnar Ísleifsson, skógarvörður á Norðurlandi, við timburstæðu á Vöglum í Fnjóskadal sem er tilbúin til flutnings á Grundartanga.

fimm til sex þúsund rúmmetra á ári. Af því er um 10% sem er hægt að saga í planka og borð en stærstur hlutinn er grisjunarviður sem er seldur til Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.“

Jón segir að forstöðumenn Járblendiverksmiðjunnar hafi óskað eftir því við Skógrækt ríkisins að gera tilraun með íslenskt timbur til brennslu í ofnum verk-smiðjunnar og keyptu þúsund tonn af kurluðu timbri í fyrsta áfanga.

„Kurlinu er blandað saman við kísilinn áður en hann er brenndur. Afurðin sem kom út úr tilrauninni og unnin var með íslensku timbri er að þeirra sögn bæði betri og verðmætari en fæst með brennslu á kolum eða koxi. Í framhaldi af því vildi járnblendid fá 30 þúsund tonn á ári af kurli og borga nokkuð gott verð fyrir það. Slíkt magn er langt umfram það sem við ráðum yfir og ég sagði þeim að tala við okkur eftir 30 til 40 ár. Það sem vantar upp á

flytja þeir inn að mestu frá Kanada. Járblendid vill sem sagt kaupa allan þann við sem við getum lagt til og það er mikil breyting frá því sem áður var. Okkar útreikningar sýna reyndar að markaðurinn fyrir íslenskan við sé nánast óendanlegur og hægt að tala um hann í hundruðum þúsunda rúmmetra þegar fram líða stundir.“

Skógar verðmæt auðlind

Jón segir að þrátt fyrir að framlög til skógræktar hafi dregist saman um nánast helming við hrunið og enn sé talsvert í að framlögin verði þau sömu og áður hafi margir áttað sig á gildi skógræktar sem auðlindar eftir hrun.

„Vegna aukinnar sölu skógar-afurða í kjölfar hrunsins tókst Skógræktinni að mestu leyti að halda dampi og vera að hluta til sjálfbær og með grænar tölur í bókhaldinu. Starfsemi stofnunarinnar dróst því lítið saman.“

Bændur stærstir í nýskógrækt

„Í nánustu framtíð verða það bændur sem verða stærstu skógareigendur landsins en ekki Skógræktin. Skógarnir sem efnt var til um 1990 verða fljótlega komnir í grisjunar-stærð og þá geta eigendur þeirra farið að hafa af þeim tekjur.“

Jón segir að til þessa hafi skóg-rækt á landinu verið öflugust á Fljótshálsá en að Suður- og Norðurland fylgi þar fast á eftir.

„Skógar landsins hafa verið teknir út í verkefni sem kallast Íslensk skógarúttekt og er unnið af sérfræðingum á rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá. Þetta skógarbókhald er að hluta til unnið vegna skuldbindinga Íslands varðandi Kyoto-samninginn og við þurfum að hafa það alveg á hreinu hversu mikið af nýjum skógum er að verða til og hversu mikið þeir vaxa til að tíunda kolefnisbindingu landsins.



Próstur Eysteinnsson, Rúnar Ísleifsson, Jón Loftsson og Valgerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga, leggja á ráðin um fræframleiðslu af fjallapín í fræhúsinu á Vöglum.

Skógurinn og tíminn

Ráðstefna í tilefni af sjötugsaf-mæli Jóns Loftssonar skógrækt-arstjóra og starfslokum hans hjá Skógrækt ríkisins verður í Valaskjálfi á Egilsstöðum 20. janúar næstkomandi.

Á ráðstefnunni verður lítið yfir síðustu sjötíu ár í skógrækt á Íslandi og spáð í hver þróunin gæti orðið næstu sjötíu árin.

Yfirskrift fyrri hluta ráðstefnunnar er Skógrækt frá stríðslokum til okkar daga. Segja má að eftir stríð hafi hjólin farið að snúast í skógrækt hérlandis. Árið 1945 fór Hákon Bjarnason skógræktarstjóri í fræga þriggja mánaða för vestur um haf, safnaði meðal annars sitkagrenifræi og kom líka með fræ af alaskalúpínu, vongóður um að sú duglega tegund yrði til mikillar hjálpar við að græða upp landið og klæða það skógi. Og víst er að norður-amerískar tegundir, einkum

sitkagreni, stafafura og alaskaösp hafa reynst vel í skógrækt hérlandis síðan. Meðal þess sem rætt verður á ráðstefnunni er einmitt sitkagrenið og arfleifð Hákonar Bjarnasonar en einnig verður lítið til fyrstu skógræktarlaganna 1907, fjallað um fyrstu hugmyndir hérlandis um timburskóga og rætt um skaðvalda í fortíð og framtíð.

Síðari hluti ráðstefnunnar ber yfirskriftina Skógrækt, möguleikar og framtíðarsýn. Þar verður einkum horft til framtíðarinnar, rætt um margslungin áhrif gróðurs á veðurfar, skógarannsóknir og mögulega þróun skóga fram til 2085, gerð landsáætlunar, framtíðarmarkað fyrir skógarafurðir og skógrækt á breytingatímum. Spurt verður jafnframt hvort Ísland verði eftirsótt til kolefnisbindingar með skógrækt og hvernig samspil ferðaþjónustu og skógræktar geti verið.

Það ánægjulega gerðist í fyrsta skiptið í fyrra að þróunin snerist við og meira varð til af skógi en eyddist. Útbreiðsla skóga á landinu var komin niður í um það bil 1,3% af heildaflatarmáli landsins og mest birkiskógur en í dag þekur skógur náttúrulegur og ræktaður um 1,8%. Ísland er þrátt fyrir allt stórt land þannig að skógar eru farnir að þekja talsvert marga hektara.“

Bjart frامundan

„Helstu verkefnin framundan að mínu mati eru að brýna fjárveitingavaldið til að auka framlög til skógræktar í að minnsta kosti það sem þau voru fyrir hrún þannig að hægt verði að stækka skógarauðlindina enn frekar. Við þurfum einnig að byggja upp einhvers konar innra kerfi í landinu hvað varðar skógrækt og skógarnytjar.

Kerfið er til í sauðfjárbúskap og mjólkurframleiðslu en ekki þegar kemur að skógrækt. Hér vantar alla innviði sem viðkoma markaðsmálum skógarafurða og þá verðum við að fara að byggja upp.

Skógræktin hefur að mestu séð um þessi mál en nú þegar bændur fara sjálfir að selja skógarafurðir sínar vantar utanumhald og í ansi mörg horn að líta.

Timbur er sú afurð í heiminum sem sveiflast hvað minnst í verði og heldur vel verðgildi sínu og þannig hefur það verið lengi. Verð á timbri er einnig hátt og óþarfi að flytja það inn ef við getum framleitt það sjálfir á sjálfbæran hátt og sem alvöru atvinnugrein.

Verkefnin framundan eru næg og framtíð skógræktar á Íslandi björt,“ segir Jón Loftsson, fráfarandi skógræktarstjóri að lokum.

/ VH

Stuðningskerfi landbúnaðarins - III. hluti

Í tveimur síðustu greinum fór ég örfáum orðum um stuðningskerfi nautgripa- og sauðfjárframleiðslunnar á Íslandi og reyndi að leggja mat á kosti og galla hvers greiðslukerfis. Mín niðurstaða var að greiðslumarkskerfið í mjólk væri of dýrt til að vera réttlætalegt; að tvískipting mjólkurmarkaðarins sem afleiðing af opinberri verðlagningu væri óheppileg; að það væri til verulegra bóta að stórkauka jarðræktarstuðning og að það mætti sömuleiðis stórkauka stuðning til fjárfestinga í tækni, menntun og nýsköpun.


Nú er röðin komin að tollaumhverfinu. Til að byrja með er mikilvægt að greina á milli umræðu um hversu háir tollar eru annars vegar og tollkvóta hins vegar.

Tollkvótar


Tollkvótar ganga út á að ríki gera samninga sín á milli um að gefa hvert öðru tollfrjálsan aðgang að heimamörkuðum. Oftast er þessi tollfrjálsi aðgangur mjög lítið hlutfall af heildarmarkaðnum – gjarnan um eða undir 5% en getur vissulega orðið stærri. Þannig er í nýlegum fríverslunarsamningi við ESB samið um tollkvóta sem í okkar tilvikinu eru um og yfir 10% af markaðnum.

Þar sem tollkvótar eru mjög lítill hluti af heildarmarkaði þá hafa þeir sjaldnast áhrif á verðmyndun á markaðnum. Áhrif þeirra á neytendum eru því lítil nema helst til að auka vöruúrval. Tollkvótar eru takmörkuð gæði. Sá sem eignast tollkvótann fær réttinn til að flytja inn vöru ódýrar en aðrir og þar sem innflutningurinn er of lítill til að hafa áhrif á markaðsverð er hægt að hagnast verulega á að selja þessa tollfrjálsu vöru. Vegna þessa skiptir miklu hvernig tollkvótum er útdelt og hér eru þrjár leiðir algengastar. Í fyrsta útboð, þar sem innflutningsaðilar geta boðið í þessi takmörkuðu gæði. Í öðru lagi fyrstur-kemur-fyrstur-fær og í þriðja lagi hlutkesti milli allra sem sækjast eftir tollkvótunum.

Sú leið sem Ísland hefur valið er uppboð á kvótum. Uppboð á takmörkuðum gæðum er mjög útbreidd aðferðafræði og að mínu mati sú besta sem völ er á. Ef kvótarnir



Mynd 1. Markaðsstuðningur (MPS) skv. OECD sem hlutfall af framleiðendaverði í mjólk, nautakjöti og lambakjöti.



Mynd 2. Markaðsstuðningur (MPS) skv. OECD sem hlutfall af framleiðendaverði í kjúklingakjöti, eggjum og svínakjöti.



Torfi Jóhannesson.

eru verðmætir þá fær ríkissjóður þau verðmæti sem hlýtur að teljast eðlilegra en einhvers konar handaðhófskennd útteiling verðmæta til innflutningsaðila.

Annað mikilvægt sérkenni tollkvóta er að svo fremi sem álagðir tollar skapa raunverulega vernd fyrir innlenda framleiðslu, þá fjarlægja tollkvótarnir þessa vernd algerlega fyrir hluta markaðarins og innlend framleiðsla á mjög erfitt með að keppa um þann hluta markaðarins. Afleiðing tollkvóta er því ekki sú að innlendir aðilar lækki verð á sínum vörum því munurinn er oftast en ekki of mikill til að þeir geti tekið þann slag. Í staðinn minnkar einfaldlega

hin innlenda markaðshlutdeild sem tollkvótanum nemur. Og þar sem kvótarnir hafa lítil áhrif á markaðsverð, þá er ábati neytenda lítill sem enginn.

Það jákvæða við tollkvóta er að þeir eru gagnkvæmir og geta því opnað framleiðendum tollfrjálsan aðgang að erlendum mörkuðum. Þess vegna er mikilvægt að vönduð greining á markaðstækifærum erlendis liggi að baki öllum samningum um gagnkvæma tollkvóta.

Tollar

Tollar á innfluttar landbúnaðarafurðir til Íslands hafa löngum haft tvö einkenni: Í fyrsta lagi ná þeir til mjög lítills hluta innfluttra landbúnaðarvara og í öðru lagi hafa þeir að jafnaði verið það háir að innflutningur er nánast ómögulegur. Með öðrum orðum eru tollarnir skipulagðir sem verndartollar fyrir innlenda framleiðslu. Það er í sjálfsér ekkert rangt við verndartolla; þeir þekkjast frá öllum löndum en það er ástæða til að huga vel að fyrirkomulagi þeirra. Ef saman fara háir tollar og lítil samkeppni á innanlandsmarkaði skapa tollarnir framleiðendum möguleika á að hækka verð umfram það sem æskilegt má telja en ef samkeppni er nægjanleg á heimamarkaði hafa tollarnir fyrst og fremst „magnvernd“ í för með sér.

Ef við lítum á stóru kjötframleiðslugreinarnar á Íslandi, sauðfjárframleiðslu, svínaframleiðslu og kjúklingaframleiðslu, þá sjáum við dæmi um bæði magnvernd og verðvernd. Til að sýna muninn á þessum greinum hef ég valið að líta til gagna frá OECD um svokallaðan „markaðsstuðning“. Þetta er mælikvarði á þann stuðning sem framleiðendur fá frá neytendum í krafti verðlagningar afurða. Grunnur útreikninganna er samanburður á verði til framleiðenda á Íslandi og því sem OECD skilgreinir sem „erlent viðmiðunarverð“.

Á mynd 1 sést hvernig markaðsstuðningur fyrir lambakjöt, nautakjöt og mjólk hefur þróast síðustu 10 ár. Í lambakjöti og nautakjöti er markaðsstuðningur ekki til staðar sem þýðir á mannamáli að framleiðendaverð á Íslandi er jafnlágt eða lægra en á heimsmarkaði. Tollar á innflutt kjöt skapa þannig vissa tryggingu fyrir sölu á innanlandsmarkaðinn en innlend samkeppni er svo mikil að verð til bænda er svipað og það myndi vera án tolla.

Í mjólk hefur markaðsstuðningurinn náð ákveðnu jafnvægi sem liggur á bilinu 20–30% af verði til framleiðenda. Þetta er ekki sérstaklega mikið og raunar hæpið að innflutningur myndi skila neytendum miklum ávinningi, þegar tekið væri tillit til flutningskostnaðar og verri viðskiptaskilmála.

Mynd 2 sýnir sama hlutfall fyrir svínakjöt og egg. Þessar greinar njóta ekki beinna ríkisstyrkja og reiða sig því í mun meira mæli á tollvernd en „gras-greinarnar“. Markaðsverndin nemur ríflega 70% af framleiðsluverðmætinu í kjúklingakjöti en 30–40% í svínakjöti. Eggjaframleiðslan liggur þar á milli. Þessi mikla verðvernd skilar sér að sjálfsögðu í tilföllum háu smásöluverði á þessum vörum.

Þegar tölur um markaðsstuðning eru skoðaðar er óhjákvæmilegt að huga að því hvort tollvernd þurfi ekki að vera skilgreind og takmörkuð. Mætti til dæmis hugsa sér að stjórnvöld marki stefnu um að tollvernd skuli vera að hámarki 30–40% af framleiðslukostnaði? Eða að tollvernd skuli lækka smátt og smátt niður að einhverju tilteknu marki svo innlend framleiðsla hafi tækifæri til að aðlagast samkeppni? Með því móti yrði innlendum framleiðendum tryggð ákveðin vernd, en um leið fengju neytendur ákveðna tryggingu fyrir því að innlendir vörur yrðu ekki óhóflega mikið dýrari en mögulegur innflutningur.

Höfundur starfar sem ráðgjafi í landbúnaði og skógrækt hjá Norræna ráðherraráðinu. Greinin endurspeglar ekki endilega viðhorf ráðherraráðsins.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 28. janúar

HVAÐ SEGJA BÆNDUR

Átt þú góða sögu úr sveitinni?

N4 í samstarfi við Bændasamtökin vinnur að þáttaseríunni *Hvað segja bændur?* sem fjallar um íslenskan landbúnað. Við erum að leita að allskonar sögum, fyndnum, fróðlegum og fallegum, sorglegum, skrítnum og skemmtilegum!

Endilega sendu okkur þína sögu á netfangið birna@n4.is með upplýsingum um þig meðfylgjandi.

Ef þú hefur ábendingar um áhugaverða frumkvöðla og rannsóknir á sviði landbúnaðar máttu endilega senda okkur línu á netfangið birna@n4.is

Við hvetjum fólk á öllum aldri og um allt land til að senda inn sína sögu. Við veljum svo nokkrar sögur sem við munum nota í þáttunum, en viðkomandi þarf að vera tilbúinn að segja sína sögu þar.



- fyrir þig



Reykhólar.

Mynd / HKR.

Reykhólahreppur: Dreifingardögum Póstsins fækkað um helming

Póstdreifingardögum í Reykhólahreppi fækkað um helming frá og með 1. mars, samkvæmt tilkynningu sem birt hefur verið á vef Íslandsþósts.

Þetta gildir þó ekki í Flatey, en þar verður póstur áfram borinn út með sama hætti og verið hefur, tvisvar í viku með bát frá Stykkishólmi.

Fram kemur á vef Reykhólahrepps að pósti sé nú dreift alla virka daga, en eftir breytingu verður dreifing annan hvern virkan dag, til skipt-

is þrisvar í viku; á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum og tvisvar í viku; á þriðjudögum og fimmtudögum.

Íslandsþóstur óskaði eftir því við Póst- og fjarskiptastofnun að fá að fækka dreifingardögum á tilteknum svæðum og hefur stofnunin nú samþykkt það. Samkvæmt reglugerð er Íslandsþósti heimilt að sækja um undanþágu frá fimm daga þjónustu ef m.a. kringumstæður og kostnaður eru „óhófleg“.

/MPÞ



Hvað getur komið í staðinn fyrir opinbera verðlagningu á mjólk?

Nokkur umræða hefur verið um mögulegt afnám opinberrar verðlagningar í mjólkurframleiðslu samhliða mögulegu afnámi núverandi greiðslumarkskerfis (kvóta). Mikilvægt er að skilið sé á milli opinberrar verðlagningar til bænda og opinberrar verðlagningar á vörum á heildsölustigi og hér verður einungis fjallað um fyrrnefnda kerfið; opinbera verðlagningu á mjólk til bænda.

Opinber afskipti af afurðaverði til bænda eru mjög algeng í öllum okkar nágrannalöndum en aðferðafræðin er ólík. Ísland hefur aflagt opinber inngríp í öllum búgreinum nema mjólkurframleiðslu, þar sem bændum er tryggt tiltekið verð fyrir þann hluta framleiðslunnar sem samsvarar eftirspurn innlenda markaðarins. Ef þetta kerfi verður aflagt mun mjólkurverð til bænda verða vegið meðaltal af verði/magni á innlenda markaðnum og útflutningi, rétt eins og það er í dag í sauðfjárrækt.

Sá munur er á sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu að heimsmarkaðsverð á mjólk sveiflast mun meir en á lambakjöti og því má búast við því að í breyttu kerfi muni kúabændur finna óþægilega mikið fyrir sveiflum á heimsmarkaði (að því gefnu að umtalsverður hluti framleiðslunnar verði fluttur út). Því er ekki úr vegi að skoða hvernig önnur lönd hafa brugðist við svipuðum aðstæðum.

Noregur

Í Noregi er kvótakerfi og opinber verðlagning á mjólk, rétt eins og á Íslandi. Munurinn felst fyrst og fremst í að mjólk sem bændur framleiða umfram kvóta er nánast verðlaus; þ.e. bóndinn fær sekt sem er nánast eins há og mjólkurverðið. Með þessum hætti er framleiðslunni stýrt þannig að útflutningur er mjög lítill.

Bandaríkin

Bandaríkin hafa lengi haft stuðningskerfi í mjólk, þar sem ríkið tryggir að mjólkurverð falli ekki undir vissu lágmark. Þetta er gert með uppkaupum á smjöri, osti og undanrennuðufti. Árið 2014 var kerfinu breytt og nú miðast uppkaupin ekki lengur við tiltekið lágmarksverð heldur mismun á útreiknuðu fóðurverði og mjólkurverði. Bændur ákveða sjálfir hvort þeir taka þátt í kerfinu og velji þeir svo, taka þeir einnig þátt í kostnaðinum við kerfið.

Evrópusambandið

Í Evrópusambandinu er löng hefð fyrir uppkaupum á tilteknu lágmarksverði, ekki bara á mjólk heldur í mörgum framleiðslugreinum. Þetta kerfi var uppistaðan í landbúnaðarstuðningi ESB fram til 1994 og leiddi til frægra fjalla af kjöti og smjöri. Uppkaupakerfið er enn til staðar í ESB

en nú er lágmarksverðið lægra en áður og meira þarf til áður en uppkaup eru sett af stað.

Hvaða leið hentar á Íslandi?

Norska leiðin hentar klárlega ekki fyrir Ísland, enda myndi hún í raun útiloka útflutning mjólkurvara. Bandaríska leiðin er þróaðri en sú evrópska, þar sem hún tekur tillit til fóðurverðs. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort hún sé ekki óþarflega flókin og ógegnsæ til að henta fyrir litla Ísland. Þá væri evrópska leiðin – sem er mjög svipuð því sem var við lýði í Bandaríkjunum fyrir árið

2014 – hentugri. Þó með þeim fyrirvara að það er ekki víst að uppkaup á mjólkurvörum séu besta leiðin hérlandis. Hugsanlega væri betra fyrir Ísland að stjórnvöld greiddu verðuppbót beint til framleiðenda. Stjórnvöld og bændur myndu þá semja um tiltekið lágmarksverð og félli verð til bænda undir það mark gætu stjórnvöld greitt tiltekna upphæð í verðuppbót til framleiðenda. Verðuppbótin yrði að vera tímabundin og magnbundin innan hvers árs. Kerfið yrði nokkurs konar sveigjanlegt björgunarnet sem einungis yrði virkjað í undantekningartilvikum.

/Torfi Jóhannesson

JEPPADEKK

DEEGAN | MTZ | BAJA CLAW

MICKEY THOMPSON

jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi

M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.

Stærðir 32" - 54"

Ice-track ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is

RAIKO.is

RAIKO JK14

s-8610000

B&B Guesthouse

Á leiðinni til útlanda?

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

2 manna herbergi

9.900 kr

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

ÞORRATILBOÐ 2016

Tilboð á sérmerktum glösum fyrir þorrablot



BROS
AUGLYSINGAVÖRUR

Norðlingabraut 14 - 110 Reykjavík
Sími 569 9000 - sala@bros.is - www.bros.is

NORÐLENSKA

Vinnslustjóri á Höfn

Starf vinnslustjóra á Höfn er laust til umsóknar. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Verksvið:

- Verkstjórn og skipulagning í samstarfi við aðra stjórnendur
- Umsjón með undirbúningi og framkvæmd sauðfjárláturtíðar
- Ábyrgð á að unnið sé eftir skilgreindum gæða- og verkferlum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Þekking á matvælaframleiðslu
- Góð almenn tölvufærni, íslensku- og enskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð, jákvæðni og frumkvæði

Umsóknarfrestur er til **24. janúar 2016**. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóna Jónsdóttir starfsmannastjóri í síma 460-8805. Áhugasamir sendi ferilskrá og kynningarbréf á netfangið **jona@nordlenska.is**. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum svarað þegar ráðið hefur verið í starfið.

Kirkjuskógskynið og Gnýfari

— Sigurjón Svavar Yngvason

Þetta er saga af Dalakyni. Byrjar að vísu austur í Hreppum. Þar ríða menn í réttirnar og taka í fleyg undir réttarveggnum. Þar hitti ég oft vin minn á sama reki, sem hættur er að smakka það sjálfur en hefur gaman af því að bjóða öðrum. Hann er því á réttardaginn með pela og býður mönnum.

Alltaf er Séníver á pelanum. Það er drykkur sem var vinsæll áður fyrr, enda góður og hollur, gerður úr hollenskum kartöflum. Hann kom gjarnan til mín, vissi að ég var Sénívermaður.

Einu sinni kvartaði hann yfir því að yngri menn þekktu ekki Séníver og fannst hann jafnvel vondur. Ég sagði honum þá að ég hefði orðið var við vankunnáttu yngri manna á fleiri sviðum, t.d. þekkti enginn lengur Roy og Trigger og af því að hann er hestamaður, sagði ég honum að enginn myndi lengur eftir Gnýfara, sem hann mundi vel.

Við vorum sammála um að það gengi ekki að vitneskjan um Roy, Gnýfara og Séníver myndi glatast. Um Séníver hafa örugglega verið skrifaðar greinar og þýkkaðar bækur, Roy er á YouTube, en ég ætla að reyna að rifja eitthvað upp um Gnýfara og hans uppruna. Mér rennur blóðið til skyldunnar, því Gnýfari var af hestakyni og í eigu móðurafa míns, Sigurjóns Jónssonar frá Kirkjuskógi í Miðdölum, áður en Þorgeir í Gufunesi eignaðist hann.

Það var árviss viðburður á árunum um og eftir 1950 að ég fór með föður mínum á hvítasunnukappreiðar Fáks við Elliðaár. Þar sá ég Gnýfara fyrst. Við strákarnir lágum fremstir á vírgirðingunni við skeiðvöllinn, en fullorðnir aftan við. Ég man enn að okkur fannst efsti strengurinn skerast alveg inn að beini þegar hlaupin hófust og þeir fullorðnu lögðust fram yfir okkur til þess að sjá allt hlaupið frá ráslínu í mark. Spennan var að sjá átökin á ráslínu og linaðist ekki fyrr en einhvar hrópaði: „Þarna koma þeir.“ Við Dalamenn fylgdumst vel með Gnýfara, hann var í mínum huga alltaf hesturinn hans afa, þótt Geiri í Gufunesi ætti hann.

Annaðhvort var sigurinn öruggur, eða menn spurðu í ákafa „hafð’ann það?“ og þessi Hann var auðvitað Gnýfari. Dalamenn héldu með sínum.

Leikið með leggi

Ég átti mikið af leggjum sem strákur og lék mér mikið með þá. Alls hafa þetta verið 30–40 leggir, geymdir í litlum trékistli milli leikja. Framfótarleggir voru klárar, en afturfótarleggir merar. Eingöngu dugðu leggir af fullorðnu, af lambaleggjum um brotnuðu höfuðin. Ég átti einn uppáhaldslegg. Hann var bleikur, hrossableikur, ekki Barbie-bleikur. Hann hét að sjálfsögðu Gnýfari. Ekki veit ég hvernig litnum var náð. Hann var ekki málaður eins og margir af öðrum leggjum mínum, ef til vill soðinn í lit frá ullarlitum. Af þessu má sjá að ég var töluvert upptekinn af Gnýfara í minni bernsku.

Við þessa samantekt, hér á eftir, hef ég stuðst við frásagnir frá mér vitrari mönnum og gluggað í ritaðar bækur og ef einhver veit enn betur, sem ég efa ekki, eða sér rangfærslur, væri gott að vita af því.

Kirkjuskógskynið

Ættmóðirin Ör og afkvæmi hennar.

Gædd var blóði gæðinga
genin flóðu úr sjóði,
ættarmóðir öðlinga
Ör í stóði glóði.

SY

Sigurjón Jónsson (1875–1956), bóndi í Kirkjuskógi í Miðdölum



Gnýfari og Þóra Þorgeirsdóttir. Myndin er tekin um miðjan sjötta áratuginn.



Viglundur Sigurjónsson frá Kirkjuskógi situr Gnýfara 1946.

keypti bleika meri á uppboði á Oddsstöðum. Hún var af Lækjarskógskyninu og talin fljót. Hún var kölluð Gamla Bleik og var fallegt háreist hross og ágæt til reiðar. Hún fékk á Geldingadal, milli Kolsstaða og Háafells, við rauðan fola af Hindisvíkurkyni. Folinn var eitthvað notaður til undaneldis vestra og mun hafa verið í umsjá Guðlaugs Magnússonar á Kolsstöðum. (Svipur frá Hindisvík fyljaði hryssu frá Háafelli 1933. Gæti verið sá sami.)

Fola þennan tamdi Oddur Eysteinnsson og var folinn erfiður og hrekkjóttur. Viglundur Sigurjónsson frá Kirkjuskógi, þá unglingur, sá til aðfaranna á veginum fyrir neðan Kirkjuskóg þegar Oddur var að eiga

við folann. Oddur var yfirvegaður og laginn tamningamaður, en ekki er vitað hvort honum tókst að gera reiðhest úr folanum.

Undan þessum fola og Gömlu Bleik kom merfolald fætt 1934 og hlaut hún nafnið Píla. Píla var fífilbleik og ólíkt folanum var hún gæf og víðráðanleg í alla staði. Sigurjón og Kristín húsfreyja í Kirkjuskógi gáfu syni sínum, Viglundi, Pílu í fermingargjöf. Viglundi, nýfermdur, lá á og vildi frekar fá hángengan töltara en merfolald og hóf því hestakaup. Hann skipti við pabba sinn og fékk rauða hryssu.

Hryssunni skipti hann á hestamannamóti á Nesoddanum og fékk í staðinn rauðan fola úr Hrótafirði.



Hrímnir og Hólmar Pálsson, fyrrverandi bóndi á Erpsstöðum. Myndin er tekin snemma á níunda áratugnum.



Ágúst Sigurjónsson heiðraður 90 ára af Hestamannafélaginu Gláði.

Víglundur var þá kaupamaður hjá Benedikt Jónssyni á Fellsenda og þar sá hann það sem á vantaði. Benedikt átti brúnan hángengan töltara og þá gekk Víglundur aftur til hestakaupa. Hann fékk töltarann, lét rauða folann upp í, en þurfti að bæta við sig aukavinnu til þess að jafna kaupin. Þá var hringnum lokað.

Píla óx úr grasi og var mest í umsjá Ágústs, elsta sonar Sigurjóns. Hún reyndist öskuflyjót á stökki og var oft reynd á kappreiðum á Nesoddanum og á Faxaborg. Þá var Oddur Eysteinnsson oft með Ágústi í för. Árið 1943 lögðu þeir félagar upp í frægðarför suður í Borgarfjörð á kappreiðar Faxe á Hvítárvöllum. Þeir lögðu upp eldsnemma morguns, riðu fram Hörðudal og náðu til kappreiða tímanlega. Píla var í taumi alla leiðina, en Ágúst reið hatri meri. Þótt Pílu hefði verið hlíft á suðurleiðinni hafa eflaust sést einhver þreytumerki á hryssunni og Borgfirðingar óttuðust ekki samkeppni úr þeirri átt. Það var mikill hugur í Dalamönnum, ætluðu að mæta Stíganda Ólafs bakara Þórarinnssonar, sem unnið hafði Pílu skömmu áður á Nesoddanum, á sama tíma, en á sjónarmun. Stígandi mætti því miður ekki, en keppnin var engu að síður hörð.

Borgnesingar áttu frækna hlaupagamma. Ágúst lagði á merina fyrir 300 metra stökkið, en Oddur hélt við á ráslínu. Ágúst sagði þannig frá; „Í fyrri spretti sat merin kyrfilega eftir í startinu þannig að fyrsti hestur var kominn í hálfa brautina þegar hún tók sprettinn, en Píla vann samt. (Hætt er við að forskotið hafi lengst eftir því sem sagan var oftast sögð). Seinni sprettinn vann Píla með yfirburðum.“ Ágúst hafði gaman af að segja frá þessu fram á sín elliár og hefur þetta verið ein af bestu minningum íslenska bóndans. Frændi Ágústs, Halli Reynis söngvaskáld, orti eftir andlát hans.

Ég á margar minningarnar um mann sem birtist mér á ný þar sem hann situr og við þig segir og svo skal ég segja þér söguna af því.

Sagan fjallaði um fallega hryssu sem fátækum bónda gaf stolt og von með öldina á bakinu burtu ferðu guð blessi þig Ágúst Sigurjónsson.

Þeir félagar Ágúst og Oddur, riðu strax eftir kappreiðarnar aftur vestur. Riðu um Langavatnsdal og Sópandaskarð og voru komnir vestur áður en rútan kom með aðra móts gesti. Létt hefur verið riðið, enda heyskapartíð.

Tilþríf Pílu á stökkinu vöktu athygli sem endaði með því að fjórir Fáksmenn úr Reykjavík, undir forystu Ólafs Þórarinnssonar bakara og Kristjáns „kóngs“ Vigfússonar,

mynduðu hlutafélagið Spretur hf. um kaup á henni og greiddu 3.000 krónur fyrir. Geta má þess að jörðin Miðskógur í Miðdölum seldist sama sumar á 6.000 krónur. Þetta var árið 1944 og kom Píla þá fyrst fram, undir nýju nafni, Ör, og með nýja eigendur. Þá var hún reynd á Faxaborg og varð í öðru sæti í 300 metra stökki. Sama ár, vann Ör glæstan sigur á ágústkappreiðum Fáks í 300 metra stökki.

Fákur hélt kappreiðar á hvítasunnunni og svo aðrar í ágúst ár hvert. Þá voru veðbankar í gangi og keppt í riðlum, undanúrslitum og úrslitum. Fljótustu hrossin þurftu því að hlaupa þrjá spretti yfir daginn. Ör var alltaf í verðlaunasæti, fyrsta, öðru (oftast) og í þriðja í 300 metra stökki 1944 og í 350 metra stökki árin 1945 og 1946. Þessu er vel lýst í afmælisriti Fáks sem gefið var út 1949 í tilefni af aldarfjórðungsafmæli félagsins í bók eftir Einar E. Sæmundsen undir nafninu Fákur. Í þessari bók er Ör kynnt til sögunnar fyrir kappreiðar Fáks 24. ágúst 1944 þannig: „Komin var á vettvang ný hlaupafluga, sem Ör hét,“.

Ekki stóð á árangri

Í bók Einars er, auk nákvæmra lýsinga, skrá yfir alla þá hesta sem einhver verðlaun hafa hlotið á kappreiðum Fáks árin 1922 til og með 1946.

Skráð eru bestu hlaup hvers hests og eru skráningarnar alls 225. Á þessum árum eiga aðeins tveir hestar betri tíma en Ör í 350 metra stökki. Drottning Þorgeirs í Gufunesi, þá Varmadal, setti glæsilegt met 6. júní 1938 sem lengi stóð, 25,6 sek. Það met sló Kolbakur Jóhanns Guðmundssonar 24. júní 1945 og hljóp á 25,5 sek. Í sama hlaupi varð Ör í öðru sæti á tímanum 25,8 sek. og eru þetta þrír bestu tímarnir sem skráðir eru á þessum 24 árum. Afrek Örvar eru því auðséð.

Upplýsingar eftir 1946 eru ekki í bókinni, en þó er vitað að hún varð í öðru sæti í 350 metra stökki á Fákskappreiðum árið 1947. Virðist Ör þá hverfa af hlaupabraitinni og óljóst um afdrif hennar. Hún hefur þó farið í folaldaeign og eignast Fána 1948. Óljósar sagnir eru um að hún hafi týnst um tíma en fundist eftir töluverða leit.

Ör var í Reykjavík árið 1951, en þá stóð til að selja hana til Þýskalands. Þá um vorið er Víglundur komst á snoðir um áformin bjó hann í Reykjavík. Hann brá þegar undir sig betri fætinum og fór niður á Laugaveg 11, þar sem Kristján Vigfússon bjó. Kristján lá þar löngum beinum uppi í sófa er Víglundur kom og varð hvumsa við er Víglundur bar upp erindið og skildi ekkert í því hvers vegna hann vildi kaupa gamla hryssu á háu verði, sem var það sama

og áður hafði verið greitt. Kaupin voru ákveðin og Víglundur ákvað að koma hryssunni strax úr bænum. Farið var sjóleiðis með Laxfossi upp í Borgarnes. Hryssan var járnalaus og gekk Víglundur og teymdi hryssuna alla leið upp að Hreðavatni.

Þar var í vinnumennsku Gunnlaugur Hannesson, mágur Víglundar, og síðar bóndi á Litla-Vatnshorni í Haukadal. Þar skildi Víglundur hryssuna eftir í umsjá Gunnlaugs og fór aftur til Reykjavíkur. Nokkru síðar kom Ágúst Sigurjónsson riðandi vestan úr Dölum, hryssan var járnúð, lagt á Bröttubrekku og riðið að Kirkjuskógi þar sem Ör var síðan. Ágúst sagði Herði Haraldssyni, bónda á Sauðafelli, tengdasyni sínum, síðar, að í hryssuna hefði komið fiðringur þegar komið var á melana fyrir ofan völlinn á Nesoddanum.

Ör átti alls fimm folöld. Fyrsta folaldið fórst af slysförum inni á Geldingadal. Annað folaldið var Gnýfari, stjórnottur, fífilbleikur eins og móðirin, fæddur 1941.

Þriðja folaldið fæddist á Reykjavíkurárunum, 1948, og var það rauður glófextur hestur, Fáni. Hann var mikill stökkggammur og sigraði á Fákskappreiðum 1955 á 350 metra sprettinum. Þá var Gnýfari ekki meðal keppenda af okunnum ástæðum. Nefnt var síðar í Alþýðublaðinu 19. maí 1956 að Gnýfari ætti þá að keppa við bróður sinn sem hefði unnið árið áður. Gnýfari sigraði í hlaupinu 1956, en ekki hefur Fáni náð verðlaunasæti það sinnið. Í Alþýðublaðinu 1955 er Fáni ranglega nefndur Faxi, en í Vísi réttnefndur.

Skráður eigandi Fána var þá Sólrún Kristjánsdóttir, dóttir Kristjáns Vigfússonar. Síðar gaf Kristján Aðalsteini Aðalsteinssyni knapa Fána. Aðalsteinn reið þeim bræðrum báðum, Gnýfara og Fána, og sagði að þeir hefðu verið sérstaklega hágegir, sem ekki var eins algengt þá og nú og gæðings reiðhestar. Fáni átti alltaf heima á Korpúlfsstöðum og var felldur þar.

Fjórða folaldið fæddist eftir að Ör var komin aftur vestur. Það var brúnstjórnottur foli, Stjarni, fæddur 1952. Hann var notaður sem kynbótahestur hjá Hestamannafélaginu Glaði 1954–1958. Hann var meðal annars móðurfaðir Stjórnufáks Þorláks Ottesen í Fáki. Svo eignaðist Ör Stjörnu, 1954. Hún var rauðstjórnott. Faðir Stjörnu var Jarpur frá Sauðafelli. Stjarna var klárhestur með tólti, hágang og fallega reist.


Gott hrossakyn undan Stjörnu

Af Stjörnu er komið gott hrossakyn sem haldið hefur verið við til þessa dags. Hún eignaðist átta folöld. Undan Stjörnu má nefna Brönu fædda 1958. Hún var kappreiðastökkhestur góður og varð ættmóðir margra ágættra hrossa. Stjarna eignaðist svo Funa 1959, gráan ágætis klárhest með tólti. Funi var fallegur hestur sem oft var fánaberi við setningu hestamannamóta á Nesoddanum. Funi varð síðasti aðal reiðhestur Ágústs Sigurjónssonar og áttu þeir saman farsæla elli.

Brana eignaðist sjö folöld. Undan Brönu var snillingurinn Hrímnir, Guðmundar Ágústssonar. Hann var grár klárhestur með tólti, sem sópaði að sér verðlaunum í B-flokki gæðinga í mörg ár. Hann sýndi einnig góð tilþrif á stökki og vann í folahlaupi á Oddanum. Þessi hross voru flest klárhestar með tólti, mörg grá að lit. Lítið var reynt við vekurðina. Öll voru þau góðir stökkhestar og mörg þeirra reynd á Nesoddanum með góðum árangri. Árið 1966 flutti Kirkjuskógsfjölskyldan að Erpsstöðum í sömu sveit og hross fædd eftir þann tíma kennd við þann bæ. Mörg af þessum hrossum eru heygd ofan við gömlu fjárhúsin á Erpsstöðum. Næstsíðasta folald Brönu var grátt merfolald sem fékk nafn formóður sinnar, Ör. Faðir Örvar yngri var hinn landsfrægi stóðhestur Ófeigur 818 frá Hvanneyri og kemur vekurðin þá sterkara inn. Ágúst Sigurjónsson gaf hryssuna dóttursyni sínum, Guðmundi



Margrét Ásta Valdímarsdóttir og Tryggvi Karl Valdimarsson sitja Oktavúis, myndin er tekin 1992.



Hörður Haraldsson, bóndi á Sauðafelli, á Ör.

Harðarsyni á Sauðafelli og má segja að hrossakynið hafi við það flust að mestu að Sauðafelli.

Ör var sýnd sem afkvæmi undan Ófeigi þegar Ófeigur fékk heiðursverðlaun fyrir afkvæmi sín og var hún í hópi sem valinn var úr stórum hópi afkvæma hans. Ör yngri var alhliða fyrstu verðlauna gæðingur, dæmd með 8,09 í einkunn og sýnd bæði á Landsmóti og á Fjórðungsmóti á Kaldármelum. Hún var og góður kappreiðastökkhestur og vann bæði á Nesoddanum og í Reykhólasveit. Undan Ör og verðlaunastóðhesti Sveins á Sauðárkróki, Kjarval, kom stóðhesturinn Vafi IS1990138273, einnig fyrstu verðlauna dæmdur og sýndur á Fjórðungamóti á Kaldármelum. Undan Vafa hafa komið mörg afbragðshross sem þeir Sauðafellsmenn hafa haldið utan um og kunna betur skil á. Geta má þess að undan Vafa er Sópur frá Búðardal, stökkhestur með marga sigra að baki á kappreiðum vestra, sem sýnir að stökkgenin eru ennþá virk í þessu kyni.

Afrekshesturinn Gnýfari sonur Örvar

Gnýfari þar gnæfir hæst gnægð er af fleiri nöfnum aldrei slíkur fákur fæst og fáa við hann jöfnum.

Lárus Salómonsson

Gnýfari ólst upp fyrir vestan, í Kirkjuskógi, og var taminn þar. Víglundur reið honum mikið og sagði hann góðan töltara, en hann var ekki reyndur á hlaupabrautinni vestra. Gnýfara lá leið til Reykjavíkur, 1946, og eignuðust hann þá kunnir hestamenn, Óskar Eyjólfsson og Kristján Vigfússon, sem áður hafði keypt Pílu. Kaupverðið var 5.000 krónur sem þótti mikið fyrir gelding, en nýr Willys-jeppi kostaði þá 10.000 krónur.

Til er lýsing á Gnýfara í bókinni Fram um veg eftir Sigurgeir Magnússon. Tilvísun; „Gnýfari var stór hestur og sterklegur með góða fætur og þroskalegur um brjóst, bógar sæmilega skásettir en hálsinn ekki langur á svo stórum hesti, hausinn var myndarlegur, nokkuð þung brún sem sýndi skapfestu og einbeiti var augljós“ og í Mbl. 7. júní 1953. „Gnýfari

ár, eins og áður sagði, og hóf síðan æfingar. Þorgeir mætti svo með Gnýfara á Fákskappreiðar 1949 og sigraði hann í 300 metra stökki örugglega.

Fákskappreiðar voru á þessum tíma helstu kappreiðar landsins. Á næstu Fákskappreiðum í maí 1950 vann Gnýfari í 350 metra stökki.

Landsþekktur varð svo Gnýfari þegar Þorgeir mætti með þennan nýja hlaupagarp á fyrsta Landsmót hestamanna á Þingvöllum í júlí 1950. Gnýfari sigraði þar í 350 metra stökki.

Næstu ár voru stöðugar kappreiðar. Gnýfari sigraði á Fákskappreiðum í 350 metra stökki árin 1951, 1952, 1953, 1954, 1956, 1957, 1959 og 1962, þá 22. vetra. Gnýfari átti besta tíma í 350 metra stökki hjá Fáki 25,5 sek., settur 1951 og þann tíma var ekki búið að slá 1971, eftir því sem fram kemur í afmælisriti Fáks 50 ára, og hefur e.t.v. staðið enn lengur. Það má með sanni segja að Gnýfari hafi verið besti stökkhestur landsins í 13 ár. Hann var oft í fyrirsögn fréttu, í stækkuðu dekttu letri, oft á forsiðum blaða og það var frétnæmt ef einhverjum tókst að sigra Gnýfara. Hæruskotinn Fáksmaður sagði mér að hann myndi aldrei gleyma Gnýfara. Hann var sem ungur piltur að selja miða fyrir Fák á kappreiðum við Elliðaár og þekkti vel til kappreiðahesta. Hann ákvað að ávaxta sitt handbæra fé á öruggan hátt og lagði allt undir í veðbankanum á Gnýfara. En það gerðist sem aldrei gleymist, Gnýfari tapaði.

Landsmótin voru haldin á fjögurra ára fresti og eftir frækilega innkomu á Þingvöllum vann hann á Þveráreyrum 1954 í 350 metra stökki, þótt hann sneri öfugur á ráslnu.

Þá sagði knapinn, Þóra Þorgeirsdóttir, að hann hefði hljóðað af átökum. Það vakti undrun manna sem til sáu hve löng þrjú fyrstu stökk Gnýfara voru eftir snúninginn til þess að ná keppinautunum. Annað eins hafði ekki sést. Þetta lýsir vel því feiknarlega keppnisskapi sem klárinn bjó yfir. Af þessu hlaupi er

er fínlegur og léttilega byggður hestur og mundi vera gæðingur, væri hann notaður sem reiðhestur. Hann hefir verið einn af fljótustu kappreiðarhestum, sem nú eru til hér á landi. Hann er með frítt og skarpt höfuð og sérstaklega glaðan og fallegan svip. Eyrun hátt sett og vel lokuð, hálsinn reistur, bógar skásettir og hár herðakambur. Hryggur nokkuð langur, en fallega lagaður og sterkur. Lendin löng og breið og vel vöðvafyllt. Vinklar á afturfótum eru langir og krappir. Fætur réttir og þurrir.“

Gnýfara gekk ekki vel á hlaupa-brautinni í fyrstu og var hann því seldur Páli Sigurðssyni á Köggólfsstöðum. Þá kemur til sögunnar kappinn Þorgeir í Gufunesi, en hann keypti Gnýfara af Páli árið 1947. Ekki er vitað um kaupverðið, en Guðlaugur sonur Þorgeirs, þá ungur drengur, sagði mér að hann hefði aldrei séð svona marga brúna fimmhunduðkalla í einu, eins og þegar hann sá föður sinn telja þá fram á eldhúsbörðið.

Eftir þessi eigendaskipti varð breyting á. Þorgeir segir í viðtali við Halldór Gunnarsson; „- en hestarnir mínir gátu hlaupið af því að þeim var leyft að hlaupa, þeir höfðu gaman af því. Enginn þeirra var þó eins og Gnýfari með það. Hvað hann hafði gaman af því að hlaupa, hann flaug af gleði og þörf, enda sonur frægjar hlaupahryssu úr Dalasýslu sem hét Ör.“ Og enn í sama viðtali: „- og fann á mér hvað hann þurfti, fyrst í hvíld í næstum tvö ár, síðan marga æfingaspretti þar sem ég sá um að hann vann og svo fór hann að trúa því sjálfur að hann myndi alltaf vinna og eftir það stóð hann kyrr á ráslnu og leit næstum ögrandi á þessa vanstilltu „stráka“ við hlið sér, sem frísuðu og þrjónuðu af hræðslu við þennan, sem enginn þurfti að halda í og alltaf sigraði.“ Ekki mun þetta síðasta með kyrrðina á ráslnu alltaf hafa verið rétt hjá Þorgeiri.

Eftir að Þorgeir eignaðist Gnýfara áttu þeir samleið alla tíð. Samband þeirra hefur verið einstaklega gott og hlýtt, eins og lesa má í afmælisviðtali sem Matthías á Mogganum átti við Þorgeir 8. des. 1963. „En ég gæti ekki verið skotinn í konu í bíl, nema þá kannski langferðabíl, ef ég væri að koma af kappreiðum og Gnýfari hefði unnið. Sko þarna stendur hann og krafsar.“

Þorgeir setti hestinn í hvíld í tvö

ár, eins og áður sagði, og hóf síðan æfingar. Þorgeir mætti svo með Gnýfara á Fákskappreiðar 1949 og sigraði hann í 300 metra stökki örugglega.

Fákskappreiðar voru á þessum tíma helstu kappreiðar landsins. Á næstu Fákskappreiðum í maí 1950 vann Gnýfari í 350 metra stökki.

Landsþekktur varð svo Gnýfari þegar Þorgeir mætti með þennan nýja hlaupagarp á fyrsta Landsmót hestamanna á Þingvöllum í júlí 1950. Gnýfari sigraði þar í 350 metra stökki.

Næstu ár voru stöðugar kappreiðar. Gnýfari sigraði á Fákskappreiðum í 350 metra stökki árin 1951, 1952, 1953, 1954, 1956, 1957, 1959 og 1962, þá 22. vetra. Gnýfari átti besta tíma í 350 metra stökki hjá Fáki 25,5 sek., settur 1951 og þann tíma var ekki búið að slá 1971, eftir því sem fram kemur í afmælisriti Fáks 50 ára, og hefur e.t.v. staðið enn lengur. Það má með sanni segja að Gnýfari hafi verið besti stökkhestur landsins í 13 ár. Hann var oft í fyrirsögn fréttu, í stækkuðu dekttu letri, oft á forsiðum blaða og það var frétnæmt ef einhverjum tókst að sigra Gnýfara. Hæruskotinn Fáksmaður sagði mér að hann myndi aldrei gleyma Gnýfara. Hann var sem ungur piltur að selja miða fyrir Fák á kappreiðum við Elliðaár og þekkti vel til kappreiðahesta. Hann ákvað að ávaxta sitt handbæra fé á öruggan hátt og lagði allt undir í veðbankanum á Gnýfara. En það gerðist sem aldrei gleymist, Gnýfari tapaði.

Landsmótin voru haldin á fjögurra ára fresti og eftir frækilega innkomu á Þingvöllum vann hann á Þveráreyrum 1954 í 350 metra stökki, þótt hann sneri öfugur á ráslnu.

Þá sagði knapinn, Þóra Þorgeirsdóttir, að hann hefði hljóðað af átökum. Það vakti undrun manna sem til sáu hve löng þrjú fyrstu stökk Gnýfara voru eftir snúninginn til þess að ná keppinautunum. Annað eins hafði ekki sést. Þetta lýsir vel því feiknarlega keppnisskapi sem klárinn bjó yfir. Af þessu hlaupi er



Byggðu þinn STRÚKTÚR á traustum grunni

Stálgrindarhús - Yleiningar - Límtré

Við finnum lausn sem hentar þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ | Sími: 696 0008 & 860 0264 |

til ágætt myndband. Á Landsmótinu á Skógarhólum við Þingvelli árið 1958 varð Gnýfari annar í 400 metra stökki á sama tíma og sigurvegarinn, og var hann þá 22 vetra. Á síðasta Landsmóti hans á Skógarhólum árið 1962 vann hann ekki til verðlauna.

Árið 1964 kom fram á sjónarsviðið mjög efnilegur hlaupahestur, Þytur, Sveins í Völundi. Sá hestur var ósigrandi næstu 7–8 árin. Í ágúst þetta ár setti Þorgeir Gnýfara fram á móti Þyti í 350 metra stökki, á Harðarkappreiðum við Arnarhamar á Kjalarnesi. Það þótti mörgum djarft af Þorgeiri að setja þetta gamlan hest, 24 vetra, á móti þessari nýju stjörnu. En gamli Gnýfari sigraði. Það var svo daginn eftir að Þorgeir felldi Gnýfara á meðan afrekin voru enn í fersku minni, eftir því sem sagt er frá í bók Atla Magnússonar.

Eftirmáli

Ég átti góða stund með Agnari Norland heitnum, bróðursyni séra Sigurðar í Hindisvík. Agnar hélt vel utan um Hindisvíkurkynið eftir föðurbróður sinn. Rætt var um hesta og Agnar ljómaði af gleði, þegar ég sagði honum að Hindisvíkurblóð hefði verið í Gnýfara. Agnar hafði verið góðvinur Þorgeirs og komið oft á bak Gnýfara. Hann sagði mér að Gnýfari hefði verið gæðingur til reiða og mikill höfðingi í stóði. Hann sagðist hafa séð og heyrt Þorgeir kalla á Gnýfara þegar hann vildi fá hrossin heim og þá sá hann klárinn koma með allt stóðið á eftir sér heim að húsum.

Þetta er sagan um Gnýfara eins og ég best kann, en eflaust kann Gufunesfólkið miklu betri skil á þeirri sögu enda átti Gnýfari þar heimili mestan hluta ævi sinnar.

Heimildir:

Víglundur Sigurjónsson

Gunnhildur Ágústsdóttir

Hörður Haraldsson

Atli Magnússon: Þorgeir í

Gufunesi 1989

Glaður 60 ára: Hófadynur í Dölum.

Lesendabás

Þankar um framleiðslu- stýringu/búvörusamninga

Það mun hafa verið um 1980 sem bændur náðu samkomulagi um að sú fjölgun búfjár og framleiðsluaukning sem átt hafði sér stað væri hvorki bændum né þjóðarbúinu til framdráttar og breyta þyrfti um stefnu. Því var ákveðið að setja framleiðslutakmarkanir í formi búmarks á hverja jörð.

Ekki tókst þó betur til en svo að heildarbúmarkið varð langt umfram viðunandi markaði og var því fljótlega breytt í fullvirðisrétt sem var meira í takt við framleiðslu síðustu ára og átti samkvæmt orðanna hljóðan að sýna það magn afurða sem bóndi fengi fullt verð fyrir.

Fljótlega kom upp umræða um hvernig stuðla mætti að þróun landbúnaðar með flutningi fullvirðisréttar milli lögbýla og sýndist sitt hverjum. Þrennt kom einkum til álita:

Að afurðastöðvar hefðu ráðstöfun á fullvirðisréttinum, enda þeim ætlað að greiða fullt verð, en þótti hæpið vegna mismunandi eignarhalds afurðastöðva.

Að lausum rétti væri úthlutað af Framleiðsluráði og umboðsmanna þess (búnaðarsambandanna) í hverju héraði, sem þótti bera með sér hættu á klíkuskap og mismunun við úthlutun.

Að bændur seldu réttinn sín í milli sem var talið að yrði landbúnaðinum kostnaðarsamt og torvelaði nýliðun, en hafði þó mest fylgi, ekki síst vegna öflugs stuðnings þeirra sem hugðust selja sinn framleiðslurétt, og varð það niðurstaðan.

Ekki var í upphafi bein tenging milli framleiðsluréttar og ríkisstuðnings en eftir að niðurgreiðslum ríkis á landbúnaðarvörur var breytt í beinar greiðslur til bændna varð eðlilega veruleg tenging milli framleiðsluréttar og stuðnings.

Ríkisstuðningur má aldrei verða söluvara

Ljóst virðist að ríkisstuðningur sem slíkur má aldrei verða söluvara enda missir hann þá tilgang sinn, hitt er svo sérstakt umræðuefni hver tilgangur stuðningsins er á hverjum tíma. Upphaflega var hann niðurgreiðslur innlendra búvara sem ætlað var að lækka matarkostnað heimilanna, nú kunna fleiri sjónarmið að skipta máli svo sem atvinnu- og byggðasjónarmið, ímynd landsins



Ari Teitsson.

sem ferðamannaparadís, kolefnisbinding og fæðuöryggi í fallvöltum heimi. Væntanlega þarf að skerpa markmið stuðningsins og skipta honum í sem bestu samræmi við markmiðin.

Þörf á framleiðslustýringu virðist í raun lítt tengd ríkisstuðningi. Sé slík þörf fyrir hendi hlýtur að mega framkvæma hana með ódýrari hætti en nú. Samkvæmt nýlegum upplýsingum er beinn kostnaður við mjólkurkvóta a.m.k. 11 kr/mjólkurlítur auk vaxtakostnaðar eða a.m.k. 2 milljarðar á ári (þriðjungur af ríkisstuðningi) og kostnaður við greiðslumark sauðfjárræktarinnar virðist hlutfallslega litlu minni. Þá virðist nærtækast og kostnaðarminnst að afurðastöðvarnar, tengiliður bændna við markaði, takmarki kaup afurða við það magn sem unnt er að afsetja á viðunandi verði og deili þeim kaupum á framleiðendur. Þetta ætti að vera vel mögulegt í mjólkurframleiðslu, þar sem bændur eiga afurðastöðvarnar að mestu.

Nauðsynlegt að ná viðtækri sátt

Ef til vill er þó nærtækast og nauðsynlegast að ná sem víðtækastri sátt um hvernig bændur og raunar þjóðfélagið allt vill sjá landbúnaðinn þróast á næstu áratugum og gera nýja búvörusamninga sem styðja þá þróun.

31. 12. 15
Ari Teitsson

Þegar mínútur skipta máli

Snjóflóð í dreifbýli er vágastur sem landsbyggðarfólk sem og aðrir Íslendingar kannast því miður of vel við. Hafa búið stöðugt við þessa hvítu ógn hér á landi enda landslag og veðráttu þannig að oft myndast kjöraðstæður fyrir snjóflóð.

Síðustu árin hefur fjölgað mikið þeim er stunda útivist að vetrarlagi. Samhliða þessari aukningu á vetrarferðamennsku er hollt og gott að horfa til þeirra atriða sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar ferðast er um fjalllendi að vetrarlagi.

„Hin heilaga þrenning“

Sá snjóflóðaöryggisbúnaður sem nauðsynlegur er þeim sem ferðast til fjalla að vetrarlagi er stundum nefndur „Hin heilaga þrenning“ til að leggja áherslu á mikilvægi hans.

Hið fyrsta sem ber að nefna er **snjóflóðaylir** en það er sendi- og móttökutæki sem ætlað er að finna fólk sem grefst í flóði. Ýlirinn sendir stöðugt frá sér merki sem aðrir ýlar nema. Ef svo illa fer að einhver lendir í snjóflóði stilla félagar hans sína ýla af sendingu og yfir á móttöku. Þannig er hægt að nota þá strax til að leita að þeim sem lent hafa í snjóflóði og auka lífslíkur þess aðila allverulega. Mjög fljótlegt er að leita með snjóflóðayli og skal alltaf hefja leit strax. Meðan leitað er með ýli er hann óvirkur sem öryggistæki fyrir þann sem leitar með honum í flóðinu. Því verða menn að vera í viðbragðsstöðu til að skipta snögg frá móttöku yfir í sendingu ef annað flóð fellur. Meðan leitað er með snjóflóðayli þarf að tryggja að engir ýlar í nágrenni leitarsvæðisins séu stilltir á sendingu. Æskilegt er að nokkrir menn leiti í einu verði því við komið og er eðli leitarinnar þríþætt. Fyrst er að ná sendingu, miða hana síðan út og staðsetja að lokum nákvæmlega hvar sendirinn og þar með líklega manneskjan er grafin.

Snjóflóðastöng er annað gott leitartæki til notkunar í snjóflóðum. Flestar eru úr fíber eða áli, 3–4 metrar á lengd, en hægt er að brjóta stöngina saman og hafa í bakpoka eða á vélsleða. Þegar stöng er notuð til leitar í flóði er henni stungið niður í gegnum snjóinn eins djúpt og hún nær. Nokkuð auðveldlega finnst ef stöngin rekst í manneskju sem er grafin í snjóflóðinu en þegar það gerist er mikilvægt að skilja stöngina eftir á nákvæmlega þeim stað. Ekki skal taka hana upp aftur. Með snjóflóðaleitarstöngum má leita markvisst í flóðinu dugi aðrar aðferðir ekki til. Rétt er þó að benda á að þessi leitar aðferð er mun seinlegri og því ólíklegri til árangurs en til dæmis leit með snjóflóðayli.

Skófla þarf að vera með í för til að grafa upp manneskju sem leitað hefur verið að. Hún þarf að vera létt og þægileg, passa vel á bakpoka eða vélsleða en um leið þarf að vera hægt að lengja skaft til að gott sé að moka með henni. Gott er að hafa í huga að stundum er auðveldara að fara aðeins niður fyrir þann sem finnst og moka sig inn að honum frekar en að moka sig niður að viðkomandi.

Að velja rétta leið

Að velja rétta leið er eitt það mikilvægasta og hafa ber í huga að flest snjóflóð falla í brekkum með um 30–45° halla. Hengjur sem falla eru oft orsök snjóflóða en þær myndast hlémeigin við fjöll, oftast þegar vindurinn flytur snjó til. Því herra sem farið er til fjalla því meiri er hættan á snjóflóðum enda hvassara og meiri snjókoma. Best er að velja sér leiðir ef hægt er þar sem vindur hefur skafið snjó í burtu t.d. á hryggjum og að sama skapi eru breiðir dalir öruggari en þröngir.

Ef ekki er komist hjá því að ferðast um snjóflóðahættusvæði má minnka hættuna með því að láta einn í einu



„Hin heilaga þrenning“ – snjóflóðastöng, skófla og snjóflóðaylir.

fara yfir hættusvæðið og fylgjast með. Ekki skal stoppa í miðri brekku heldur koma sér á öruggan stað. Gerið fyrirfram áætlun hvað skal gera ef flóð fer af stað.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að allir þeir sem ferðast um fjalllendi að vetrarlagi hafi ofangreindan búnað með í för og hafi skilið eftir ferðaaætlun t.d. á www.safetravel.is. Falli snjóflóð skipta

mínútur máli eigi að bjarga viðkomandi á lífi. Snjóflóðaöryggisbúnaður og þekking á notkun hans eykur líkur á því.

Jónas Guðmundsson
Verkefnastjóri slysavarna ferðamanna
Project Manager Safetravel
Ferðamálafræðingur, BA,
Rural Tourism

BÚKOLLA ER HÆTTULEGRI EN ÞÚ HELDUR

Mörg slys í landbúnaði tengjast meðhöndlun með stórgripi.

Það er nauðsynlegt að þekkja viðbrögð skepna við ólíkar aðstæður og taka tillit til þeirra. Gætum varúðar og förum rétt að dýrunum.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is



ER ÞITT BÚ
ÖRUGGUR
OG GÓÐUR
VINNUSTAÐUR?



Vesturport og Hrunamannahreppur í samstarf:

Safn og leikhús í byggðarsafninu við Gröf

Búið er að vinna drög að viljayfirlýsingu um samstarf Vesturports og Hrunamannahrepps um framkvæmdir í landi Grafar á Flúðum.

Hugmyndin gengur út á að koma upp tveimur mismunandi sögu-söfnum í hlöðunni sem nú hýsir Byggðarsafnið á Flúðum.

Annað safnið á að lýsa heimi norrena manna þar til þeir urðu kristnir um árið eitt þúsund. Hitt safnið mun

lýsa því hvernig líf útlaga hefur verið á Íslandi gegnum aldirnar. Megin kjarni þessa safns mun eiga rætur í Fjalla-Eyvindi þar sem ævi hans og Höllu verður gerð sérstök skil. Sérstakt rými verður útbúið fyrir lifandi flutning á leiksýningum og öðrum uppákomum sem tengjast söfnunum. Verslunar- og veitingarekstur verður í sama húsnaði og safnið.

Sveitarstjórn list mjög vel á hugmyndir Vesturports og hefur samþykkt að leggja sitt af mörkum til að verkefnið geti orðið að veruleika og hefur falið sveitarstjóra og varaoddvita að ræða við Vesturport og hagsmunaaðila á svæðinu um framhald verkefnisins. Ekki kemur fram í viljayfirlýsinguinni kostnaðar- eða framkvæmdaáætlun vegna verkefnisins. /MHH

Fjöldi gististaða á Norðvesturlandi:

Nýliðar hvattir til að afla sér tilskilda leyfa

Alls eru 134 gististaðir á skrá hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Flestir eru smáir eða 84, en þeir fá skoðun annað hvert eða jafnvel fjórða hvert ár. Til undantekninga heyrir að verið sé að selja gistingu í óleyfi.

Fram kemur í frétt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra að það sé helst í Skagafirði sem nýir aðilar án leyfis hafi birst á Airbnb-vefnum upp á síðkastið. „Það er ljóst að mikil eftirspurn er eftir gistingu í Skagafirði í tengslum við Landsmót hestamanna sem haldið verður að Hólum dagana 27. júní til 3. júlí nk. og eru greinilega margir sem hyggjast bjóða upp á húsaskjól



Frá Hofsósi.

Mynd / HKR.

gegn greiðslu,“ segir á vefnum en þar hvetur Heilbrigðiseftirlitið þá

nýliða sem ekki hafa aflað sér tilskilda leyfa að drífa í því. /MPD

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is



Skipholt 50b, 105 Reykjavík



Toppeintak

Stórglaesilegur og vel með farinn Range Rover Supercharged Sport, skráður 02/2008, ekinn 100 þús. km.

Bensín V8 391 hestöfl,

Harman Kardon hljómkarfi, ljós leðursæti með minni, loftpúðufjöðrun o.fl. Einstaklega vel með farinn.

Staðgreiðsluverð aðeins kr. 4.650.000.-



Upplýsingar í síma 822 2032.

Þarftu að halda starra frá?

Fuglafælnar frá Scarecrow eru mannúðleg og vistvæn lausn sem halda starra varanlega frá.

Hentar einnig á gæsir, álfir og máva

Búnaðinn er hægt að kaupa eða fá leigðan á hagstæðum kjörum í langtímaleigu.

Nánari upplýsingar
www.fuglavarnir.is
sala@fuglavarnir.is
Sími 896 1013



fuglavarnir.is



Smáauglýsingar
Bændablaðsins
leysa vandann!



Kynningarfundur á áburði og Rauch áburðardreifurum

SÉRSTÖK TILBOÐ FYRIR FUNDARGESTI

Áburður er einn dýrasti þátturinn í aðföngum bænda og því mikilvægt að kynna sér vel hvernig áburður er valinn (búfjár - tilbúinn) og dreifingu. Á fundinum mun Sigurður Þór Guðmundsson ráðunautur fara yfir þau mál og Friðrik Jónsson kynnir Rauch áburðardreifara.

Fundir verða haldnir á eftirtöldum stöðum:

Gunnarshólma Landeyjum	Þriðjudaginn 19. janúar kl. 12:00. Súpa og léttar veitingar.
Pingborg Flóa	Þriðjudaginn 19. janúar kl. 20:00. Léttar veitingar.
Árhús Hellu	Miðvikudaginn 20. janúar kl. 12:00. Súpa og léttar veitingar.
Félagsheimili Hrunamanna Flúðum	Miðvikudaginn 20. janúar kl. 20:00. Léttar veitingar.

Sértíloð fyrir fundargesti	
Koppafeiti MP2 - túpa	540 kr. + vsk.
Smurólía 15 w 40 - 20 lítrar	9.422 kr. + vsk.
Traktorsglussi - 18,9 lítrar	10.550 kr. + vsk.
Frostlögur, rauður - 20 lítrar	11.880 kr. + vsk.
Stígvél 20% afsláttur. Verð frá:	3.818 kr. + vsk.
Vinnuljós á vélar og tæki	20% afsláttur
Nova X-dry sóttthreinsiduft 15 kg.	2.590 kr. + vsk.
Haugmelta - 1 ltr.	1.571 kr. + vsk.
Drykjarskálur 3.5 ltr.	4.828 kr. + vsk.

Búvís
2006-2016
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvís.is



Úrval hjólbarða á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa-, og vörubíladekk í úrvali.

Milwaukee
Handverkfæri

20%

afsláttur af öllum dekkjum
til 31. janúar 2016



Beinn innflutningur til Akureyrar

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4126

MOTUL

Smurþjónusta

DEKKJASALA AKUREYRAR (Jason ehf.)

Hjólbarðapjónusta - Smurþjónusta -
Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
Njarðarnesi 1 sími 460 4350

Helstu nytjaplöntur heimsins



Bygg er harðgerð grastegund sem þolir kaldara loftslag og meiri þurrka en flestar aðrar korntegundir.

Bygg – bjór, brauð og viskí

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Bygg er fyrsta plantan sem menn tóku til ræktunar. Nytjar á því hafa verið margs konar í gegnum aldanna rás. Það hefur verið nýtt sem fæða, notað sem gjaldmiðill, sem byggingarefni, úr því er bakað brauð og bruggaður bjór og viskí. Við Grindavík er ræktað erfðabreytt bygg til framleiðslu á snyrtivörum.

Heimsframleiðsla á bygg árið 2015 var um 145 milljón tonn, sem er tæpu hálfu milljón tonni minna en árið 2014 og um 10 milljón tonnum minna en árið 2007 þegar hún náði hámarki.

Samanlagt framleiddu lönd Evrópusambandsins mest af bygg árið 2015 eða tæplega 61 milljón tonn og eru Þýskaland og Frakkland þar fremst í flokki. Rússland framleiddi 16,7, Ástralía og Úkraína 8,7 milljón tonn hvort land, Kanada rúm 8,2, Tyrkland 7,4 og Bandaríkin rúm 4,6 milljón tonn. Í kjölfarið fylgja svo lönd eins og Marokkó, Argentína, Íran, Kasakstan, Hvíta-Rússland, Eþíópía, Indland, Kína og Alsír sem framleiða frá 3,5 niður í 1,3 milljón tonn.

Gróflega áætlað er bygg ræktað til kornframleiðslu í um eitt hundrað löndum og er landnotkun í heiminum vegna bygggræktar um 560 þúsund ferkílómetrar eða 56 milljón hektarar.

Evrópusambandið sem heild flutti mest út af bygg árið 2014 um 8 milljón tonn, Ástralía var í öðru sæti með útflutning upp á 5 milljón tonn, Rússland í því þriðja með 4,7 milljón, því næst kom Úkraína sem



Bygg þurrkað í Tibet.

flutti út 4,2 og Argentína 1,6 milljón tonn.

Hvað innflutning varðar er Sádi-Arabía stórtækast og flutti inn 7,5 milljón tonn árið 2014. Kína var í öðru sæti með 6 milljón tonn, Íran 1,7, Tyrkland 1,5 og Japan 1,3 milljón tonn.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn 12.719 tonn af ómöluðu bygg til Íslands árið 2014.

Ríflega 90% af öllu korni sem ræktað er á Íslandi er bygg og hefur uppskera síðastliðinn áratug verið 12 til 16 þúsund tonn af þurrkuðu korni á ári.

Fjórða mest ræktaða korn í heiminum

Bygg, *Hordeum vulgare*, er af grasa-ætt og bæði ræktað til manneldis og sem skepnufóður. Bygg er fjórða

mest ræktaða korn í heiminum á eftir máis, hveiti og hrísgrjónum. Byggyrki í ræktun í heiminum skipta þúsundum.

Ættkvíslin *Hordeum*

Um 40 tegundir ein- og fjölærra grasa teljast til ættkvíslarinnar *Hordeum* og vaxa þær villtar víða um heim. Bygg er fjölært frá náttúrunnar hendi en yfirleitt ræktað sem einært.

H. vulgare, sú tegund sem almennt er kallað bygg, er framræktuð tegund af villibyggi, *H. spontaneum* sem er upprunnið í Mið-Austurlöndum.

Af öðrum tegundum innan ættkvíslarinnar má nefna *H. marinum* og *H. murinum* sem vaxa villtar í kringum Miðjarðarhafið og eru einærar. *H. bulbosum* er aftur á móti fjölært tegund sem finnst í Mið-Asíu, *H. aegiceras* vex í Mongólíu og Kína, *H. arizonicum* í sunnanverðum Bandaríkjunum og Mexíkó. *H. brachyantherum* í Rússlandi, Alaska og Kanada. Auk þess sem nokkrar tegundir, eins og *H. erectifolium*, *H. euclaston*, *H. flexuosum*, *H. fuegianum*, *H. guatemalense* og *H. halophilum*, finnast í Suður-Ameríku.

Margar villtar tegundir af ættkvíslinni *Hordeum* þykja efnilegar ræktunarpöntur í framtíðinni og er þegar farið að rækta *H. bulbosum* talsvert til kornvinnslu.

H. irregulare er fjórða mest ræktaða kornið í Eþíópíu, bæði hvað varðar magn og landnotkun, og í sumum héruðum landsins er það um 60% af daglegri fæðu fólks. Tegundin er talin vera afkomandi *H. spontaneum* en hafi vegna einangrunar í Eþíópíu þróast í sértegund. Eins og tegundarheitið *irregulare* gefur til kynna eru einstaklingar innan tegundarinnar mjög breytilegir og geta verið tveggja, fjögurra eða sex raða.

Grasafraði og ræktun

Upprétt strá byggs er 60 til 120 sentimetrar á hæð. Plantan er með trefjarót. Blöðin fá, stakstæð, sverðlaga, allt að 25 sentímetra löng og 0,5 til 2 sentímetrar að breidd, saxtennt við grunninn og snörp viðkomu.

Blaðoddurinn snúinn til hægri við oddinn öfugt við á tappatogara. Ax byggs er samsett úr mörgum legg-lausum vind- og sjálffrjógvandi smá-blómum og með langri týtu. Axið tveggja eða sex raða en það fer eftir fjölda lóðréttra raða af þroskuðum fræjum.

Plantan er harðgerð grastegund sem þolir kaldara loftslag og meiri þurrka en flestar aðrar korntegundir. Dafnar í lakari jarðvegi og er auk þess saltþolnara en annað korn. Vegna þessara eiginleika hefur bygg haldið lífinu í fólki á harð-býlum ræktunarsvæðum í kringum Miðjarðarhafið og í Mið-Asíu um þúsundir ára.

Bygg getur vaxið við hitastig frá 4 til 28° á Celsíus, kjörhiti eru um 15°, og í jarðvegi með sýrustig 4,5 til 8,3 en kýs fremur basískan, pH 7 til 8, en súran jarðveg. Bygg þarf styttri vaxtartíma, 60 til 70 daga, en aðrar korntegundir til að ná þroska.

Ein elsta plantan í ræktun

Rannsóknir á búsvæðum manna fyrir tíma landbúnaðar sýna að fræi af H. spontaneum var safnað í náttúrunni til átu allt að 17 þúsund árum fyrir upphaf okkar tímatafs.

Fornleifar benda til að bygg sé fyrsta plantan sem menn fóru að rækta skipulega fyrir um 10 þúsund árum og hófst ræktunin í Frjósama hálfmánanum, í Asíu vestanveðri og norðausturhluta Afríku. Fyrst í Sýrlandi og Írak og á vatnasvæði Nílarfljóts. Á nokkrum öldum breiddist ræktunin út allt austur til Tibet og vestur til landanna kringum Miðjarðarhafið.

Leifar um neyslu á villibyggi frá því um 6500 fyrir Krist hafa fundist við Galíleu-vatn í Ísrael. Elstu minjar um ræktað bygg eru aftur á móti frá Sýrlandi og eru aldursgreindar frá því árið 4200 fyrir Kristburð. Til eru minjar um bygggræktun í Finnlandi frá svipuðum tíma og á Kóreuskaga frá því um 1500 fyrir Krist.

Tveggja raða bygg kom fram á undan sex raða byggi og gæti sex raða bygg hafa orðið til við ræktunarval. Sex raða bygg þroskast að jafnaði fyrr en tveggja raða. Strá sex raða byggs eru aftur á móti veikar en tveggja raða og það leggst frekar undan veðri og brotnar frekar.

Fræ villibyggs situr lausar á stráinu en fræ á ræktuðum yrkjum. Líklegt er að sá eiginleiki sé fram-ræktaður á þann hátt að við söfnun hafi menn einfaldlega tekið meira af öxum sem fræi sátu á en þeim sem þau höfðu fallið af.

Jón byggkorn

Í vinsælli enskri þjóðvísu er fjall-að um persónu sem kallast John Barleycorn. Þema vísunnar er bygg-korn og þroski þess frá sáningu, vexti, uppskera, möltun og allt til þess að það er notað til bruggunar á bjór og viskí. Rannsóknir þjóð-fræðinga á vísunni benda til að fyr-irmynd John Barleycorn séu annað-hvort Mímir eða Kvasir úr norrænum goðsögnum.

Hljómsveitin Traffic, sem hafði meðal annarra Steve Windwood innan borðs, gaf úr plötu árið 1970 sem heitir John Barleycorn Must Die þar sem er að finna fína útsetningu á vísunni.

Brauð og bjór

Nytjar á byggi hafa verið margs konar í gegnum tímans rás. Það hefur verið nýtt sem fæða, notað sem gjald-miðill, sem byggingarefni og úr því er bruggaður bjór og viskí. Skammt utan við Grindavík er ræktað og unnið úr erfðabreyttu byggi prótein í snyrtivörur.

Bygg var notað til brauðgerðar og sem gjaldmiðill hjá Egyptum til forna og bygg er ein af fyrstu plöntunum sem notaðar voru til að brugga úr áfenga drykki. Letur á steintöflu sem fannst við fornleifa-uppgroft í Knossos á eyjunni Krít



Heimsframleiðsla á byggi árið 2015 var um 145 milljón tonn.



Möltun á byggi til bjór- eða viskígerðar.



Málverk Jean-François Millet, Des glaneuses, frá 1857. Í Evrópu var til siðs að skilja eftir hluta kornsins á akrinum sem fátæklingar gátu tint sér til viðurværis. Hugmyndin er ekki ósvipuð því að skilja eftir dreif í slægjunni hér á landi handa huldufólkinu.



Orf líftækni framleiðir húðkrem og efni til líf- og læknisfræðirannsókna úr erfðabreyttu byggi.

segir til um dagskammt þræla af byggi. Pliny eldri, sem ritaði náttúru- og sagnfræðirit á tímum Rómverja, segir að skylmingaþrælar hafi borðað hraustlega af hordearri sem unnið var úr byggi og þeir því uppfendir í háðungarskyni byggætur.

Styttur af grísku korngyðjunni Seres sýna hana yfirleitt með krans úr byggi á höfðinu eða með búnt af byggi í höndunum.

Samkvæmt þýsk-bavarísku bjór-hreinleikalögunum, Reinheitsgebot, frá 15. öld, má eingöngu nota bygg til að brugga tékkneskan Budweiser-bjór.

Úr byggi er malað mjöl sem ásamt stráí plöntunnar er soðinn grautur, súpa og kássa. Alls staðar þar sem bygg er ræktað er bakað úr því brauð og víðast bruggaður bjór. Egils gull er bruggaður úr íslensku byggi.

Fátæklingar í Evrópu suðu te úr byggi og það var stundum notað í staðinn fyrir kaffi á Ítalíu í drykk sem kallaðist caffè d'orzo eða byggkaffi.

Bygg á ríkan sess á grasalækningum víða um heim og meðal annars



Tveggja og sex raða bygg.

sagt gott við krabbameini í brjósti, maga og legi. Seyði úr byggi er talið bólgu- og vörtueyðandi og sagt hafa góð áhrif á meltingar- og þvagfæri auk þess að vera mýkjandi á þurra húð og græða brunasár. Í Íran er sagt að sjúkdómar hafi ekkert með



Á Englandi jafngiltu þrjú eða fjögur byggkorn, eftir lengd, einni tommu eða 2,5 sentímetrum. Þessi mælieining er enn við lýði þegar kemur að enskum og bandarískum skóstærðum.

menn að gera sem lifa á byggbrauði og áfum.

Um það bil 2/3 af öllu ræktuðu byggi í dag er notað sem dýrafóður í landbúnaði og fiskeldi.

Bygg og viskí

Við möltun er bygg lagt í bleyti og hrært í þar til hismið skilst frá kjarnanum. Kjarninn er látinn draga í sig vatn og síðan þurrkaður. Það er endurtekið þar til byggið fer að spíra. Byggið er síðan geymt á rökum stað þar til kímblaðið kemur í ljós en þá er það þurrkað í ofni. Við möltun byggsins myndast hvatar sem brjóta niður sterkju í fræforðanum. Það fer eftir hitastigi við lokaþurrkun hversu dökkt byggmaltið verður. Að lokum er kornið mulið í duft.

Í Skotlandi og Írlandi er nánast eingöngu notast við bygg við bruggun á viskíi. Þegar singelmalt viskí er bruggað er notast við eina gerð af byggi en í blend viskí er um fleiri en eitt kvæmi að ræða.

Bygg sem mælieining

Upprunalega fóðureiningin er miðuð út frá byggi. Ein fóðureining var samsvarandi því fóðri sem var í einu kíló af byggi. Á Englandi jafngiltu þrjú eða fjögur byggkorn eftir lengd einni tommu eða 2,5 sentímetrum og fjögur til fimm valmúafre einu byggkorni. Þessi mælieining er enn við lýði þegar kemur að enskum og bandarískum skóstærðum.

Bygg á Íslandi

Kornrækt hófst í Danmörku og suðurhluta Skandinavíu fyrir um 5.000 árum og var kornmeti lengi stór hluti fæðu íbúa þar. Landnemar á Íslandi fluttu með sér sáðkorn, bygg og líklega hafra til landsins frá Noregi. Ræktun þess var nokkuð almenn víða um landið á fyrstu öldum Íslandsbyggðar en hún lagðist niður vegna lækkaðs verðs á erlendu korni og kuldaskiðs sem hófst á fjórtándu öld.

Bygg hefur fundist við fornleifauppgroft á Bergþórshvoli, helsta sögu sviði Njálu, og að Gröf í Örafum. Samkvæmt aldursgreiningu var byggið á Bergþórshvoli uppskorið 1011 en 1362 á Gröf. Texti Njálu staðfestir að korn hafi verið ræktað á söguslóðum hennar. Þar segir á einum stað að vorið hafi komið snemma og að menn hafi sáð korni snemma.

Árið 1752 sendu stjórnvöld hing-að 14 norska og danska bændur ásamt fjölskyldum sínum og átta þeir að kenna landsmönnum kornrækt í átta til tíu ár. Aðkomumennirnir fengu frítt far til landsins en minna varð um efndir hvað varðar verkfæri, fræ og peninga sem koma áttu rækt-uninni af stað. Auk þess sem kuldi var mikill á þessum tíma og árferði óhagstætt til kornræktar. Ekki bætti úr skák að Íslendingar tóku aðkomu-fólkinu fálega og töldu bændurna vera sakamenn sem völdu að koma til Íslands í stað útlegðar norður í Finnmark. Verkefnið misheppnaðist því gersamlega.

Klemens Kristjánsson á Sámssstöðum á Rangárvöllum hóf kornræktarrannsóknir á fyrri hluta síðustu aldar og gerði margar áhuga-verðar uppgötvanir. Undanfarin ár hafa farið fram kynbætur á byggi hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og framræktuð hafa verið yrki sem þola ágætlega aðstæður á Íslandi. Dæmi um yrki sem dafna vel hér á landi eru Kría, Kannas, Filippa, Skúmur, Judit, Wolmari og Aukusti.

Bygg er aðallega ræktað á Íslandi til kornþroska en einnig sem græn-fóður eða sem skjólplanta með gras-fræi. Hér á landi er eingöngu ræktað sumarbygg og dafnar það ágætlega um allt land í hagstæðu árferði.

Samkvæmt ræktunarleiðbeiningum Landbúnaðarháskóla Íslands er best að rækta bygg í móajarðvegi eða í sendinni jörð sem hægt er að vinna snemma á vorin. Grænófóðurbygg má rækta í breytilegri jarðvegi. Hæfilegt sáðmagn er um 200 kíló á hektara og æskileg sáðdýpt 2 til 4 sentímetrar. Byggi til heilsaðis skal sá eins snemma vors og mögulegt er, lok apríl eða byrjun maí eða jafn-vel að hausti. Bygg til fódurs eða skjólsaðis má sá seinna. Jarðvinnsla fyrir bygggræktun á að fara fram sem næst sáningartíma.

Sníkjusveppur sem kallast augn-blettur, Rhynchosporium secalis, er eini landlægi sjúkdómurinn í byggi hér á landi. Notkun varnarefna hér er lítil og fremur notast við sáðskipti til að halda honum niðri.

Orf líftækni framleiðir húðkrem og efni til líf- og læknisfræðirann-sókna úr erfðabreyttu byggi. Byggið er ræktað í gróðurhúsi fyrirtækis-ins við Grindavík. Fyrirtækið hefur einnig gert tilraunir með útiræktun á erfðabreyttu byggi. Ræktunin hófst 2003 og hefur farið fram á 30 hekt-ara landi í eigu Landgræðslunnar á Suðurlandi.

Gamli traktorinn



Marshall – breska útgáfan af Lanz

Marshall-dráttarvélar nutu mikilla vinsælda á Bretlandi um og eftir miðja síðustu öld. Traktorinn var markaðssettur sem bresk hönnun en var að mestu leyti endurgerð á þýskum Lanz Bulldog.

Breska fyrirtækið Marshall, Sons & Co hóf framleiðslu á landbúnaðartækjum í Lincoln-skíri árið 1848. Fyrirtækið framleiddi meðal annars gufu- og þreskivélar, valta-ara, þúfnabana og fleiri gerðir jarðvinnslutækja.

Árið 1900 setti Marshall á markað eins strokka sprengimótor sem kallaðist Colonials og var ætluð fyrir dráttarvélar. Mótorinn var fánlegur í tveimur stærðum, 16 og 33 hestöfl á þess tíma mælikvarða og seldust rúmlega 300 slíkir á næstu fjórtán árum. Fyrsta dráttarvélin frá Marshall kom á markað 1908 en framleiðslu hennar var fljótlega hætt.



Flugvélar fyrir herinn

Í lok annars og upphafi þriðja áratugar síðustu aldar einbeitti Marshall sér að framleiðslu lítilla tvívængja herflugvéla fyrir breska flugherinn sem kölluðust Bristol F.2. Flugvélnar voru einfaldar að gerð og einfalt var að taka þær í sundur og flytja í pörtum og setja saman annars staðar. Slíkt þótti kostur til að leyfa fyrir staðsetningu þeirra og hvaðan þær hæfu sig til lofts næst.

Byggður á Lanz

Næsta tilraun Marshall til framleiðslu á dráttarvél var árið 1930 og byggði hönnun hennar á hinum þýska Lanz Bulldog. Sú vél kallast Marshall Model E og fánleg 15 og 30 hestafla. Þrátt fyrir að vélin væri að þýskri fyrirmynd var hún markaðssett sem bresk hönnun og naut mikilla vinsælda sem slík. Sagt er að breskir bændur hafi borgað talsvert meira fyrir Marshall en samþæfilegar og ódýrari dráttarvélar til að styrkja breskan iðnað.



Árið 1938 var sá traktor uppfærður í Model M en var að mestu leyti eins og fyrri útgáfan nema hvað bremsurnar þóttu betri. Það var ekki fyrr en árið 1955 að raunveruleg uppfærsla var sett á markað og kallaðist þá Field-Marshall og var í framleiðslu til 1957 í mismunandi útfærslum.

Sameining við Fowler

Undir lok fimmta áratugs síðustu aldar sameinaðist Marshall fyrirtæki sem kallaðist John Fowler & Co og var nafni þeirra slegið saman í Marshall-Fowler Ltd.

Fyrir sameininguna hafði Fowler einnig framleitt landbúnaðartæki, aðallega plóga og varahluti fyrir þá. Fyrr á öldinni framleiddi Fowler stóra gufuknúna plóga en þeirri framleiðslu var hætt og þess í stað framleiddi fyrirtækið lestarvagna og búnað tengdum járnbrautalestum.

Rekstur Marshall-Fowler Ltd. gekk vel og árið 1982 keypti fyrirtækið framleiðsluréttinn á Leyland-traktorum sem höfðu orðið til við sameiningu British Motor Corporation og Leyland Motors árið 1968. British Motor Corporation hafði yfirtekið réttinn á framleiðslu Nuffield-dráttarvéla árið 1968.

Eftir yfirtökuna voru Leyland-traktorar seldir undir vörumerki Marshall. Salan gekk þokkalega og stóð undir framleiðslunni en



ekki nógu vel til að kosta hönnun nýrra véla sem stóðust samanburð við tækninýjungar frá öðrum framleiðendum. Smám saman fjaraði undan dráttarvélaframleiðslu fyrirtækisins og henni var hætt árið 1992. /VH

Utan úr heimi



Þurrkar í Kaliforníu hafa þegar valdið gríðarlegu tjóni á mannvirkjum og ræktunarlandi.

Vatnsskortur í Kaliforníu:

Ræktarland og mannvirki skemmast vegna landsigs

Vatnsskortur í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum er orðinn slíkur að sífellt hefur þurft að bora dýpra eftir drykkjarvatni og vatni til að nota til vökvunar og brynningar í landbúnaði. Land á stóru svæði hefur sigið um allt að 5 sentímetra á stóru svæði vegna þurrka.

Gríðarleg vatnsnotkun og langvarandi þurrkar í Kaliforníuríki undanfarnir ár og áratugi er farin að segja til sín og víða mikil vandræði við öflun á vatni til drykkjar og í landbúnað. Land á ríflega 3000 hektara svæði hefur sigið ótæpilega á síðustu mánuðum með þeim afleiðingum að vegir og mannvirki hafa rifnað í sundur. Sigið hefur einnig gert ræktarland á stóru svæði ónothæft.

Eldar og upplástur

Áhrif þurrka undanfarnir fjögur ár og óhóflegar vatnsnotkunar er einnig farið að gæta í auknum fjölda sinuelda, upplásturs og minni uppskeru á landi sem enn er í ræktun.

Talið er að fjárhagslegt tjón vegna minnkandi uppskeru nemi um tveimur milljörðum bandaríkjadala á þessu ári eða rúmum 266 milljörðum íslenskra króna og að um átta þúsund manns í landbúnaði missi vinnu sína vegna þeirra.

Baráttan um vatnið

Þurrkarnir í Kaliforníu eru að stórum hluta raktir til breytinga á veðurfari í kjölfar hækkandi lofthita á jörðinni. Ræktarland í Kaliforníu er talið með því allra besta í heimi og þar eru framleidd um 40% af öllum ávöxtum, hnetum og grænmeti í Norður-Ameríku.

Bændur sem vökva akra hafa í kjölfar þurrkanna þurft að bora sífellt dýpra til að komast í vökvunarvatn og það gerir ástandið enn vera og eykur um leið á vatnsskortinn.

Lofa 25% minni vatnsnotkun

Fyrr á þessu ári lögðu yfirvöld í Kaliforníu fram tillögu sem gerir ráð fyrir háum fésektum á þá bændur sem talist hafa borað ólöglega eftir vatn en bændur í ríkinu hafa fram til þessa barist hart til að viðhalda vatns-



240 þúsund manns skortir vatn í Sómalíu vegna þurrka.

réttindum sínum. Lög í Kaliforníu gera ráð fyrir að landeigendur eigi einnig vatnið sem finnst neðanjarðar og benda bændurnir á að margir þeirra hafi nýtt vatn á jörðum sínum mann fram af manni.

Fjöldi bænda í Sacramento-dalnum og við San Joaquin-ána hefur nú tekið höndum saman og heitið því að draga úr vatnsnotkun á býlum sínum um 25%. Þrátt fyrir góðan vilja þessara bænda eru þeir þó aðeins lítið brot þeirra sem nota vatn við ræktun sína.

Nestlé vill auka átöppun

Í maí á þessu ári var haft eftir framkvæmdastjóra matvælarisans Nestlé að ekki komi til greina að fyrirtæki dragi úr átöppun sinni á vatni í Kaliforníu þrátt fyrir skortinn og ef eitthvað er þá muni fyrirtækið heldur spýta í hvað það varðar. Áður hefur verið haft eftir stjórnarmanni í sama fyrirtæki að aðgangur að vatni eigi ekki að teljast til mannréttinda og að það sé eins og hver önnur markaðsvara og framboð af því ráðist af eftirspurn.

Svipaða sögu er að segja af eigendum Walmart-verslunarkeðjunnar sem hafa neitað að draga úr átöppun á vatni í verksmiðju sinni í Kaliforníu

vegna þurrkanna.

Málaferli eru í gangi gegn Nestlé í ríkinu þar sem því er haldið fram að fyrirtækið dæli allt að 150 milljónum lítra af vatni ólöglega úr jörðu á hverju ári og tappi á flöskur sem seldar eru um öll Bandaríkin og víðar um heim.

Vatnsskortur víða áhyggjuefni

Skortur á vatni er ekki bara vandamál í Kaliforníu því í mörgum héruðum Indlands er farið að bera á skorti, í Ástralíu og skorturinn er landlægur víða í Afríku. Hvað vatnsskort í Afríku varðar er ástandið verst í Sómalíu um þessar mundir þar sem 240 þúsund manns skortir vatn og milli 35 og 40% búfjár hafa drepist af hans völdum.

Þurrkar í Indónesíu síðastliðið sumar og fram í miðjan síðasta mánuð ollu mestu skógareldum sem vitað er um í landinu.

Aukin og lengri þurrkatímabil víða um heim eru að mestu rakin til hækkandi lofthita í heiminum sem aftur eru rakin til gríðarlegs útblásturs á koltvísýringi að mannavöldum. Eitthvað sem verið er að reyna að ná höndum utan um á loftlagsráðstefnunni sem nú stendur yfir í París. /VH

Lesendabás

Reikult vörumerki

Nýverið tók Markaðsráð kindakjöts í notkun nýtt vörumerki til að nota við sókn á erlenda markaði. Það er nett og áferðarfallegt en samt meingallað.

Það eru orðin „roaming free since 874“ sem því veldur. Þau eru alvarlega á skjön við grundvallarsjónarmið sjálfbærrar landnýtingar og verður fjallað um nokkur þeirra hér á eftir.



Sjálfbær landnýting – sóknarfæri

Hnignun landkosta víða um lönd ógnar velferð jarðarbúa. Alþjóðleg umræða um stöðvun gróður-jarðvegseyðingar og leiðir til að endurreisa vistkerfi fer sívaxandi. Því er það sterkt í markaðssetningu að geta vísað til þess að framleiðslan skaði



hvorki land né hindri nauðsynlega framför vistkerfa og að land sé ekki beitt í óþökk eigenda. Brýnt er að hugtakið sjálfbær landnýting sé þar ætíð notað með trúverðugum hætti, ella getur slíkt söluútak snúist upp í

andhverfu sína til mikils skaða fyrir bændur.

Í því ljósi fagna ég hvatningu formanns Bændasamtakanna í nýlegu viðtali í Bændablaðinu: „Sjálfbær landnýting er ein af meginforsend-

um við nýtingu þeirrar auðlindar sem búfjarbeitin er. Svo má ekki gleyma þeim sóknarfærum sauð-fjarræktarinnar sem liggja í sjálf-bærri landnýtingu þegar kemur að markaðssetningu afurðanna og því mikilvægt fyrir okkur að sýna fram á að við séum ekki að ganga á landið.“

Nokkur vinna virðist enn eftir til að skýra betur viðmið og vinnuferla þannig að um þessi sjálfbærnimarkmið sauðfjarræktarinnar ríki fullkomin sátt. Ég hef unnið það lengi með sauðfjorbændum að ég treysti því að þeim auðnist að laga þá van-kanta sem nú hindra almenna markaðssetningu afurðanna á grundvelli sjálfbærra framleiðsluhátta.

Andrés Arnalds

Flækingarnir

Hvað táknar orðasambandið „Roaming free“ sem samtök sauðfjorbænda hafa kosið sér sem einkennistákn greinarinnar? Eitt og sér felur orðið „roaming“ í sér að ráfa, þvælast, vafra og ferðast án tiltekins tilgangs eða í ákveðna stefnu. Flækingarnir höfðu ákveðinn sjarma, en þó ekki þann sem nútímaleg búgrein vill kenna sig við.

Ef við skoðum orðasambandið „Roaming free“ og bætum við „sheep“ þá birtast einkum tvær táknmyndir sem báðar falla illa að þeirri gæðavöru sem ætlunin er að markaðssetja m.a. á grundvelli sjálfbærni. Annars vegar villifé en hins vegar ágangsvandamál. Mynd úr bresku riti sem fylgir þessari grein er táknræn fyrir óþol fólks gagnvart því að féð gangi ekki einvörðungu þar sem því er heimilt að vera. Þar er fjallað um ágang sem umhverfisvandamál, öryggismál og vegamál; allt kunnuglegt hér á landi.

<http://www.gloucestercitizen.co.uk/Sheep-posing-public-danger-Forest-Dean/story-15106977-detail/story.html>

Sjálfbærni eða örlagasaga gróðurs

Í viðtali við framkvæmdastjóra markaðsráðs kindakjöts, „Á þröskuldi mikilla tækifæra“, í fréttum RÚV þann 3. janúar 2015 kom fram að þetta sérstaka vörumerki verði notað til að merkja kindakjöt til „að endurspegla sjálfbærni vörunnar allt frá landnámi“.

Búfjarbeit hefur afgerandi áhrif á ástand lands, bæði hér á landi og alþjóðlega. Allt frá landnámi hefur sauðfjarbeit verið beinn orsakavaldur í eyðingu gróðurs og jarðvegs, í samspili við óblítt veðurfar og tíð eldgos. Oft var beitin harkaleg og gekk vetrarbeitin ekki síst nærri gróðri.

Áríðandi er að öll framleiðsla búvara sé stunduð með sjálfbærum hætti. Því fer víðs fjarri að beitarhættir fyrri alda henti ábyrgri sölumennsku kindakjöts á grundvelli sjálfbærni og nútímalegra búskaparhátta.

Ágangur búfjár

Á sama tíma og sauðfjorbændur vilja leggja áherslu á að framleiðslan byggist aðeins að hluta til á húsvist, þá er varasamt að gefa til kynna að sauðfjærstofninn sé hálfgerð villifé. Þær „frjálslegu“ reglur sem hér gilda um vörslu sauðfjár gætu raunar reynst sauðfjorbændum afar skeinuhættar í framtíðinni.

Lausaganga er þegar búfé getur gengið í annars land í óleyfi og sama gæti einnig gilt um ósjálfbæra beit á illa farið land. Íslensk lög skylda ekki eigendur sauðfjár til að koma í veg fyrir lausagöngu. Slíkt er mjög sérstakt og á sér nær engar hliðstæður í öðrum löndum. Lög sem heimila í raun landnot búfjáreigenda á annars landi og í óþökk landeigandans eru andhverfa við þau sjónarmið stjórnskrárárinnar að eignarrétturinn sé heilagur. Þau veita ekki það réttaröryggi sem gildir á öðrum sviðum íslenskra laga. Vörumerki sem byggir á því að féð geti „ráfað



FRUM - www.frum.is

Petta snýst allt um þig...

Nýja CLAAS – ARION 400 vélin er alveg eins og þú vilt hafa hana.

Hver dagur færir þér ný verkefni og það ert þú sem þarft að takast á við þau.

Þegar þú kaupir dráttarvél þá þarf hún að vera alveg eins og þú vilt hafa hana. Þú vilt dráttarvél sem gerir einmitt það sem þú vilt að hún geri og að hún uppfylli allar þínar kröfur og væntingar. Hvorki meira og örugglega ekki minna.

Þess vegna vilt þú ekki bara næstu dráttarvél sem er til á lager.

Þú færð nýju ARION 400 dráttarvélinu nákvæmlega eins og þú vilt hafa hana

ARION 460 / 450 / 440 / 430 / 420 / 410 66–103 kW (90–140 hö). www.arion400.claas.com



VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is

CLAAS





Hugað að sáningu

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið og því upplagt núna í upphafi nýs árs að huga að sumarblómunum og sáningu þeirra. Í grunninn skiptir ekki máli hvort sá á fræjum af sumarblómum, krydd- og matjurtum eða fjölæringum, aðferðin er í megindráttum sú sama.

Í daglegu tali er það sem við kölluð sumarblóm fljótvoxnar og einærar plöntur hér á landi sem vaxa upp af fræi, blómstra um sumarið og deyja að hausti. Flest sumarblóm, eins og stjúpur, fagurfífill, ilmbaunir og fiðrildablóm eru ræktuð vegna blómfegurðar en önnur, til dæmis silfurkambur og skrautkál, vegna blaðanna.

Góður undirbúningur nauðsynlegur

Yfirleitt er auðveldara en flesta grunar að rækta plöntur af fræi. Vanda þarf vel allan undirbúning, gæta þess að verkfæri og pottar séu hreinir og að moldin sé laus við óæskilegar örverur. Allra best er að nota sáðmold sem hægt er að kaupa í gróðurvöruverslunum eða svokallaðar sáðtöflur sem eru sérstaklega ætlaðar fyrir fræ. Í töflunum er sáðmold sem lyftir sér þegar hún blotnar og fræin skjóta rótum í hana. Í moldinni eru öll næringarefni sem unglönturnar þurfa og töflunum fylgir sá kostur að hægt er að planta moldarkögglinum í stærri pott án þess að hreyfa við plöntunni sjálfri.

Þegar sáð er í bakka eða potta verður að þvo ílátin með heitu sápuvatni og hreinsa vel svo engin óhreinindi verði eftir og til að koma í veg fyrir rótarhálssrotum hjá ung-



Klæðisblóm.



Paradísarblóm.

plöntunum. Rótarhálssrotun stafar af sveppasýkingu sem lýsir sér í því

að plönturnar verða svartar við rótarhálssinn og drepast.

Sáning

Að loknum undirbúningi er komið að sáningunni sjálfri. Gæta skal þess að kaupa fræ af tegundum sem dafna vel þar sem þeim er ætlað að standa. Það fæst lítið með því að rækta plöntur sem þurfa mikla sól og setja þær síðan á skuggsælan stað. Flestar plöntur þurfa birtu þrátt fyrir að sumar tegundir standi sig ótrúlega vel í skugga. Einnig verður að huga að hæð plantnanna og muna að lágvaxnar plöntur henta betur þar sem vindur blæs.

Þegar búið er að setja sáðmoldina í ræktunarílátið skal þjappa henni lauslega og vökva þannig að hún verði rök en ekki blaut í gegn. Einnig er hægt að setja venjulega gróðurmold í ílátið og

tommubýkkt lag af sáðmold ofan á hana. Fræin spíra í sáðmoldinni og rótin vex síðan niður í gróðurmoldina. Þannig má spara sér að dreifplanta plöntunum í stærri potta um tíma.

Fræjunum er sáðrað jafnt yfir moldina og þess gætt að þau liggi ekki of þétt. Að því loknu er þunnu moldarlagi, tvöfaldri stærð fræjanna, stráð yfir. Séu fræin mjög smá er nóg að þjappa þeim lauslega niður í moldina. Til að koma í veg fyrir að moldin og fræin fari af stað í bökkum við vökvun er gott að leggja blað yfir moldina og vökva varlega yfir það. Munið að setja pinna með nafni tegundarinnar og lit í ræktunarílátið til að vita hvað er í hverju íláti.

Æskilegt hitastig við spírun er 18 til 20°C en gott er að lækka hitann um nokkrar gráður eftir að plönturnar koma upp. Annars vaxa þær of hratt og verða renglu- legar. Þar sem lítillar birtu gætir er nauðsynlegt að notast við raflýsingu til að koma í veg fyrir svo- kallaðar myrkraspírun. Yfirleitt nægir þó að láta ræktunarílátið á bjartan stað því ekkert kemur í stað góðrar dagsbirtu.

Spírunartími fræja er mismunandi og því nauðsynlegt að hafa hann í huga þegar sáning er undirbúin. Sumum sumarblómum, eins og rauðum stjúpum, þarf að sá inni í janúar vegna þess hversu lengi þau eru að spíra, en fræi af klettasalatí er sáð beint í beð lok maí.

Dreifplöntun og hersla

Fyrstu blöðin koma yfirleitt upp nokkrum dögum eftir sáningu og eftir því sem plönturnar stækka verða þær fyrirferðarmeiri og þurfa meira rými til að vaxa og dafna. Skömmu eftir að venjuleg laufblöð taka við af kímblöðum, en svo nefnast fyrstu blöðin sem koma upp úr moldinni, er nauðsynlegt að dreifplanta eða prikkla plöntunum út í stærri pott eða auka bilið á milli þeirra í sáðbakkanum. Sé plöntunum dreifplantað í bakka fer bilið á milli þeirra eftir tegundum en í flestum tilfellum er það haft um fimm sentimetrar. Skyr- og jógúrt- dósir henta vel til dreifsáningar sé þess gætt að setja gat í botninn til að koma í veg fyrir ofvökvun.

Þegar hér er komið sögu eru unglönturnar í miklum vexti og gott að vökva þær með áburðarblöndu að minnsta kosti einu sinni í viku.

Plantað í garðinn

Áður en plönturnar eru settar út í garð er nauðsynlegt að venja þær við hitastigið utandyra til að koma í veg fyrir sjokk þegar þeim er plantað út. Þetta er gert með því að flytja plönturnar í vermireit eða með því að láta þær standa úti hluta dags, en verja fyrir næturfrosti og lengja útivistartímann eftir því sem hlýnar í veðri. Séu plönturnar hertar of hratt fá blöðin á sig bláan lit og vöxtur stöðvast.

Stjúpur, fagurfífill og fjóllur þola vel kulda og hægt að setja í útireit með yfirbreiðslu í byrjun apríl en flauels- og klæðisblóm þola kulda aftur á móti afar illa.

Útplöntun ræðst af tíðafari en yfirleitt má setja harðgerðustu tegundirnar í beð í lok maí og þær allra viðkvæmustu kringum miðjan júní. Ungplönturnar þola ekki frost og því getur reynst nauðsynlegt að skýla þeim þar til hætta á næturfrosti er liðin hjá. Til að plönturnar dafni vel þurfa þær jarðveg sem hentar hverri tegund fyrir sig. Bilið á milli plantna fer svo að sjálfsgöðu eftir fyrirferð þeirra.

Sáning sumarblóma

- Hnúðskáblað *Begonia tuberhybrida* **janúar**
- Blóðdropar *Kr. Fuchsia x hybrida* **jan.–feb.**
- Fagur fífill *Bellis perennis* **jan.–feb.**
- Fjallafjola *Viola cornuta & V. x williamsii* **jan.–feb.**
- Silfurkambur *Senecio cineraria* **jan.–feb.**
- Sólboði *Osteospermum-blendingar* jan.–feb.
- Sólbrúður *Pericallis x hybrida* **jan.–feb**
- Stjúpublóm *Viola x wittrockiana* **Rauðar í jan. aðrar í feb**
- Tóbakshorn *Petunia x atkinsiana* **jan.–feb.**
- Drottningarfífill
- Zinnia elegans* **febrúar**
- Ljónsmunnur *Antirrhinum majus* **febrúar**
- Mánafífill *Gazania x hybrida* **febrúar**

- Stjörnuklukka *Campanula poscharskyana* **febrúar**
- Brúðarauga *Lobelia erinus* **feb.–mars**
- Frúarhattur *Rudbeckia fulgida var. speciosa* Feb.– **mars**
- Meyjarblóm *Clarkia amoena* **feb.–mars**
- Svartauga *Thunbergia alata* **feb.–mars**
- Apablóm *Mimulus cupreus* **mars**
- Bláhnöða *Ageratum houstonianum* **mars**
- Brúðarstjarna *Cosmos bipinnatus* **mars**
- Daggarbrá *Leucanthemum paludosum* **mars**
- Fiðrildablóm *Nemesia strumosa* **mars**
- Garðajárnurt *Verbena x hybrida* **mars**

- Hádegisblóm *Dorotheanthus bellidiformis* **mars**
- Hengijárnurt *Verbena tenuisecta* **mars**
- Héraskott *Lagurus ovatus* **mars**
- Ilmskúfur *Matthiola incana* **mars**
- Skógarmalva *Malva sylvestris* **mars**
- Skrautkál *Brassica oleracea var. acephala* **mars**
- Sólblóm *Helianthus annuus* **mars**
- Sumarljómi *Phlox drummondii* **mars**
- Tígurblóm *Mimulus luteus* **mars**
- Aftanroðablóm *Lavatera trimestris* **mars–apríl**
- Dalía *Dahlia x hortensis* **mars–apríl**
- Flauelisblóm *Tagetes patula* **mars–apríl**

- Friggjarbrá *Ismelia carinata* **apríl**
- Garðakornblóm *Centaurea cyanus* **mars–apríl**
- Klæðisblóm *Tagetes erecta* **mars–apríl**
- Morgunfrú *Calendula officinalis* **mars–apríl**
- Möggubrá *Argyranthemum frutescens* **mars–apríl**
- Paradísarblóm *Schizanthus x wisetonensis* **mars–apríl**
- Skrautnál *Lobularia maritima var. maritima* **mars–apríl**
- Sólbrá *Coleostephus multicaulis* **mars–apríl**
- Skjaldflétta *Tropaeolum majus* **mars–apríl**
- Þorskagin *Linaria maroccana* **mars–apríl**
- Njarðarbrá *Xanthophthalmum segetum* **apríl**
- Vinablóm *Nemophila menziesii* **apríl**

Langþráð baráttumál komið í höfn

Baráttan fyrir lægri húshitunarkostnaði hefur staðið lengi. Núna getum við fagnað því að mikilvægum áfanga er náð.

Með lögum sem tóku gildi nú um áramótin og lögum sem lúta að jöfnuði í orkukostnaði dreifbýlis og þéttbýlis, eru stigin stærri og varanlegri skref í þessum efnum en við höfum lengi séð. Þessi lagasetning tryggir tvennt: Annars vegar er komið á jöfnun í orkukostnaði dreifbýlis og þéttbýlis. Hins vegar lækkar orku-kostnaður á köldum svæðum mjög verulega og með varanlegum hætti, þar sem kostnaður við flutning og dreifingu orku leggst ekki lengur á notendurna heldur er hann greiddur af samfélaginu í heild.

Þarna má segja að við höfum náð lyktum í gömlu og brýnu réttlætismáli.

Á ýmsu hefur gengið í gegnum tíðina í þessum málum. Stundum hefur okkur tekist að knýja fram aukið fjármagn til þess að létta byrðarnar af húshitunarkostnaði á svokölluðum svæðum; þ.e. þeim svæðum sem búa við rafhitun en hafa ekki getað notið jarðvarma til húshitunar. Þegar þrengst hefur um í ríkisbúskapnum hefur hins vegar oftan en ekki slegið í bakseglin. Þetta má sjá í svari við fyrirspurn minni á Alþingi veturinn 2010 til 2011, <http://www.althingi.is/altext/pdf/139/s/0234.pdf>

Tillaga á Alþingi um lækkun húshitunarkostnaðar

Í framhaldi af þessu svari hafði ég forgöngu um smíði þingsályktunartillögu, sem flutningsmenn úr fjórum stjórnmalaflokkum stóðu að. Tillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að setja á laggirnar nefnd er móti tillögur um lækkun húshitunarkostnaðar á þeim svæðum þar sem hann er nú hæstur, marki stefnu um fyrirkomulag á niðurgreiðslum vegna hitunar á íbúðarhúsnæði og skoði hvernig unnt sé að stuðla að varanlegri lækkun húshitunarkostnaðar á svokölluðum „köldum svæðum“. Stefnt sé að því að þessi kostnaður verði sem næst kostnaði hjá meðaldýrum hitaveitum, eða tiltekið hlutfall af húshitunarkostnaði á orkuveitu-svæði Orkuveitu Reykjavíkur og hjá sambærilegum hitaveitum. Nefndin verði skipuð fulltrúum þingflokka, sveitarfélaga og orkufyrirtækja og skili tillögum sínum fyrir 1. október 2012.“

Frumvarp lagt fram um aðgerðir til lækkunar á húshitunarkostnaði

Þótt tillagan hlyti ekki afgreiðslu má segja að andi hennar hafi svifið yfir



Einar Kristinn Guðfinnsson.

vötnum í vinnu nefndar sem þáverandi iðnaðarráðherra skipaði m.a. með sérfræðingum og fulltrúum hinna svokölluðu „köldu svæða“. Nefndin skilaði álitinu sínu 19. desember 2011. Það verður hins vegar að segja þá sögu eins og hún var að fátt gerðist í þessum málum í kjölfarið og ekkert af því sem mestu máli skiptir og lagt var til í nefndinni.

Þegar fullreynt var um að eftir þessum tillögum yrði unnið af alvöru, vann ég frumvarp upp úr tillögum þessarar nefndar og lagði fram á Alþingi. Í ljósi þess að hér var um að ræða mál sem ekki er í eðli sínu flokkspólitískt heldur miklu fremur byggðapólitískt, lagði ég mig fram um að leita þverpólitískrar samstöðu um málið, líkt og ég hafði gert varðandi fyrrgreinda þingsályktunartillögu. Segja má að þetta hafi tekist; þingmenn fjögurra stjórnmalaflokka stóðu að málinu með mér.

Sjá frumvarpið hér: <http://www.althingi.is/altext/141/s/0295.html>

Hverjar voru tillögur nefndarinnar frá árinu 2011?

Kjarni þessa frumvarps fólst í niðurstöðu nefndarinnar sem skilaði álitinu sínu í árslok 2011. Sú nefnd hafði lagt til að orkukostnaður dreifbýlis og þéttbýlis yrði jafnaður og í annan stað yrði kostnaður við dreifingu og flutning raforku greiddur niður að fullu í því skyni að lækka húshitunarkostnað á svæðum sem byggju við rafhitun. Fram kom í skýrslu nefndarinnar að þessi aðferð hefði það í för með sér að húshitunarkostnaður á rafhitunarsvæðunum (köldu svæðunum) yrði álíka og hjá hinum dýrari hitaveitum í landinu.

Sjá krækju inn á skýrsluna: <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/utgafa/frettir/eldri-frettir/idn/nr/1513>

Sannarlega er sá kostnaður meiri en til dæmis hjá ódýrustu hitaveitunum svo sem Orkuveitu Reykjavíkur.

En þó ekki hærri en hjá dýrari hitaveitunum. Og – það er kjarni málsins – það var viðurkennt að ósanngjarnt væri að við sem búum á svæðum sem verða að nýta rafmagn til húshitunar þyrftum ekki að greiða fyrir dreifingu og flutning raforkunnar. Það væri samfélagslegt verkefni og að aðgangur okkar að raforkunni væri þannig jafnaður.

Staða dreifbýlisins á landsbyggðinni var verst

Höfum í huga að einvörðungu 10% landsmanna nýta rafmagn til húshitunar og hafa því búið við sligandi húshitunarkostnað. Átak hefur verið gert til þess að leita að jarðhita og byggðir hafa verið inn hvatar í kerfið til þess að stuðla að aukinni jarðhitanotkun til húshitunar. Þetta hefur skilað árvissum árangri og því hefur þeim smám saman fækkað sem hafa þurft að nýta raforkuna til að hita hús sín.

Þegar málin eru skoðuð þá blasir við að húshitunarkostnaðurinn hefur verið langmestur í dreifbýlinu í landinu. Þetta getum við séð með því að rýna í tölur um árlegan kostnað 180 fm húss frá því í október 2010 á svæði RARIK:

Rafhitun í dreifbýli: 238.196 kr
Rafhitun í þéttbýli: 200.645 kr.
Kynrar hitaveitur hjá Orkubúi Vestfjarða, (fjarvarmi) 170.436.

Það var því viðblasandi að sanngjarnast var að ráðast fyrst á það óréttlæti sem gildi gagnvart dreifbýlinu og sem betur fer varð það niðurstaðan. Á þessu kjörtímabili hafa verið samþykkt tvenn lög sem taka á því hróplega óréttlæti sem hefur ríkt varðandi húshitunarkostnaðinn á svæðum sem búa við rafhitun.

Samþykkt voru lög þann 3. mars í fyrra sem fólu í sér sérstaka niðurgreiðslu á dreifikostnaði í dreifbýli, þ.e. á svæðum með færri en 200 íbúa. Þarna munar miklu fyrir það fólk sem í dreifbýli býr og verður það jafnsett íbúum á þéttbýlisstöðum sem búa við rafhitun. Og núna um áramótin tóku gildi lög sem, eins og fyrr greinir, tryggja dreifingu og flutning á raforku. Þetta er í samræmi við tillögur fyrrgreindrar nefndar sérfræðinga og fulltrúa „köldu svæðanna“ og nánast orðrétt í samræmi við frumvarpið sem ég hafði forgöngu um að flutt var af fulltrúum fjögurra stjórnmalaflokka haustið 2012.

Réttlætismáli röið í höfn

Nú má því segja að miklu réttlætismáli hafi verið röið í höfn. Ánægjulegt er að vita til þess að um þessi máli ríkti í rauninni ótrúlega mikil pólitísk samstaða þegar til stykkisins kom. Umræða síðustu ára skilaði því að flestir sáu að við svo búið mátti ekki lengur standa. Og undir lokin stóð ágreiningurinn fremur um fjármögnun þessarar aðgerðar en um það grundvallaratriði að jafna húshitunarkostnaðinn. Það er í sjálfu sér líka árangur.

Nú hefur þessi aðferð verið lögfest og fráleitt er því annað en að við getum treyst því að þetta fyrirkomulag standi, til heilla þeim byggðum og íbúum sem hafa mátt þola sligandi kostnað á undanförmum árum við það eitt að halda á sér hita í húsnæði sínu.

Einar Kristinn Guðfinnsson, forseti Alþingis og þingmaður Norðvesturkjördæmis.



NovaOptimizer í mykjuna: Mjólkurbóndi fær 1 kg meira af nitri úr hverju tonni af mykju – og þar með meiri dreifingu

Fyrir tveimur árum byrjaði mjólkurbóndi að nota NovaOptimizer í mykjuna. Í dag sýna rannsóknir að mykjan nýtist betur þar sem 1 kg meira binst af nitri fyrir hvert tonn auk þess sem meðhöndlun mykjunnar er auðveldari.

Mjólkurbóndinn hefur stundað landbúnað frá árinu 1987. Á býlinu er lausagöngufjós sem í dag eru 180 mjólkurkýr í. Kýrnar fá að mestu tilbúið gróffóður og á sumrin ganga þær lausar í haga.

Rannsóknir staðfesta að NovaOptimizer bindur nitur í mykjunni. Áður en þessi bóndi byrjaði að nota NovaOptimizer í mykjuna lét hann gera greiningu sem leiddi í ljós að hann gat bundið samtals 3 kg af nitri í mykjunni.

Eftir að hafa notað NovaOptimizer í mykjuna um skeið var ný rannsókn gerð og leiddi hún í ljós að samtals voru 4 kg af nitri í mykjunni, þ.e. nitur hafði aukist um 1 kg í hverju tonni.

Við höfum áður notað aðra vöru sem einnig átti að bæta meðhöndlun mykjunnar. Sú vara var þó mun dýrari í notkun en NovaOptimizer.

Helsta ástæða þess að ég kys að nota NovaOptimizer allt árið er að það er ódýr og góð lausn sem gerir mér kleift að binda meira nitur í mykjunni sem vonandi leiðir til betri dreifingar. Það verður því spennandi að fylgjast með þessu því ég hef heyrt að afurðir geti aukist um 10 kg fyrir hvert 1 kg af nitri, segir mjólkurbóndinn.

Til að byrja með setti ég NovaOptimizer í mykjutankinn en nú er ég farinn að nota það inni í fjósinu, þar sem ég blanda duftinu við vatn og helli því yfir gólfið með könnu. Ef ég geri það þarf ég ekki að nota vöruna í mykjutanknum.

Með þessu móti nýtist NovaOptimizer best því það blandast mykjunni áður en hún fer út í fortankinn og að lokum út í mykjutankinn. Þetta virkar vel og mykjan er jafnari og það kraumar og freyðir í tanknum.

Vélaleigan staðhæfir einnig að NovaOptimizer auðveldi meðhöndlun mykjunnar.

Áður en mykjutankurinn er tæmdur þarf að hræra vel í honum til að allt botnsetið blandist saman við vökvann og mykjan fái jafnan massa.

Áður þurfti að hræra allan daginn en nú nægir að hræra í um morguninn og aftur um miðjan dag ef mykjan er mjög þykk. Mykjan er líka jafnari en áður við dreifingu og botnfellur ekki eins hratt. Annar kostur er að ég slepp við skít í dráttarvélinni sem sparar mér bæði tíma og vinnu við þrif.

Þegar litið er til allra þátta spara bæði ég og bóndinn á því að nota NovaOptimizer. Það er auðveldara að meðhöndla mykjuna og einnig hef ég heyrt marga tala um að mykjan lykti ekki eins mikið við dreifingu, segir starfsmaður vélaleigunnar.

Óskar S. Harðarson
framkvæmdastjóri ÍSCO

Efnagreining ehf. óskar viðskiptavinum og velvildarmönnum, farsældar á nýju ári og þakkar fyrir viðskiptin á árinu 2015.

Bjóðum upp á hefnagreiningar í áskrift:

- Sýnin þurfa að berast fyrir 5. hvers mánaðar. (Hver bóndi sendir a.m.k. 1 sýni á mánuði)
- Sama verð og í haust fyrir þá sem eru í áskrift (sjá verðskrá á heimasíðu).
- Hægt að velja um hefnagreiningar 1-4. (sjá heimasíðu)
- Niðurstöður sendar út fyrir 20. hvers mánaðar.

Greinum einnig mykju, sauðatað, svína-, hænsna.- minkaskít), (stein.- snefilefni, ammoníum og Heildar N).

HESTAMENN ATH.

Erum með hefnagreiningar sérsniðnar að ykkar þörfum !

Einnig getum við greint stein- og snefilefni (t.d selen og járn) í blóði úr hestum.

Sama gildir um skítasýni, hestahey og blóð, sendið inn fyrir 5. hvers mánaðar, niðurstöður fyrir 20. hvers mánaðar.

Öll verð eru á heimasíðu.

Einnig hægt að hringja og fá upplýsingar í síma 661 2629.

EFNAGREINING ehf.

Ásvegi 4 · Hvanneyri · 311 Borgarnes | www.efnagreining.is



Frá Ísafirði. Lækkun húshitunarkostnaðar getur skipt sköpum fyrir íbúa víða um land sem ekki njóta ódýrrar jarðvarmaorku.



Prúðbúnir keppendur í slætti á móti Umf. Ólafs Páa 9. ágúst 1925. Mótið var haldið á Dönustöðum í Laxárdal.

Mynd / Þjóminjasafn Íslands.

Úr bókinni Íslenskir sláttuhættir eftir Bjarna Guðmundsson:

Keppnir á sviði bústarfa liður í félagslífi bændafólks

Á síðastliðnu hausti kom út bókin Íslenskir sláttuhættir eftir Bjarna Guðmundsson, ábyrgðarmann Landbúnaðarsafns Íslands á Hvanneyri. Áður höfðu komið út bækur í þriggja binda verki Bjarna, en það eru; Alltaf er Farmall fremstur, ... og svo kom Ferguson og bókin Frá hestum til hest-aflla sem allar hafa notið mikillar hylli.

Í bókum sínum rekur höfundur sögu íslensks samfélags út frá framvindu í landbúnaði á fróðlegan og skemmtilegan hátt, að ógleymdu frábæru myndefni.

Kappsláttur

Keppnir á sviði bústarfa höfðu snemma komist á erlendis, bæði sem liður í vaxandi félagslífi bændafólks en einnig til þess að efla verkunnáttu og metnað manna. Þannig var það til dæmis með plægingar; undirstöðuverk jarðræktar og kornyrkju. Er Torfi Bjarnason dvaldist með Skotum skrifaði hann heim árið 1867 meðal annars: „Skotar segja, það hafi gegnt furðu hvað plógmönnum hafi farið fram eftir að teknar voru upp kappplægingarnar,“ og að allir bændur í búnaðarfélagi væru skyldugir til að „láta sína plógmenn fara til kappplæginga-funda félagsins, ef þeir vilja.“

Jón Hannesson, bóndi í Deildartungu, víðaði þá hugmynd veturinn 1914 „hvort ekki væri hægt að láta menn keppa til verðlauna við slátt, líkt og við íþróttir“. Taldi hann þetta, eins og sláttukennsluna, geta orðið sláttukunnáttu til eflingar „ef gengið væri að því með fyrirhyggju og þrautseigju“. Nokkrum árum síðar tók Guðmundur Finnbogason kappsláttarhugmyndina upp í grein í búnaðarblaðinu Frey. Ekki er ósennilegt að hvatin hafi verið skrif Jóns í Deildartungu. Tillaga Guðmundar var að efnt yrði til kappsláttar á tveimur stöðum á




landinu árlega. Um þær mundir (1912–1919) var Jón Hannesson í forystu Ungmennasambands Borgarfjarðar, sem var nýlega stofnað (26. apríl 1912), þar af formaður sum árin. Ekki er því ósennilegt að Jón hafi átt sinn þátt í því að Ungmennasambandið reið á vaðið og tók keppni í kappslætti á dagskrá héraðsmóts síns sumarið 1918. Hugur var í unga fólkinu og Páll Zóphoniasson, fyrsti formaður Ungmennasambandsins, kvað ungmennafélaga hafa viljað verða sem mestir og bestir verkamenn og var kappslátturinn ein leið að því marki. Var hugsað, skrifaði Páll „að á eftir kæmi keppni í öðrum starfsgreinum, sem miðaði að því að koma af stað keppni um að verða sem bestur og afkastamestur við venjuleg störf í daglegu lífi“. Það hefur sennilega ekki spilt fyrir framkvæmd hugmyndarinnar að Páll Zóphoniasson og Jón í Deildartungu voru mágar.

Í upphafi var boðað til keppni í Árnassýslu og í Borgarfirði sumarið 1918 og verðlaunum heitið. Um tilgang hinnar nýju íþróttar-

greinar skrifaði Guðmundur Finnbogason meðal annars:

Það er og sannast að segja, að enga íþrótt ætti að vera auðveldara að gera að almenningsíþrótt en sláttinn, sem hver maður til sveita stundar alt frá barnæsku. Hve nær sem ljár er borinn í gras, þá er tækifærið til að framast í þeirri íþrótt. Þar þarf ekki langt að fara til að leika list sína, og ekki bagar tækifæris- nje tímaleysi. Og þarna fer saman gagn og gaman. En sláttumótin eiga að vera hreinsunareldur þessarar ágætu íþróttar. Þar á að koma í ljós, hver verkferin og hvert sláttulagið er best. Þar eiga að koma fram fyrirmyndirnar, er aðrir geti tekið til eftirbreytni, hvar sem þeir eiga heima á landinu.

Það var efnt til kappsláttar í sambandi við íþróttamót Ungmennasambands Borgarfjarðar (UMSB) á Hvítárbakka í Borgarfirði 4. ágúst 1918. Mun það hafa orðið fyrsta mót sinnar tegundar héraðs og þá líklega einnig fyrsta keppni í starfsíþróttum á Íslandi. Keppendur voru tíu; einn frá hverju ungmennafélagi sambandsins. Úrtökumót munu hafa farið fram innan a.m.k. sumra félaganna. Hver keppandi sló 625 fermetra teig á sléttu en harðslægu túni. Sigurvegari varð Guðmundur Tómasson frá Haugum í Stafholtstungum, 26 ára gamall; hann sló teiginn á 29 mín og 5 sek. Halldór Vilhjálmsson skólastjóri gaf rausnarlegt verðlaunafé, 150.-, 100.- og 50 kr. eftir verðlaunasætum. Sláttumannskaup var 90 kr. á viku um þessar mundir (1919) svo peningaverðlaunin mátti kalla rífleg. Auk þess fengu þrír efstu menn gripi sem Stefán Eiríksson myndskeri hafði skorið út. Það voru skápur, ritfangastativ og askur. Skyldu þeir verða eign þeirra er unnu þrisvar í röð eða fimm sinnum alls. Hér var því farið af stað af



Guðmundur Finnbogason (1873–1944) prófessor. Hann rannsakaði slátt, sláttumenn og amboð þeirra og var einnig hvatamaður að keppni í slætti.

Mynd / Þjóminjasafn Íslands.

myndarskap. Sláttukeppni á vegum UMSB fór einnig fram næstu tvö árin; á hólma í Norðurá sumarið 1919 og við Ferjukot sumarið 1920. Guðmundur Tómasson sigraði í öll skiptin. Ljár Guðmundar, sem hann notaði í öll skiptin, var álitinn vera „galdraverkfæri“. Það var einjárnungur, gjöf Soffiu Snorradóttur í Bóndhól, víst fenginn í verslun Jóns

Björnssonar & Co í Borgarnesi. „Munu það hafa verið fyrstu ljáirnir [eijnjárnungarnir?], sem komu í verðlanir í Borgarnesi“ skrifaði Björn bóndi á Ölvaldsstöðum í frásögn af mótinu löngu síðar.

Tveimur vikum eftir að Borgfirðingar riðu á vaðið gekkst Ungmennafélag Biskupstungna, undir forystu Þorsteins

Þórarinssonar á Drumboddstöðum, fyrir kappslætti að Torfastöðum í Biskupstungum. Þann 18. ágúst 1918 kepptu þar 29 karlmenn víða að úr Árnessýslu á aldrinum 19-47 ára. Keppnisform og peninga-verðlaun voru eins og verið höfðu í Borgarfirði, nema hvað teiga-stærðin var 1600 m². Viku síðar var kappsláttur í Odda á Rangárvöllum. Að honum stóð Ungmennafélagið Hekla undir forystu Guðmundar Þorbjarnarsonar bónda á Stóra-Hofi. Þar var teigastærðin 800 m² en engin verðlaun veitt. Keppendur voru fimm.

Aðstæður réðu miklu um stærð keppnisteiga og fjölda keppenda. Erfitt gat reynst að fá nægilega stórt einsleitt slægjuland, og svo þurfti einnig að sjá fyrir þurrkun heysins að keppni lokinni. Má t.d. sjá fyrir sér verkið við að bjarga undan heyi af 4,6 hektara engjastykki keppnis-landsins að Torfastöðum (1600m²/þátt. x 29 þátttakendur).

Sláttuafköstin voru mikil. Ef reiknuð eru hálf tímaafköst þeirra sem sigruðu í keppnunum um sumarið eru tölurnar þessar:

Á Hvítárbakka (tún)	630 m ²
Á Torfastöðum (engjar)	960 m ²
Í Odda (engjar)	955 m ²

Óvarlegt væri að reikna afköst sláttumannanna um lengri tíma eftir þessum tölum. Þær sýna þó að stundaryfirferð afkastamestu sláttumannanna var fírna mikil.

Greinargóðar skýrslur voru birtar í búnaðarblaðinu Frey um allar sláttukeppnirnar. „Aðsóknin að þessum mótum og áhugi áhorfanda [svo] gaf góðar vonir um, að þessi íþrótt mundi ekki falla niður jafn skjótt og hún var upp tekin,“ skrifaði Guðmundur, er hann árið eftir birti rækilegar leiðbeiningar um kappslátt. Verður nú sagt frá þeim.

Leiðbeiningar Guðmundar snerust í aðalatriðum um þrennt: Skipan kappsláttumóta, mat á árangri keppenda og loks mælingar á keppendum og áhöldum þeirra svo og gerð skýrslu um mælingarnar. Best taldi Guðmundur að halda kappsláttumót í ágúst-mánuði og ekki fyrr: þá hefðu menn fengið nægan tíma til æfingar og undirbúnings. Dómnefnd skyldu skipa þrír góðir og athugulir sláttumenn kjörnir af stjórn þess félags sem gengst fyrir mótinu. Hámarksfjöldi keppenda skyldi vera 10-15, ella væri betra að skipta þeim í flokka (riðla) – þetta skyldi gert til þæginda fyrir dómara og áhorfendur svo betur gætu gerð sér grein fyrir slótti keppenda. „Annars virðist æskilegast, að menn reyni sig fyrst heima í sveit sinni og sendi síðan á kappsláttumót að eins þá, sem reynst hafa bestir. Svo gerðu Borgfirðingar víðast í fyrra,“ skrifaði Guðmundur. Heimildir eru um kappsláttumót á vegum Umf. Brúin í Hvítársíðu og Hálsasveit á þessum árumsem einmitt kann að hafa verið liður í úrtöku fyrir hér- aðsmót Ungmennasambandsins. Keppendur máttu ráða verkferum sínum, klæðnaði og aðferðum en þó skyldi hver hafa með sér tvö orf og tvo ljái. Sláttuteigarnir skyldu allir vera jafnslægir, eins og Guðmundur orðaði það, og væru 1600 fermetrar hæfileg stærð á sléttu útengi. Tæki þá slátturinn liðugan klukkutíma fyrir þá sem lengst væru og dómnefnd og aðstoðarmönnum hennar gæfist nægur nægur tími til nauðsynlegra mælinga.

„Til þess að gera frammistöðu keppenda sambærilega, eru einkunnir hafðar“ skrifaði Guðmundur og byggði sýnilega á reynslu undangengins sumars (1918). Einkunnir skyldi gefa fyrir þrennt: sláttuhraða, sláttugæði og sláttulag. Einkunn fyrir sláttuhraða átti að reikna sem tiltekið hlutfall af tíma þess sem fljótastur var. Einkunn fyrir sláttugæði skyldi gefa samkvæmt mati á „hvort sláttumaður hefur farið of nærri eða fjarri rötinni og hvort hann hefur manað fyrir oddi, hnakka eða egg.“ Guðmundur taldi vandameira að meta sláttulagið til einkunnar: „hvernig sláttumaðurinn ber sig,



Verðlaunagripir á kappsláttarmótum Ungmennasambands Borgarfjarðar 1918–1920 voru ekki af lakara taginu; listmunir skornir út af Stefáni Eiríkssyni myndskera. Skápurinn kom í hlut sigurvegarans, Guðmundar Tómassonar frá Haugum í Stafholtstungum.

Mynd / BG

hvernig hann sveigir líkamann, hvernig hann heldur á orfinu, reiðir það og rennir því, hvernig hann gengur á orfið, hve fagrar hreyfingar hans eru, en hreyfingar verða að sama skapi fagrar og mjúklegar, sem kröftunum er hagkvæmlega beitt.“

Síðan skyldi reiknuð aðal-einkunn þannig að sláttuhraða- og sláttugæðaeinkunnir vægju tvöfalt á við einkunn fyrir sláttulag því flestum mun „virðast eðlilegt að leggja mesta áhersluna á það, að verkið sje fljótt og vel af hendi leyst.“

Kemur þá að skýrslugerðinni sem vera skyldi hin rækilegasta. Ekki færri en 18 mismunandi atriði skyldu mæld og vegin auk áðurnefndra einkunna. Snertu þau sláttumanninn sjálfan, orfið og ljáinn, svo og sláttinn, svo sem skárabreidd, ljáfarsbreidd og ljáfarsúma. Með mælingum þessum hefur Guðmundur sýnilega viljað styrkja það gagnasafn sem lá til grundvallar slátturannsóknum hans. Ekki taldi Guðmundur mælingarnar vera flóknari en svo „að hver meðalgreindur maður ætti að geta gert þær.“ Von hans var að mælingarnar yrðu gerðar á hverju sláttumóti og síðan sendar til Búnaðarfélags Íslands til geymslu og birtingar. Ef til vill hefur Guðmundur þá haft í huga hvetjandi áhrif birtingar úrslita en líka frekari úrvinnslu þeirra í fræðilegum tilgangi.

Guðmundur Finnbogason vandaði bersýnilega mjög til kappsláttarreglna sinna sem hann byggði á slátturannsóknum. Reglurnar hafa án efa komið þeim vel sem stöðu fyrir kappsláttarmótum er fóru fram hér og hvar á landinu næstu árin. Þannig er greint frá því að í Tungusveit efndi ungmenanafélag sveitarinnar til kappsláttar ár hvert á árabílinu frá 1929 og fram um og yfir 1940, og varð það „aðal-skemmtiatriðið“ að því er heimild greinir. Síðan féll keppnin niður um árabíl uns það tókst árið 1954 „að endurvekja þennan vinsæla leik.“ Voru þá verkhættir í sveitum mjög að breytast og mun keppnin hafa fallið niður eftir það. Það vekur athygli hve verðlaunin voru vegleg: Peningar, silfurbúin svipa og gullhringur með ágreyptri plötu. Gripirnir unnust til eignar við þrjá sigra í röð.

Á héraðsmótum Vestfirðinga (HVÍ) að Núpi í Dýrafirði var efnt til kappsláttar hvert sumar árin 1959-1962. Sláttuteigarnir voru undralitlir að sögn heimildarmanns en áskilið var að keppendur tækju a.m.k. eitt brýnsluhlé. Eftir 1962 munu kappslættir bæði þar vestra og á vegum annarra ungmennafélaga hafa fallið niður. Vitað er þó að árið 1999 var kappsláttur háður á Sýslumannstúninu á Selfossi. Hver teigur var 35-40 m², „að minnsta kosti 4 góðir sláttuskárar. Túnið var sæmilega slétt og gras í meðallagi.“ Keppt var um Eylandsljáinn, stytta sem verslunin Korníð gaf. Sigurvegari var Skúli Gunnlaugsson á Miðfelli í Hrunamannahreppi. Höfundi er ekki kunnugt um að síðan hafi kappsláttur verið háður hérlendis.“

Lesendabás

Bjarni Guðmundsson: Íslenskir sláttuhættir – Hið íslenska bókmenntafélag:

Lífið í kringum ljáinn

- alls 352 blaðsíður í allstóru broti (17 x 24 sm) með um 80 myndum

Bjarni Guðmundsson á Hvanneyri sendi frá sér bókina Íslenskir sláttuhættir fyrir nýliðin jól. Í bókinni rekur höfundur sögu sláttuamboða og sláttuhátta frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar og þróunina allt til dagsins í dag.

Fyrir utan formála, ásamt tilvísunum, heimildum og mynda- og mannanafnaskrám, er þeim 300 blaðsíðum, sem helgaðar eru sjálfu bókarefninu, skipt í ellefu megin-kafla. Má nánast segja að fyrir utan þrjá síðustu kaflana, um sláttuvélar, hrífuna og yfirlitskaflann í lokin, fjallar bókin um orfið og ljáinn á einstaklega yfirgripsmikinn, fjölbreytilegan og fróðlegan hátt. Þannig er bókin helguð þessu forna sláttuamboði á um 250 síðum, eða sem næst 83% af meginefni bókarnnar. Þrátt fyrir þetta er sláttuháttum í landinu gerð ótrúlega tæmandi skil alveg frá upphafi byggðar og til dagsins í dag. Auk þess er nærtækt að vitna til fyrri bóka Bjarna um Farnal og Ferguson og þriðju bókina, „Frá hestum til hestafla“, vilji menn öðlast meiri fróðleik um tengd efni og reyndar ýmislegt annað, sem vélvæðingu búskaparins við kemur. Vélsláttur er mun nær okkur í tíma en orfaslátturinn og notkun ljásins, sem var af ýmsum toga öðrum en hefðbundinn heyskap. Má þar nefna korn-, lauf- og þangslátt og torfristu, sem eru meðal hins fjölbreytilega notagildis þessa amboðs, sem einnig er gerð afar góð skil í bókinni.

Miðlægt og ómissandi sláttuamboð

Of langt mál er að telja upp nema brot af því hversu miðlægt og ómissandi þetta sláttuamboð – og þá einkum sjálfur ljáinn – var í allri búskaparsögunni. Má ákveðið gera því skóna, eins og fram kemur í bókinni, að ljáinn hafi í raun verið nauðsynlegast allra áhalda í búskapnum og þar með lífsafkomu þjóðarinnar um aldir. Þetta kemur mjög heim og saman við eigin reynslu þeirra, sem enn muna þá tíma, þegar þetta amboð var eina sláttutækið í kotinu, þótt því fólki fari eðlilega ört fækkandi og því enn mikilvægara að halda sögunni til haga.

Lýsingar í bókinni á lífinu í kringum ljáinn eru með eindæmum fjölbreytilegar, alveg frá nákvæmri lýsingu á smíði íslenska einjárnungsins við afar erfiðar aðstæður og síðan tilkoma bakkaljásins og svo Eylandsljásins; hvaða áhöld þurfti til að fá bit í eggina, fyrst

með dengingu (klöppun) og síðar með því að leggja ljáinn á hverfisstein; hvers konar brýni voru notuð og hvort mönnum tókst að nema listina að láta ljáinn bíta. Fjallað er um merkilega tilraunastarfsemi til þess síðan að leiðbeina mönnum um hvernig best er að standa að slætti miðað við mismunandi aðstæður. Slegið er á léttu strengi um kapp manna við slátt og formlegan kappslátt og jafnvel rómantík í návist rakstrarkvenna við engjaslátt og sérsníðuð sláttuaboð fyrir börn. Á hinn bóginn eru einnig tilfærðar heimildir um vinnuhörku og allt þar á milli.

Eins og vænta má, fléttast aðburðir og aðstæður alloft saman í frásögn í kringum orfið og ljáinn, sem skarast gjarna allnokkuð svo að jaðrar við hreinar endurtekningar. Þetta er ekki tekið fram verkinu til hnjóðs á nokkurn hátt, þar sem oftar en ekki koma fram fleiri hliðar á málum og gerir textann gjarna bæði skilnings- og blæbrigðaríkari.

Í þessu sambandi er fróðlegt að skoða, að því er virðist, gerólíka merkingu sama orðs í tengslum við sláttulag. Hér er um að ræða orðið „höggsláttur“, sem einum þykir til fyrirmyndar, en af öðrum lýst sem ljótu sláttulagi og verður þessu lýst nánar með beinum tilvitnunum, sinni úr hvorum meginkafla bókarnnar.

Merkingamunur á sláttulagi milli landshluta

Á bls. 180 er, að álitu helstu sérfræðinga í orfaslætti um 1920, þeim mágum, Guðmundi Finnbogasyni og Halldóri Vilhjálmssyni, þá skólastjóra á Hvanneyri, mælt með því sláttulagi „Að slá höggslátt“. Tóku að vísu fram annars staðar (bls. 179) „Aldrei skal reiða orfið hátt“.

Um svipað leyti (1924) er eftirfarandi haft eftir tveim A-Barðstrendingum (bls. 212): „heppilegast væri að reiða orfið ekki of hátt, heldur renna ljánum í gegnum grasið [í sömu tilvitnun talað um „rennislátt“ í því sambandi (innsk. ÐL.)], því að höggsláttur væri ljótur og bit entist skemur með honum“ og einnig „Aðrir lyftu ljánum rétt upp fyrir grasið, og enn aðrir sveifluðu honum hátt upp, jafnvel í axlarhæð og var það kallaður höggsláttur“.

Þarna virðist greinilega um merkingarmun á sama orði varðandi sláttulag að ræða og þá sennilega landshlutabundinn.

Á bls. 300 er brugðið upp mynd-

rænu tímatali helstu tæknibreytinga við slátt á Íslandi. Samkvæmt því virðist íslenski ljáinn (landnámsljáinn) hverfa úr notkun um 1880, þegar enski (eða skoski) bakkaljáinn kemur til sögunnar. Rétt fyrir aldamótin 1900 hefst svo innreið hestasláttuvélarinnar, sem lengi vel átti nokkuð erfitt uppdráttar, ekki síst vegna takmarkaðs sléttlendis. Einjárnungurinn, Eylandsljáinn, og þar með tilkoma hverfissteinsins, taka síðan við af klappaða bakkaljánum um 1930 og hverfur að mestu úr notkun um 1970 aðallega á kostnað dráttarvélasláttar, enda hvarf hestasláttuvélin að mestu af vettvangi upp úr 1950. Eins og reyndar kemur fram í bókinni, eru mörg frávik frá þessum tímabilum. T.d. voru þeir bæir vafalaust nokkrir, sem slepptu alveg hestasláttuvélinni og þekkir höfundur dæmi um það úr Mývatnssveit, þar sem notkun bakkaljásins var allsráðandi fram undir 1950. Gæti verið fróðlegt að grafa upp og skrá þessi frávik, áður en gleymskan grefur þau alveg.

Dæmi eru um mörg önnur athyglisverð atriði, sem koma á óvart í frásögn höfundar, athugunum og söguskoðun, en ekki er rúm fyrir hér. Vil þó nefna mynd efst á bls. 201, þar sem fram kemur greining á aldri barna og unglinga er þau hófu að ganga að slætti. Í þeim hópi eru börn allt ofan í 6 ára aldur, en flest gengu fyrst til sláttar 10 ára gömul. Má nærri geta hvort ekki hefði heyrst í vinnulöggjafanum og barnaverndarnefndum út af þessu, ef þær stofnanir hefðu þá verið við lýði.

Efnistökin hlaðin lífi og fróðleik

Fyrirfram gætu ýmsir ætlað að efniviður bókarnnar gæti verið í í þurrari kantinum. Efnistökin eru þvert á móti, hlaðin svo miklu lífi að sá mikli fróðleikur, sem hún geymir, er settur fram á þann hátt, studdur fjölmörgum vel völdum heimildum, að varla finnst þar nokkur þurr efnisþráður og lesturinn því ánægjan ein að dómi þess, sem þetta ritar og full ástæða til að óska Bjarna til hamingju með þessa þörfu og vel heppnuðu bók.

Að lokum fylgir hér sú ábending, þegar þessi bók verður endurútgefin, að henni fylgi atriðisorðaskrá, sem mun án efa auka enn á gildi hennar og vera fyrirhafnarinnar virði.

Egilsstöðum á þrettándanum 2016 Þórarinn Lárusson

Baðstofur – ítrekun

Í Bændablaðinu sem kom út 19. nóvember síðastliðinn var auglýst eftir öllum tiltækum myndum sem til eru innan úr baðstofum og eru varðveittar hjá einstaklingum.

Til þessara mynda teljast allar myndir; teikningar, málverk og sérstaklega ljósmyndir sem sýna baðstofurýmið eða einhvern hluta þess.

Auglýsingin bar þó nokkurn árangur og nokkrir hafa haft samband í kjölfarið. Þeim er þakkað kærlega



fyrir en betur má ef duga skal.

Íslenski bærinn að Austur-Meðalholtum í Flóahreppi, (www.islenskibaerinn.is) er stofnun sem hefur það að meginmarkmiði að rannsaka og sýna margvíslegar hliðar á torfbæjararfinum. Um þessar mundir er að hefjast undirbúningur að yfirlitssýningu og bókarútgáfu þar sem sjónum verður sérstaklega beint að baðstofunni. Mjög fáar myndir eru til innan úr íslensku baðstofunni. Á blómatíma

þeirra voru ljósmyndavélar tiltölulega fágætar og birtuskilyrði óhagstæð þáverandi ljósmyndatækni. Mjög líklega gætu enn leynst góðar myndir hjá einstaklingum víðs vegar um land sem ástæða væri til að skoða og koma á framfæri í réttu samhengi. Hér með er leit að aftur til almennings. Fólk sem sér þennan pistil, á eða veit um mynd eða lýsingu af baðstofu er vinsamlega beðið að hafa samband við Hannes Lárusson: islenskibaerinn@islenskibaerinn.is síma 694-8108 eða Guðmundu Ólafsdóttur: guo22@hi.is síma 846-9775.

Verkefni þetta er samstarfsverkefni Íslenska bæjarins og Guðmundu Ólafsdóttur, nemanda í safnafræði, og er þessi myndasöfnun jafnframt hluti af lokaritgerð hennar í safnafræði.

Utan úr heimi



2016 alþjóðlegt ár bauna af belgjurtaætt:

Ár bauna

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, hefur tilnefnt árið 2016 ár bauna. Um er að ræða baunir sem vaxa á plöntum af belgjurtaætt.

Hundruð ólíkra bauna vaxa á mismunandi tegundum belgjurta. Flestar þeirra eru ætar, næringar- og próteinríkar. Má þar nefna augn-, kjúklunga-, nýrna-, linsu- og adiki-baunir. Algengasta og auðþekkj-anlegasta belgurtin á Íslandi er án vafa lúpína en fáir vita að úr baunum hennar er búið til kaffi í Sviss.

Auk þess að fræða almenning í heiminum á árinu um baunir er unnið að því á vegum FAO að búa til alþjóðlegan gagnagrunn, FAO/INFOODS Global Food Composition Database for Pulses, um baunir og nýttjar á þeim. Í dag er eru baunir yfirleitt þurrkaðar eftir uppskeru enda geymast þær og halda næringargildi sínu vel þannig.

Belgurtir eru niturbindandi og þurfa því ekki köfnunarefnisáburð



auk þess sem þær eru jarðvegs-bætandi og áburðargjafi séu þær ræktaðar með öðrum plöntum eða við sáðskipti.

Samkvæmt því sem segir í kynningu FAO um belgurtir er vatns- og kolefnisfótsporið sem þær skilja eftir miðað við próteinmagn við ræktun miðað við aðra nýttjaplöntur og ekki síst kjötframleiðslu. Þrátt fyrir að neysla á baunum geti valdið talsverðum vindgangi hjá övönum neytendum.

Slagorð baunaársins er næringarrík fræ fyrir sjálfbæra framtíð enda baunir sagðar vera gríðarlega mikilvægar þegar kemur að fæðuöryggi komandi kynslóða. /VH



Fornsögulegar plöntur:

Hundrað milljón ára gömul fræ

Steingerð fræ sem talin eru vera 110 til 125 milljón ára gömul og þau elstu sem vitað er um af blómplöntum fundust fyrir skömmu í setlögum í ám og vötnum í Portúgal og Bandaríkjunum.

Um er að ræða 250 fræ 75 mismunandi tegunda blómplantna. Mörg fræjanna eru sögð vera einstaklega vel varðveitt og að hægt sé að skoða frumubýggingu og einstaka frumuhluta þeirra undir smásjá. Form plantnanna á tímum risaeðlnanna var að flestu leyti ólík þeim plöntum sem við þekkjum í dag. Bygging þeirra var einfaldari og blómstur minna. Fræin voru einnig minni og það tók lengri tíma fyrir þau að spíra en fræ blómplantna í dag.

Talsmaður danskra og sænskra grasafræðinga, sem rannsakað hafa fræin, segir að óvanalegt sé að finna



svona vel varðveitt fornsöguleg fræ og að fundur þeirra eigi eftir að veita mikla innsýn í líffræði og þróun fyrstu blómplantnanna í heiminum. /VH



Tveggja mjaltapjóna fjós með velferðarsvæði við bakhlið neðri mjaltapjónsins. Þetta er eitt af fyrstu velferðarsvæðum sem hönnuð voru í Danmörku en í upphafi voru þau hönnuð sem hálmðýnusvæði eins og hér sést. Þetta velferðarsvæði væri í dag með legubásam að stærstum hluta.

Velferðarsvæði í fjósum

Undanfarin ár hafa orðið meiri breytingar á grunnhönnun fjósa en sést hafa í alllangan tíma en segja má að upphaf þessara breytinga megi þó rekja til þeirrar bylgu sem orðið hefur um nánast allan hinn vestræna heim, þ.e. að færa kýr úr básafjósum í lausagöngufjós með einum eða öðrum hætti.

Frá síðustu aldamótum hefur orðið mikil bylting hér á landi þegar horft er til húsvisstar nautgripa og geta fá lönd í Evrópu ef þá nokkurt annað státað af jafn örri breytingu. Á einungis 15 árum hefur aðstaðan breyst mikið og farið úr því að vera með nánast allar kýr landsins í básafjósum yfir í að nú er svo komið að góður meirihluti kúnna er í lausagöngu.

Þróun lausagöngufjósa

Á þessum sama tíma hafa fjósgerðir þróast allverulega, bæði með tilkomu nýrrar mjaltatækni eins og mjaltapjóna en einnig vegna sífellt vaxandi áherslu á bætta velferð mjólkurkúa. Þannig eru til í dag ótal mismunandi, og misgóðar, lausnir sem ætlað er að bæta velferð kúa í lausagöngu. Nefna má dæmi um velferðar herðakambsslár en nú til dags dettur orðið fáum í hug að setja upp innréttingar í legubása sem eru með því sem kalla mætti hefðbundnar herðakambsslár, þ.e. bara venjuleg bein rör. Rör þessi gegna því hlutverki að halda innréttingum á milli legubása í skefjum, en það hefur löngum verið þekkt að þessar slár valda álagsmeiðslum á kúnum. Í dag eru flestir framleiðendur innréttinga með lausnir á þessu og bjóða því upp á leiðir sem voru hreinlega ekki þekktar fyrir aðeins örfáum árum. Flest hnakkarörin eru í dag hlykkjött og í raun allt öðruvísi hönnuð



Það heyrir til tíðinda ef sett eru hefðbundin rör sem herðakambsslár í nýjum fjósum, enda hafa velferðar herðakambsslár verið nú á boðstólum í nokkur ár.

en þær herðakambsslár sem settar voru upp í nýjum fjósum fyrir aðeins örfáum árum.

Fyrstu velferðarsvæðin

Fyrir nokkrum árum fóru að skjóta upp kollinum fjós þar sem mjaltapjónn var látinn þjónusta tvo til þrjá hópa af kúm en áður voru mjaltapjónarnir oftast bara settir út í enda fjóss, þar sem áður var mjaltabás. Nú er þetta breytt og hvarflar að fáum að byggja slík fjós enda nýtir það mjaltapjóninn illa. Þessi breytta hugsun við hönnun fjósa gerði það að verkum að á „bakhlið“ mjaltapjónsins mátti hafa hóp af kúm og/ eða kvígum sem þurfti að veita sérstaka athygli s.s. vegna þess að um nýbærur var að ræða, óþekkar kýr eða kvígur eða t.d. kýr sem nenntu ekki sjálfviljugar í mjaltir. Þessi hópur kúa og/ eða kvígna var oft kallaður velferðarhópur og

leiddi nafngiftin af sér að svæðið sem þær voru hýstar á var kallað velferðarsvæði í fjósinu. Með þessu formi sparadist mikil vinna í mjaltapjónafjósum og vakti athygli út fyrir raðir kúabænda með mjaltapjóna. Bændur með hefðbundna mjaltabása sáu strax kosti þess að vera með svona svæði í fjósum sínum og leiddi sá áhugi til þess að fleiri og fleiri fjós fóru að vera með svona velferðarsvæði. Reynslan af þessum svæðum er svo góð í Danmörku að nú orðið er skylda að hafa slík svæði í nýbyggðum fjósum. Þessum svæðum er stundum ruglað saman við sjúkrahús en hér er auðvitað um allt annars konar svæði í fjósinu að ræða.

Fjórir hópar kúa

Þegar fjós eru hönnuð nú til dags er hönnun fjóssins skipt í fjögur aðskilin svæði. Ég hef oft talað um



Tveir mjaltapjónar og velferðarsvæði. Geldkúaaðstaðan til vinstri.


að upphaf mjaltaskeiðsins sé ekki við burð, heldur þegar kýrnar eru færðar í geldstöðu. Þá hefst í raun undirstaða komandi mjaltaskeiðs og brýnt að hlúa einstaklega vel að geldkúnum sem og kvígum sem eiga u.þ.b. átta vikur í burð. Í mínum huga er því fyrsta hönnunarsvæði fjóss geldkúaaðstaðan, aðstaðan fyrir kvígur síðustu átta vikurnar fyrir burð og burðarsvæðið, hönnun þessarar aðstöðu er efni í sér pistil. Þar á eftir kemur svo hönnun velferðarsvæðisins, sem ég kem nánar inn á hér síðar. Þriðja svæðið í fjósinu er svo aðstaðan fyrir kýr á fyrri hluta mjaltaskeiðs (14–100 daga frá burði) og fjórða svæðið er fyrir kýr á síðari hluta mjaltaskeiðs (100–305 daga frá burði). Í mörgum fjósum er svæðum þrjú og fjögur steipt saman í eitt hönnunarsvæði.

Norðurlöndin leiðandi

Eins og svo oft áður, þegar sjónir beinast að bættri dýravelferð, þá eru Norðurlöndin í sérflokki og leiðandi á heimsvísu í málaflokknum, ekki einungis þegar horft er til velferðar nautgripa heldur einnig annarra búfjártegunda. Það þarf því ekki að undra að norrænir fjóshönnuðir hafi haft hönnun velferðarsvæða í fjósum á dagskrá sinni þegar þeir hittust hér á landi í haust á ráðstefnu sinni, Nordisk byggetræf, en það var danski hönnuðurinn Anja Juul Freudendal sem flutti erindið. Hér verður stiklað á stóru yfir helstu atriði sem lúta að hönnun þessara svæða í lausagöngufjósum nú til dags.

Hvaða gripir?

Kýr sem eru hafðar á velferðarsvæði í fjósi eru oftast nýbærur (3–14 daga eftir burð), kvígur og kýr sem mætti skilgreina sem „vandamála-kýr“. Þetta gætu verið eldri kýr sem e.t.v. mjólka vel en þurfa meiri hvíld en aðrar kýr, eða kýr sem eru að jafna sig eftir einhver áföll o.s.frv. Í raun er það einfaldlega hver og einn



bóndi sem ákveður og skilgreinir sjálfur hvaða gripi hann vill hafa í sínu velferðarsvæði. Reynslan sýnir að þessum kúm og kvígum er hættara við að fá framleiðslusjúkdóma og ef þær eru hafðar í tiltölulega litlum hópi er mun auðveldara að veita einstaklingseftirlit en ef þær væru saman með t.d. öðrum 40–50 kúm eða þaðan af fleiri.

Hvar staðsett?

Eins og hér að framan greinir eru þessi svæði oft staðsett á bak við mjaltabjóna en í fjósum með mjaltabásum eru þessi svæði langoftast höfð eins nálægt mjaltaaðstöðunni og unnt er og gjarnan hönnuð þannig

að þessi svæði séu eitt af því sem oftast er gengið framhjá við dagleg störf í fjósinu.

Hvernig aðbúnaður?

Velferðarsvæði í fjósum eru langoftast hefðbundnir legubásar, líkt og eru í þeim hluta fjóssins þar sem kýrnar sem eru í hópunum 14–100 daga frá burði og 100–305 daga frá burði. Það sem einkennir þó þetta svæði er að það er lokað af frá hinum svæðunum og með stuttar gönguleiðir í yatn, kúabursta og að fôðurgangi. Í sumum fjósum í Danmörku, sér í lagi stærri fjósunum, er velferðarsvæðunum skipt upp í tvo aðbúnaðarhluta. Annar og mun stærri hlutinn

er með legubásum en hinn hlutinn með hálms- eða sanddýnu. Til þess að komast inn á þetta svæði, sem er afar eftirsótt af kúnum sjálfum, þurfa þær að fara í gegnum forflokkunarhlið og einungis þær kýr eða kvígur sem hafa heimild, t.d. geta verið að jafna sig eftir aðgerð eða fótamein, geta komist inn á þetta góða legusvæði. Frá því liggur svo leiðin um einstefnuhlið og inn á hefðbundna velferðarsvæðið á ný. Ef ég væri að hanna fjós í dag myndi ég tvímælalaust hanna velferðarsvæðið með þessum hætti.

Hve stórt svæði?

Þessi svæði rúma oft um það bil

fjórdung og allt að þriðjung grip-anna og er helsti kostur kerfisins að „vinnufélagarnir“ eru miklu færri og því mun auðveldara að veita eftirlit og aðstoð í fjósinu.

Stærðin ræðst þó mikið af óskum kúabóndans sjálfs, en ef miðað er við jafnan burðartíma og 35 prósent kvíguhlutfall má gera ráð fyrir að plássþörfin sé um það bil 12–14 gripir í 50 árskúa fjósi. Þetta þarf þó hver og einn að reikna með sínum ráðgjafa að sjálfsögðu.

Snorri Sigurðsson
sns@seges.dk
Ráðgjafi hjá SEGES P/S
Danmörku



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Hæst stiguðu lambhrútarnir haustið 2015 – leiðrétting

Í töflu sem birt var í síðasta Bændablaði (17. des. 2015) var umfjöllun um hæst stiguðu lambhrúta landsins, flokkaða eftir sýslum.

Eftirfarandi leiðréttingum verður hér með komið á framfæri varðandi

upplýsingar í töflu sem fylgdi greininni. Í Suður-Þingeyjarsýslu er í 5. sæti hrútur frá Þverá í Dalsmynni en ekki Þverá í Reykjahverfi. Í Suður-Múlasýslu er hrútur í 3. sæti nr. 253 frá Ásgarði, Breiðdal. Bakvöðvaþykkt á þessu lambi á

að vera 37 mm en ekki 27 mm. Alvarlegasta athugasemdin er síðan sú að í lista yfir topphrúta í Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu vantar hrúta frá Skjaldfönn. Þessi mistök eiga rætur að rekja til þess að Skjaldfönn tilheyrir sveitarfélaginu

Strandabyggð og fjárræktarfélaginu Tindi á Ströndum og flokkast því í uppgjöri með búum á því svæði. Hins vegar er býlið eftir sem áður staðsett í Norður-Ísafjarðarsýslu. Efsti hrútur í Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu á því að vera lamb

nr. 38 frá Skjaldfönn sem hlaut 88,5 stig og í þriðja sæti lamb nr. 81 frá sama bæ sem hlaut 87 stig.

Uppfærslu á þessari töflu ásamt öðrum niðurstöðum úr skýrslu-haldinu má finna inn á www.rml.is. /Eypór Einarsson



Eypór Einarsson

Ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt hjá RML ee@rml.is

ÖRYGGI – HEILSA – UMhverfi

Stundum finnst manni krónunni hent og aurinn hirtur

Besta lausn til að fækka slysum eru forvarnir, en sá galli er á forvörnum að í þeim er sýnilegur kostnaður í krónum.

Ósýnilegi kostnaðurinn er mun stærri, sem er ávinningurinn af fækkan slysa. Í þeim greinum og skýrslum sem ég hef lesið, þar sem rök eru færð fyrir hversu forvarnir voru arðvænlegar, var á bilinu frá tvöföldun og upp í allt að 30-földun hvernar krónu sem lögð var í forvarnir.

Mörg banaslys á síðasta ári vekja umhugsun

Mörg banaslys voru síðasta ár, sérstaklega var mikil fjölgun banaslysa í umferðinni. Það vekur athygli hversu mikið var af slysum yfir vetrarmánuðina, en skýringin er einföld. Lengra ferðatímabil, fleiri ferðamenn, ódýrara eldsneyti og Íslendingar ferðuðust meira

sem gerði að fleiri hafa verið á ferðinni að öllu jöfnu allt árið á vegunum. Sú staðreynd að æ fleiri noti ónegld vetrardekk yfir vetrarmánuðina að áeggjan gatnamálastjóra Reykjavíkur veldur mörgum áhyggjum. Þó að fáir þurfi nagladekk í Reykjavík þá eru nagladekk það eina sem virkar á landsbyggðinni megnið af vetrinum. „Reykjavíkurbíll“ á ónegldum dekkjum á ekkert erindi út fyrir Reykjavík og hvað þá á heiðarvegi. Sú umræða að skattleggja sérstaklega nagladekk er umræða sem þarf að útrýma því maður skattleggur ekki öryggi. Grímur Atlason, fyrrverandi bæjarstjóri Bolungarvíkur, skrifaði eftirminnilega grein um nagladekk árið 2007. Vitna ég orðrétt í gull-



setningu sem Grímur skrifaði: „Það gleymdist hins vegar að taka það með í reikninginn að víðast hvar á norðanverðum helmingi landsins – og víðar – eru vegir þannig að fátt kemur til greina annað en að keyra

á nöglum. Ég held að þessi svæði þurfi allt annað en frekari álögur af hálfu ríkisins.“

Ef eitthvað ætti að styrkja með fjármagni þá eru það forvarnir

Væntanlegir eru í prentun forvarnabæklingar sem Bí er að fara að senda út til sinna félagsmanna, en Bí leggur í mikinn kostnað í samstarfi við búnaðarfélög og fleiri. Hagurinn af þessum eins og öðrum forvörnum verður strax sjáanlegur. Útlagður kostnaður er örugglega töluverður, en higurinn er miklu verðmætari sem felst í bættri heilsu, færri heim-sóknum á sjúkrahús og læknastofur, en ávinningurinn verður væntanlega mestur fyrir tryggingafélögin og

Tryggingastofnun ríkisins í bættri heilsu og færri slysum.

Ánægjulegt að lesa um árangur Samherja í fækkun slysa

Ánægjuleg grein var í Morgunblaðinu nú í byrjun árs 2016 sem hófst svona: Það þarf að vera ákveðið hugarfar og samvinna hjá starfsmönnum til að árangur náist í öryggismálum, en við hjá Samherja höfum náð að fækka slysum um 35% á milli ára með markvissum aðgerðum,“ segir Gunnar Rúnar Ólafsson, öryggisfulltrúi Samherja. Þetta viðtal las ég í tvígang og niðurstaða mín var að almennt þarf hugarfarsbreytingu til að fólk fari almennt að hugsa um forvarnir. Hins vegar, ef við setjum dæmið aðeins öðruvísi upp: Hættum í smá stund að tala um veðrið og tölum um forvarnir í staðinn (gaman að vita hver útkoman verður).

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



Úrvalstilraunir með búfé og tilraunadýr – 2. hluti

Í fyrstu greininni var byrjað að segja frá atriðum úr grein skoska kynbótafræðingsins W.G. Hill um **úrvalstilraunir með búfé og tilraunadýr**. Þar flokkar hann slíkar tilraunir í skammtíma- og langtímatilraunir.

Tilraunirnar flokkar hann síðan í á annan tug flokka eftir eðli þeirra. Hér verður lokið við endursögn greinarinnar og í framhaldinu gefið yfirlit um þær rannsóknir og athuganir sem unnar hafa verið með íslenskt búfé og sótt hugmynda-grunn í mismunandi flokka úrvals-tilrauna.

Langtímatilraunir og ræktun

Langtímatilraunir sem nánast eingöngu ná til tilraunadýra hafa snúið meira að fræðilegum atriðum. Hill bendir á að jafnvel umfangsmestu þannig tilraunir sem staðið hafa í yfir 50 kynslóðir dugi ekki til að greina ákveðið á milli mismunandi grunnlíkana um áhrif genanna.

Mjög vel hefur í ýmsum tilraunum tekist að sýna fram á hve takmörkun á stærð úrvalshópanna getur mikið dregið úr úrvalssvörum. Þá bendir hann að úrvalstilraunir hafi verið eini möguleikinn til skamms tíma til að sýna fram á að stökkbreytingar skipti máli í langtímaræktun til að viðhalda úrvalsbreytileika. Tilraunum hefur gengið bölvánlega að greina úrvalsmörk eiginleika jafnvel eftir úrval í hundruð kynslóða. Þó að úrvalssvörum hafi einstaka sinnum stöðvaðs í slíkum langtímatilraunum er það miklu oftast skýrt með áhrifum samhliða breytinga sem orðið hafa í eiginleikum sem snúa að endurnýjun í stofninum en að erfðabreytileikinn í valda eiginleikanum hafi verið þurrausinn. Ég legg áherslu á að sú meginályktun, sem skiptir máli gagnvart hagnýtu búfjárræktarstarfi, að það kunni að draga úr mikilvægi þess vegna minnkandi úrvalssvörunar í ræktunarstarfinu er hreint úti hött. Í litlum erfðahópum er þrenging erfðabreytileikans að nokkru leyti tilkomin vegna lítillar stofnstærðar sem leiðir bæði til aukinnar skyldleikaræktar í stofninum og meiri hættu á áhrifum af genflökti. Hér er mikil þörf til aukinna rannsókna á íslensku búfé. Vegna hinnar löngu og einstöku ræktunarsögu er áreiðanlega fyrir hendi ýmis sérstaða í erfðaeini hjá því. Það hefur að auki farið í gegnum enn þrengri flöskuhálsa en flestir aðrir búfjárstofnar. Þær litlu rannsóknir sem enn má finna um skyldleikahagnun hjá íslensku búfé gefa vissar vísbendingar um að hún sé hlutfallslega minni en hjá mörgum öðrum erlendum búfjárstofnum. Þetta þarf að skoða miklu nánar. Ég vil skýra þetta með því að vegna ræktunarsögunnar séu íslensku búfjárstofnarnir betur hreinsaðir af deydandi og hálfdeydandi genum en á við um mörg sambærileg erlend búfjárkyn. Skyldleikarækt hjá sauðfé held ég sé fjarstaða að óttast. Í nautgriparæktinni held ég einnig að ástæða hefði verið til að skoða betur áhrif skyldleikaræktar í stofninum áður en ákveðið var að draga verulega úr úrvalsstyrk til að draga úr skyldleikaræktaraukningu. Ég bið menn samt að taka eftir að með þessu er alls ekki mælt með skyldleikarækt sem ræktunaraðferð. Það mun ég aldrei gera.

Hlustum áfram á Hill

Hill veltir fyrir sér frekari lærdómi frá úrvalstilraunum. Ávallt sé nauðsynlegt að huga vel að samhliða breytingum í aðlögunareiginleikum. Ég tel t.d. þetta atriði sem að alltof lengi var horft framhjá í sambandi við tengsl afkastagetu og frjósemi hjá nautgripum í sumum löndum. Þar hefði meiri aðgætni á stundum geta forðað nánast útafakstri.



Alan Robertsson í Edinborg var einn allra þekktasti búfjárkynbótafræðingur allra tíma. Í byrjun árs 1950 þróaði hann aðferðafræði fyrir dreifðar afkvæmarannsóknir hjá mjólkurkúm sem enn eru burðarás kynbótastarfs í þeirri grein. Síðar þróaði hann ýmsar af þekktustu kenningum búfjárerfðafræðinnar sem notaðar eru um allan heim í dag. Mestum tíma sínum varði hann samt til tilrauna með tilraunadýr og var stundum talinn mesti flugnateljari heimsins þar sem hann vann með bananafflugur í tilraunum sínum. Hann og Hill voru nánir samstarfsmenn um áratuga skeið og þegar hann féll frá tók Hill við starfi hans. Skrif Robertson einkennast af einstaklega skýrri framsetningu atriða og einstakri innsýn á samband hluta í náttúrunni.

Meginniðurstaða úr samanburði á mismunandi ræktunaraðferðum er ef til vill að fyrir eiginleika með sæmilega hátt arfgeni er oftast árangurríkast að byggja á beinu einstaklings- og ætternisvali enn flóknara ræktunarskipulagi sem leiðir af sér meiri skyldleikarækt og lengir ættlíðabilið.

Ótalmargar úrvalstilraunir með búfé hafa oft fremur verið sýnikennsla í áhrifum úrvals hjá viðkomandi búfjárstofni en hafa samt um leið rækilega fært sönnur á þá nánast ótæmandi möguleika til erfðafráfarar sem búa í flestum búfjárstofnunum. Flest dæmin sem Hill ræðir eru úr tilraunum með hænsemi sem ég nenni ekki að rekja en hann nefnir samt Langhill tilraunina með mjólkurkúr sem ég hef alloft rætt áður í landbúnaðarritum og aðeins verður víkið að síðar. Hann segir hana að lokum hafa dugað til að ryðja braut nútíma ræktunarhugsun í breskri mjólkurframleiðslu.

Hill bendir á að úrvalstilraunirnar hafi á tíðum verið ákaflega verðmætar til að gera sér grein fyrir mögulegum samhliða breytingum í eiginleikum sem ill- eða ómögulegt er að mæla hjá einstaklingum í hagnýtu ræktunarstarfi. Þá hafi úrvalshópar margir orðið ómetanlegir þegar erfðatæknin kom til sögunnar í byrjun með leit að merkingum (QTL) sem fjölmörg voru greind fyrst í slíkum erfðahópum. Líklega er hópur slíkra stórvirkra gena sem áhrif hafa á frjósemi hjá sauðfé stærsti flokkur sem þannig má benda á.

Í framhaldinu ræðir Hill um megináhrif úrvalstilrauna á hagnýtt ræktunarstarf sem er ákaflega skemmtilegur texti sem ekki verður rakin hér. Hann bendir samt á að sumir áhrifamestu þættirnir um ræktunarframkvæmd hafi þróast á grunni tölfraðinnar. Í þessu sambandi er ástæða til að nefna ræktunarahópa sem mikið var gert í að safna saman úr stórum ræktunarheildum og í framhaldi af því ræktunarkjarnar (oft á grunni MOET (fósturvísaf lutninga)) sérstaklega hjá mjólkurkúm og orðið burðarás ræktunarstarfs í sumum löndum. Að þessu verður frekar víkið síðar.

Lokaorð Hill

Hill endar grein sína á fræðilegum kafla um framtíðarhlutverk úrval-

stilrauna. Það er mikið fræðileg umræða sem ekki er ástæða til að rekja hér. Hann telur að slíkar tilraunir hafi skilað sínu hlutverki með ágætum en tími þeirra sé liðinn. Mikilvægt sé samt að varðveita marga úrvalshópa sem er að finna vegna frekari rannsókna. Hann bendir á að kostnaður við slíkar tilraunir sé orðinn það mikill, ekki síst vegna aukinna krafna um meðferð dýra, að þær keppi ekki lengur við nýjar aðferðir.

Þar er það einkum tvennt sem hann telur til. Mikla þróun í reikniliðkönum og reikniaðferðum á þessu sviði með sífellt meiri reiknigetu hjá tölvum samhliða því að gagnagrunnar búfjárræktarinnar verði umfangsmeiri og vandaðri með hverju ári. Í öðru lagi gríðarlega þróun í erfðatækni með tilkomu sífellt nákvæmari greiningar á erfðamengi fleiri og fleiri búfjártegunda. Þetta tengist að sjálfsögðu fyrri þættinum. Hann segir að enn sé feikimikið gap í þekkingu á uppbyggingu erfðaáhrifa í smáatriðum, hver er dreifing slíkra genaáhrifa og hvert er samspil þeirra á milli, hvað gera genin í raun? Fáist betri svör um þetta verður það vegna framþróunar í erfðatækni og tölfræði en ekki með nýjum úrvalstilraunum.

Hér hafa nokkrir punktar verið raktir úr umræddu erindi Hill en mjög stíklað á stóru og bendi ég öllum sem lesa enskan texta á að lesa sjálfir grein hans sem er hreint konfekt. Í framhaldi verður fjallað stuttlega um nokkur atriði úr íslenskri búfjárrækt sem hafa sótt hugmyndir til þeirra tilrauna sem að framan eru ræddar. Beinir úrvalstilraunir eru með öllu óþekktar í íslenskri búfjárræktarsögu.

Ræktunarkjarninn á Stóra-Ármóti

Í nautgriparæktinni er líklega aðeins eitt dæmi sem mögulegt er að tina til. Það er ræktunarkjarninn á Stóra-Ármóti. Þarna átti að koma upp ræktunarkjarna með úrvalsættuðum kvígum af öllu landinu og nota fósturvísaf lutninga til að hraða erfðaframförum.

Um upphaf þessa starfs má lesa nánar í 10. árgangi Nautgriparæktarinnar árið 1993 í grein sem Sveinn Sigurmundsson og Gunnar Ríkhartsson skrifa. Byggði þetta á hugmyndum sem ég hafði í samvinnu við Svein þróað og byggði á lestri mína um ýmsa MOET kjarna víða erlendis sem þá spruttu eins og mý á mykjuskán í nautgripakynjum um allan heim. Ræktunarkjarninn var til í rúman áratug en varð aldrei mikill að umfangi. Nokkrir fósturvísaf lutningar voru gerðir með breytilegum árangri á þessum árum. Örfá naut úr honum komu til nota í ræktunarstarfinu og munu hafa staðið sig bærilega þar. Enn munu finnast allmargir frystir fósturvísar úr þessu verkefni. Þetta varð samt aldrei einn tímamótaþaunarburður í ræktunarstarfinu og nánast trénaðist upp í okkar höndum. Upp á okkur gömlu karlana (mig og Svein) stendur samt ennþá að gera einhverja endanlega grein fyrir þessu verkefni.

Hestsbúið

Í sauðfjárræktinni eru aftur á móti allnokkur dæmi sem auðvelt er að rekja hugmyndaheim að baki til þess sem fjallað er um hér að framan. Þar varðar að sjálfsögðu mestu að Stefán Aðalsteinsson sem var um 1960 tvímælalaust lærðasti kynbótafræðingur hér á landi sat í sínu doktorsnámi nánast við fót-skör Alan Robertson og hafði að auki áður sótt til hans í námi. Og ekki skorti Stefán hugmyndaríki, fremur að hann keyrði framúr sér í þeim efnun.

Á þessum árum var aðal tilraunaaðstaða Stefáns fyrst og fremst á Hesti. Haustið 1957 hófu Halldór Pálsson og hann tilraunirnar með þróun aðferðarfræði við afkvæmarannsóknir á hrútum sem í dag er litið á sem afkvæmarannsóknirnar á Hesti. Munum samt að þetta byrjar sem tilraunaverkefni. Þar er um 1960 farið að setja á svokallaða tilviljunarhrúta sem áreiðanlega eru hugsaðir sem einhver hluti úr úrvalstilraun. Mér hefur því miður hvergi tekist að hafa upp á þessari tilraunálýsingu. Halldór og/ eða Stefán skrifuðu aldrei um þetta og voru fallnir frá þegar mér var tilurð þessarar tilraunar ljós. Sveinn Hallgrímsson og Einar Gíslason, sem báðir voru tengdir Hestbúinu á þessum árum, gátu ekki rifjað upp með vissu til hvers tilraunin var hafin. Ég hallast að því að hugsunin hafi tengst viðmiðunarhópi vegna afkvæmarannsóknanna en þeim strax verið ljóst að þetta gat ekki þjónað þeim tilgangi. Í framhaldi af þessu er aftur á móti farið að setja á svokallaða hálappa en það voru gripir sem beint voru valdir fyrir lengri legg. Annað fé á Hesti var hins vegar valið fyrir styttri legg. Þessi úrvalslína var ætíð aðeins fáar kindur og því hæpið að ræða þetta sem úrvalshóp. Hins vegar kom fljótt fram feikilega mikill munur þessara gripa og annars fjár á Hesti. Þessir tveir hópar gripa urðu síðar meginuppistaða í doktorsverkefni Sigurgeirs Þorgeirsonar árið 1981 sem rannsakaði margháttaðan vaxtarlíffræðilegan mun hópanna. Hálappatilraunin varð hins vegar snemma uppspretta heiftuðra ritdeilna á milli Stefáns Aðalsteinssonar og Einars E. Gíslasonar og fleiri af nánustu samverkamönnum Halldórs Pálssonar. Þetta leiddi af sér talsvert sundurlyndi milli marga sem framarlega stóðu í fjárræktarstarfinu en voru álaflaga ófrjóar umræður og það sem verst var íslenskri fjárrækt til skaða.

Val á alhvítu fé

Uppúr 1960 fær Stefán yfirráð með fé á nokkrum ríkisbúum. Það voru skólabúin á Hvanneyri og Hólum og tilraunastöðvarbúin á Reykhólum, Skriðuklaustri og Möðruvöllum, það síðasta að vísu verulega seinna. Strax var fjárstofn búanna að mestum hluta lagður undir úrval fyrir bættum ullargæðum. Ef til vill má segja þetta einu úrvalstilraun hér á landi. Strax í byrjun snúast tilraunir þessar um val á hreinhvítu (alhvítu) fé. Fjárstofninn var í byrjun ákaflega breytilegur á milli búanna að þessu leyti. Á Reykhólum var mikið af fé með þessu litarfari en fannst vart á Skriðuklaustri. Ég tel meig þekkja nokkuð til þessarar tilraunar þar sem ég vann af og til með Stefáni á þessum árum og vann alveg með honum að úrvinnslu á árangri tilraunanna. Þær úrvinnslur sýndu umtalsverðan árangur af þessu vali. Arfgengið var mjög hátt og þegar úrvalssvörum var skoðuð líktist hún mest að sárafáir erfðavísar væru í spiliinu. Það reyndist rétt. Stefán gerði eina af sínum hagnýtu uppgötvunum. Þessi eiginleiki stýrðist nær alfarið af einu erfðavísasæti, litasætinu (Sx), sem stýrir einlit tvíliti. Hreinhvíta féð er nánast undantekningarlaust arfhreint fyrir geninu fyrir tvíliti. Vegna þess að genið víkur alveg fyrir öðrum genum verða áhrif þess á litarmunur ekki greind (aðeins mögulegt að meta vegna þess að kindin er alhvít). Þessi ræktun hvatti bændur á vissum landsvæðum til hliðstæðrar ræktunar sérstaklega samt á svæðum með kollótt fé. Útbreiðsla á fé frá þessum tilraunabúum var hins vegar verulega takmörkuð nema

á Austurlandi frá Skriðuklaustri en meginhluti þess fjár féll í riðu-niðurskurðinum kringum 1990. Allmargir hrútar komu á sæðingastöðvarnar bæði frá Reykhólum og Skriðuklaustri. Áhrif þeirra urðu hins vegar hverfandi í ræktunarstarfinu. Hvanneyrarféð féll þegar fjárbúskapur var aflagður þar og þau urðu einnig örlög fjár á hinu skólabúinu, Hólum. Reykhólafénu var í byrjun viðhaldið af bóndanum sem tók við búrekstri þar þegar starfsemi tilraunastöðvarinnar hætti. Á Skriðuklaustri var úrvali úr stofninum bjargað að Freyshólum og flestir stöðvarhrútar frá Klaustri eru kenndir við þann bæ. Varðveisla þessa fjár varð hins vegar fljótt glórulaust dæmi og dró því hratt að því að moldin hirti leifarnar sem þarna voru í varðveislu. Það háði vissulega dreifingu á þessu fé að ræktun þess var aldrei felld sem skyldi að annarri fjárrækt í landinu. Niðurstaðan er því sú að öll bein ræktunaráhrif frá fé í þessari risamiklu ræktunartilraun eru nánast öll horfin.

Mismunandi litir í Hólafénu

Á skólabúinu á Hólum var Stefán með tveir fremur umfangslitlar tilraunir. Önnur sneri að því að rækta dekkri gráar kindur þannig að arfhreinu kindurnar væru ekki ljósgráar eins og oftast er.

Eingin endanleg uppgjör er að finna um þessa tilraun en þegar féð á Hólum féll var hluti fluttur að Möðruvöllum en þá voru komnir fram erfðagallar í hópnum þannig að þar varð hann útdauður. Einnhverju sinni skoðaði ég skyldleikarækt í þessum ræktunarhóp sem var fáránlega há. Hin tilraunin gekk út á að rækta upp þéttdropótt, flekkótt fé til framleiðslu á skrautgerum. Líkt og margir þekkja er flekkótt fé oft með dökkar doppur á hvíta hluta skroksins og mjög breytilegt á milli einstaklinga hve stórar og þéttar dropurnar eru. Fyrir þessu var valið í allstórum hópi af flekkóttu fé á Hólum. Aldrei fór heldur fram neitt endanlegt uppgjör á þessari tilraun en fyrirbyggjandi gögn sýna að úrvalssvörum var veruleg. Þetta fé féll algerlega þegar fjárbúskap var hætt á Hólum. Erfðagalli mun hafa borist í hópinn með aðfengnum hrúti.

Þokugenið kemur fram

Síðasta dæmið sem fella má að þessum dæmum eru marglemburnar á Skriðuklaustri. Eins og áður hefur komið fram blómstruðu víða um heim hugmyndir um að ná fram fljótt miklum erfðaframförum með að velja í ræktunarkjarna yfirburðagrip í viðkomandi eiginleika úr stórum erfðahópi og byrja síðan úrval innan þess hóps.

Við Stefán ákváðum að gerast stórir karlar með að koma upp slíkum kjarna marglembu-áa á Skriðuklaustri. Í minn hlut kom að velja lömb á stóru svæði í Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu og urðu ofurfrjósamar ær í Suðursveit fljótt margar í hópnum sem ég staðnæmdest við. Í dag er það auðskilið en þetta er örfáum árum áður en við uppgötum Þokugenið og slíkir stórvirkir erfðavísar voru þá hvergi enn til umræðu. Tilraunin skilaði að sjálfsögðu fljótt tilætluðum árangri vegna þess að við höfðum slæpst á að velja allmargar ær með Þokugenið. Þessu fé var öllu eytt við niðurskurð á Austurlandi allnokkru síðar. Mesta framlag þessa fjár til sauðfjárrannsókna var tvímælalaust verðmætar upplýsingar sem ærnar gáfu í rannsóknum hins ágæta Íra, Hanrahan, á egglosi hjá íslensku fé sem gerðar voru á þeim árum sem þetta fé var að finna á Klaustri.

Jón Viðar Jónmundsson
Ráðunautur hjá RML
jvj@bondi.is



Lausn á jólamyndagátu Bændablaðsins 2015

Jólamyndagáta Bændablaðsins 2015 var ansi snúin. Miðað við þann fjölda lausna sem bárust er greinilegt að víða um land leynast miklir snillingar í lesendahópi Bændablaðsins.

Stefán Vilhjálmsson, Þórunnarstræti 103, 600 Akureyri, er einn af þessum snillingum og lýsti hann raunum sínu í eftirfarandi vísu sem hann sendi blaðinu:

Lausn að finna létt ei var en lúmskt var að því gaman, þó víst það tæki á taugarnar að tosa henni saman.

Verður Stefáni send bók að launum

frá bókaforlaginu Sölku fyrir afrekið við að leysa gátuna. Aðrir sem dregnir voru úr innsendum lausnum og fá send bókaverðlaun eru:

- Fríða Eyjólfsdóttir**
Kirkjugötu 3
565 Hofsós
- Ása Valdimarsdóttir**
Esjubraut 31
300 Akranes

Bændablaðið þakkar öllum þeim sem sendu inn lausnir kærlega fyrir þátttökuna og óskar þeim velfarnaðar á nýbyrjuðu ári.

Lausn á barnamyndagátu

Fjöldi barna sendi inn lausn á Barnamyndagátunni að þessu sinni. Skemmtilegt er að þau eru bæði af íslenskum og erlendum uppruna.

Verða send bókaverðlaun frá Sölku til þriggja barna sem dregin voru úr pottinum. Þetta eru:

Aron Flavio Luciano
Seilugrandi 2
107 Reykjavík

Íshildur Rún Haraldsdóttir
650 Laugar Tröð

Sigurjón Torfi Sigurðarson
Lagarfelli 20
701 Egilsstöðum

Er öllum þeim fjölmörgu börnum sem sendu innlausn á myndagátunni þökkuguð þátttakan með von um að gæfan fylgi þeim á nýja árinu.

Lausnin er:
„Á hvað ertu að glápa eins og eldgömul sápa“



Á



HVAÐ



E



(J)RT



U



AÐ



GLÁPA



EINS



OG



ELDGÖMUL



SÁPA

SVELLKÖLD FROSTNÓTT Í LOK ÁGÚST LAGÐI STÓRAN HLUTA AF KORNI Á ÖKRUN Í EYJAFIRÐI AÐ VELLI

Ekki er gerður greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum, sem dæmi a og á né i og í.



SV



ELL



KÖ(S)



LD




FROST



NÓT



TÍ



LOKA



GÚST(A)



LAG



(Ú)ÐI



STÓR AN



HLUTA



A



F (O)K




(H)ORN Í Á



Ö(R)K



RUM Í EY



JAF(N)IR



Ð



I



AÐ



VEL



LI(N)

KROSSGÁTA Bændablaðsins



MYND: MARCIN KLAPCZYNSKI (CC BY-SA 3.0)

29	KLAUFA- LEĞUR	KÁL	HEIMTING	BOGI	GRIND		VAFI	LYKTAR	VERSLA	ÚT
ÓGREINI- LEIKI										
KONUNGUR						FLJÓTRÆÐI LÓ				
FÆÐA				SKÖNNUN BORÐA						
AFHENTIRU						STÆLA KAPÍTULI				
	ÁN REIÐI- HLJÓÐ				RUSL SAMTÖK					
SYSTUR- MAÐUR			ÞRÓTTUR	UNG- DÓMUR NÓTERA				RÁNDÝR	HARLA	SJÚK- DÓMUR
MARÐAR- DÝR				FLAT- ORMUR ÞAKBRÚN		ÍÞRÓTTA- FELAG SÆGUR				
		ÓNÁÐA TUNNUR				BIT GLÆSI- LEIKI				
MATJURT			SKORDÝR HRUMUR		RÆÐA MYNT					AUGN- SJÚK- DÓMUR
UM- HVERFIS			VÖRU- MERKI MÁLMUR		RISTIR HAGGA		SARG KÖTTUR			
ÓREGLA				STAMPUR DÁ			GJALD- MIDILL		MEIÐSLI	
FISKUR					STEFNA Á FÆTI			LEYFIST TVEIR EINS		
		HEILL					EINING			
ANGAN			STEIN- TEGUND				SKJÁLFA			

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



MYND: RYAN HODNETT (CC BY-SA 4.0)

28	GORM	MESSÍAS	SKOLLANS	TVEIR EINS	TRÉ		HRESS	BLANDAR	INN- HYERFUR	MJÖG
ÓÐÖNGUR	S	J	Á	L	F	H	E	L	D	A
KÜLU	P	E	R	L	U	SLEIT Á FLÍK	R	A	U	F
KJÆLA	Í	S	A	KRÆKLA SKRÁ	R	E	N	G	L	A
VANALEGG LEIÐ FÁLMA	R	Ú	N	T	U	R	EYRIR ÓTLIMUR	A	U	R
	V	ÁGÆTT TVEIR EINS	P	A	S	S	BRÁK SPIL	M	A	R
AF- HENDING	A	F	S	A	L	KYLIK- MYNDA- HUS	HOKKRIR ÁKERA	F	Á	I
ÞÝÐA- HLJÓÐ	T	Í	S	T	ELDS NÆR ÖLL	B	Á	L	S	M
ÓNEFNDUR	N	N	ÞÍÐA ÖRLÁTUR	A	F	Í	S	A	RÆSKJA SÍG KIRTIILL	H
HLÓDIR	S	T	Ó	FUGL KAPÍTULI	L	Ó	A	LJÓS SKJÓL- LAUS	B	I
	B	ATVIKAST HERÐA- KLUTUR	S	K	E	ÖGN	K	O	R	N
SPERGILL	A	S	P	A	S	SPENDÝR FUGL	A	P	I	FÓSTRA VELGJA
BLADRA	K	J	A	F	T	STEFNA UTAN	I	S	M	I
MANNS- NAFN	K	A	R	L	GYÐJA	R	Á	N	ÞÓTT- TAKANDI	A
RÖMVERSK TALA	I	L	ELJU- SAMUR	I	Ð	I	N	N	UNGERÐ	R

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Við kynntumst á Hvanneyri 1982 og útskrifuðumst 1983. Anna er frá Holti í Flóa og Sigurður héðan frá Hörgslandi.

Þegar við komum inn í búskapinn 1984 bjuggu hér Róshildur og Jakob, amma og afi Sigurðar, ásamt Ólafíu og Kristni, foreldrum hans. Við tókum við öllu búinu í kringum 2000. Fluttum í okkar íbúðarhús og settum haugkjallara í fjárhúsið og hlöðuna 1993 og gátum þá haft allt féð heima, vorum að gefa í fjórum húsum áður.

Býli: Hörgsland 2.

Staðsett í sveit: Á Austur-Síðu í Skaftárhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Ábúendur: Anna Harðardóttir og Sigurður Kristinsson.

Fjölskyldustærð (og gæludýr): Við eigum tvær dætur, Elínu, 31 árs og Láru, 27 ára, þær búa í Reykjavík, og einn son, Atla 23 ára, sem býr hjá okkur og vinnur á Klaustri með rafvirkjanum og tekur einnig þátt í búskapnum. Svo eru á bænum smalahundarnir Píla, Vala og Hössi.

Stærð jarðar: Nær suður í sjó og inn að hálendislinu ríkisins, ekki vítað hve stór í ha.

Gerð bús: Sauðfjárbú.


Fjöldi búfjár og tegundir: 501 kind og 21 hross.



Öskumökkur rýkur upp úr túninu þegar féð hleypur eftir gos 2011.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Núna er fengitímanum að ljúka, það eru gegningar tvisvar á dag, síðan er snoðrúningur, sauðburður, flagvinna og áburðardreifing, heyskapur, keyra út skít, smalamennskur, fjárag og haustrúningur. Svo þarf að hreyfa hrossin en þau eru notuð við smalamennskur og í skemmtiferðir og svo er eitt og eitt selt.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Allt skemmtilegt þegar vel gengur og viðrar vel, en þríf eftir sauðburð og að tjasla saman gömlum girðingum njóta minnstu vinsælda.



Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Sjáum ekki að það verði neinar stórbreytingar en er ekki markmiðið að gera betur?

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Mætti sjálfsagt vera almennari þátttaka.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Okkur finnst allar forsendur fyrir því að hann ætti að geta gengið vel, tölum nú ekki um ef reynt væri að koma afurðunum í alla þessa túrista sem flæða yfir landið. Svo vonum við að næsti búvörusam-

ingur verði til bóta fyrir bændur en verði ekki greiðslur til þeirra sem hafa verið að kaupa jarðir út um allt land og eru kannski orðnar í eigu bankanna. Þetta fólk er ekki að lifa á landbúnaði.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Hreinleiki og gæði búvara fyrst og fremst og nota það til markaðssetningar á lúxusvörum.

Hvað er alltaf til í ísskápnunum? Mjólk, skyr, ostur, egg og álegg, lambakjötið í frystinum.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Grillað lamb, linkind (er

í ofninum í 3–4 tíma) og heimareykta hangikjötið.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Það er án efa að upplifa svartamyrkur um hábjartan dag í Grímsvatnagosinu sem byrjaði 20. maí 2011. Heyra lambféð jarma einhvers staðar úti í myrkrunu og geta ekkert gert. Urðum að keyra allt fé heim og lemba – taka ærnar úr sem urðu blindar (í þrjár vikur) eftir að askan „pússaði“ sjónhimmuna í þeim og gefa meira hey út um öll tún þar sem það var nánast haglaust. Sem betur fer eru vatnssuppsprettur í túninu því allt vatn í lækjum og ám varð ódrekkandi.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Smjörböððuð nautasteik og ljúffeng jarðarber í skammdeginu

Áður en lesendur demba sér í þorramatinn er upplagt að gæða sér á ljúffengri nautasteik. Smjörböðuð ribeyesteik er ómótstæðileg en galdurinn er að elda kjötið rétt. Afbrigði af béarnaise-sósu með kjótkrafti ættu allir að kynna sér.

Tómatar, basil og mozzarellaostur ásamt ólífulíu á brauði er klassik og kjörinn snittubiti. En það má líka nota ýmsa hvítmygluosta og taka sultuna á nýtt plan með því að nota fersk jarðarber með balsamic-ediki, til að fá jafnvægi á sýru og sætu. Það er hægt að meðhöndla jarðarber mikið eins og tómata með ediki, ólífulíu, salti og pipar. Og smá ferskt hakkað basil er punkturinn yfir i-ið.

Í lokin er lítil uppskrift að jarðarberjabollaköku sem fljótlegt er að laga í örbylgjuofni.

Smjörböðuð nautasteik

- › Nautakjöt, ribeye, skorið í steikur
- › 300 g smjör
- › 2 hvítlauksgeirar
